

**SKOÐUN** Stefán H. Jónsson spyr hvort við höfum efni á að selja áfengi í matvöruverslunum. 16



**LÍFIÐ** Listakonan Kitty-Von Sometime hefur lokið við persónulegasta myndbandið sitt hingað til. 30



**SPORT** U21 árs landsliðið spilar gríðarlega mikilvægan leik við Dani á Laugardalsvelli í kvöld. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Priðjudagur
14. október 2014
241. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




**GUÐDÓMLEGUR GYLFI** Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörk Íslands í sögulegum sigri á Hollendingum í Laugardalnum í gær. Þetta var fyrsti sigur Íslands á Hollandi í þrettán leikjum, en Ísland er nú á toppi A-riðilsins með níu stig, eða fullt hús, og markatöluna 8-0. Bronslið HM í Brasilíu í sumar fann engin svör gegn firnasterkri vörn íslenska liðsins sem hefur líklega aldrei spilað betur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Strákarnir taplausir í toppsæti

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu vann sögulegan sigur á Hollandi, 2-0, í þriðja leik liðsins í undankeppni EM 2016. Leiðin til Frakklands er nú mun greiðfærari eftir magnaða frammistöðu strákanna á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Gylfi Þór skoraði bæði mörkin.

**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í karlalandsliðinu í knattspynu eru í ótrúlegri stöðu í A-riðli undankeppni EM 2016 eftir magnaðan sigur á Hollandi, 2-0, á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Eftir þrjá leiki er íslenska liðið með níu stig eða fullt hús, búið að skora átta mörk en hefur ekki fengið á sig eitt einasta.

Gylfi Þór Sigurðsson heldur áfram að fara á kostum í undankeppninni, en hann skoraði bæði mörkin í gærkvöldi. Það fyrra setti hann á tíundu mínútu úr vítaspyrnu, en það síðara kom með bylmingsskoti úr teignum eftir horn.

„Ég æfi þetta á hverjum degi þannig að þegar þetta gerist er maður pollrólegur," sagði Gylfi Þór um vítaspyrnuna og hrósaði um leið varnarleik Íslands:

„Liðin sem koma hingað eru ekki að skapa mörg færi," segir Gylfi.

Leiðin til Frakklands er ansi greiðfær þessa stundina þegar litið er á stigatöfluna, en þar er íslenska liðið í efsta sæti eftir þrjár umferðir með betri markatölu en Tékkar. - tom

**8-0**

Markatala íslenska liðsins í A-riðli undankeppninnar þar sem strákarnir okkar eru á toppnum.






Stærstur hluti kostnaðar í heilbrigðiskerfinu vegna langvinnra lífsstílssjúkdóma:

## Eitt prósent í beinar forvarnir

**HEILBRIGÐISMÁL** Af þeim tæplega 70 milljörðum sem varið er til heilbrigðiskerfisins á Íslandi er aðeins einu prósenti varið til beinna forvarna utan heilsugæslunnar – sem er þrisvar sinnum lægra en meðaltal Evrópuþjóða. Þetta skýtur skökku við þar sem stærsti hluti kostnaðar í heilbrigðiskerfinu á rætur að rekja til afleiðinga langvinna lífsstílstengdra sjúkdóma.

Á þetta bendir Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, og bætir við að stærsta verkefni íslenska heilbrigðiskerfisins sé að takast á við afleiðingar lífsstílssjúkdóma – sjúkdóma sem hægt er að draga stórlega úr með markvissri forvarnastefnu.

Séu opinberar tölur brotnar niður þýðir þetta að 1.600 krónur á hvern landsmann fara árlega til beinna forvarna, um 63.000 krónur til heilsugæslunnar, og um 133.000 krónur til sjúkrahúsanna. - shá / sjá síða 8

**1.600** krónur á hvern landsmann fara í forvarnir árlega.






**FRÉTTIR**

**Sögufrægt í hættu** Þekktasta hús Stöðvarfjarðar glatast ef fjársöfnun fyrir menningartengdri ferðaþjónustu gengur illa. 2



**Vilja mótvægisaðgerðir** Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja óraunhæft að gera ráð fyrir 745 krónum á dag í mat. 4



**2 SÉRBLÖÐ**
VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR | FÓLK





50.000 MARKMIÐ
UM 42.000 SELDAR SLAUFUR
AÐEINS 2 DAGAR EFTIR Í SÖLU
BLEIKA SLAUFAN

## SPURNING DAGSINS



Kristinn, er þetta stjörnugalið lið?

**„Það er gott að ferðamennirnir sjá ljósið í myrkrinu.“**

Kristinn Bjarnason, formaður atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar, segir hættu skapast þegar hópferðabílar stoppi á miðjum þjóðvegum til að hleypa farþegunum út að horfa á norðurljósin.

Samkvæmt könnun sem gerð var meðal nema í heilbrigðisvísindum vill meirihlutinn flytja til útlanda:

# Fáir nemar vilja vinna á Landspítalanum

**HEILBRIGÐISMÁL** Einungis 17 prósent af nemendum Háskóla Íslands í heilbrigðisvísindum sjá Landspítalann fyrir sér sem sinn framtíðarvinnustað samkvæmt nýrri könnun meðal nemenda sem leggja stund á heilbrigðisvísindi.

„Óánægja fólks beinist að slæmum kjörum að loknu námi og slæmri vinnuaðstöðu,“ segir Margrét Unnarsdóttir, formaður sviðsráðs heilbrigðisvísindasviðs.

Könnunin var send 364 nemendum á næstsíðasta og síðasta ári í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, geislafræði, lyfjafræði og sjúkraþjálfun. Svarhlutfallið var um 70 prósent. Samkvæmt könnuninni íhuga 52 prósent að flytja til útlanda eftir nám og einungis sjö prósent nemenda segjast hafa jákvætt viðhorf til heilbrigðismála á Íslandi.

„Þessar niðurstöður gefa til kynna hættulega þróun og ef ekki er brugðist við þá er framtíð íslensks heilbrigðiskerfis í hættu,“ segir Margrét.

Niðurstöðurnar nú eru mjög svipaðar og í sambærilegri könnun sem gerð var í fyrra.

Margrét segir að eftir hana hafi kjör nemenda verið bætt með því að niðurgreiða mat fyrir þá í mötuneyti Landspítalans og búið sé að koma á föstu skipulagi á bólusetningar nema í starfsnámi.

„Nemendur eru almennt mjög ánægðir með þær breytingar en ástandið á Landspítalanum er það slæmt að það nægir ekki til þess að bæta framtíðarsýn nemenda.“ - jme



**„Þessar niðurstöður gefa til kynna hættulega þróun og ef ekki er brugðist við þá er framtíð íslensks heilbrigðiskerfis í hættu.**

*Margrét Unnarsdóttir.*



**FYRIR UTAN HÚSIÐ** Heilbrigðisstarfsmenn voru sendir á heimili smitaða hjúkrunarfræðingsins. NORDICPHOTOS/AFP

Smitaðist af ebólu þrátt fyrir varúðarráðstafanir:

# Obama vill herða verklagsreglur

**EBÓLA Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur kallað eftir því að yfirvöld tryggi enn frekar viðbúnað heilbrigðisstarfsmanna þegar kemur að meðferð sjúklings sem greinst hefur með ebólu. Skipunin kemur í kjölfar þess að annar aðili í Bandaríkjunum hefur nú smitast af veirunni en hún var hjúkrunarkona Thomas Erics Duncan, fyrsta ebólusjúklingsins í Bandaríkjunum. Duncan lést á miðvikudag á spítala í Texas.**

**Málið hefur vakið óhug þar sem spítalinn fullyrðir að hjúkrunarkonan hafi fylgt öllum varúðarráðstöfunum og verið alklædd í sérstakan heilgalla til varnar smiti.**

**Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna rannsakar nú hvort verklagsreglur hafi verið brotnar þegar Duncan kom á spítalann og hefur Obama beðið stofnunina um að hraða rannsókninni eins og mögulegt er.** - nej

93% makríls veidd hér:

# Minni síldveiði en í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenskra skipa á norsk-íslenskri síld á fyrstu átta mánuðum ársins er töluvert minni en hann var á sama tíma í fyrra. Nú hefur verið landað 9.626 tonnum en á sama tíma í fyrra var aflinn 25.598 tonn.

Íslensk skip hafa veitt 134.325 tonn af makríl á þessu tímabili og var tæpra 125 þúsund tonna aflað í íslenskri lögsögu eða 93% aflans. Tæp 10.000 tonn veiddust í grænlenskri lögsögu. Veiðarnar þar eru undir stjórn Grænlendinga með samningum viðkomandi skipa við grænlenskar útgerðir. - shá

Öll lón full eða að fyllast:

# Lélegt vatnsár að baki hjá LV

**ORKUMÁL** Vatnsbúskapur Landsvirkjunar er góður eftir hagstætt tíðarfar í september. Hálslón og Blöndulón hafa verið full frá september og vatn runnið þar á yfirfalli. Þórisvatn vantaði aðeins 70 sentímetra til verða fullt í lok síðustu viku.

Hjá Landsvirkjun hefst svokallað vatnsár þann 1. október þegar miðlunarlón eru að jafnaði full eða í hæstu stöðu, og lýkur ári síðar þann 30. september. Í heildina ráðar vatnsárið 2013-2014 sér í hóp lélegra vatnsára á öllum svæðum nema á Austurlandi, en skýringin er sú að rigningar í sumar voru bundnar við láglendið. - shá

# Leitast við að bjarga frægu samkomuhúsi

Hópur velunnara Stöðvarfjarðar hefur ýtt úr vör söfnun á Karolina Fund til að bjarga sögufrægasta húsinu í þorpinu. Ætlunin er að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu. Gefi söfnunin ekki það sem að er stefnt er húsið glatað.

**MENNING** Hópur einstaklinga gerir nú lokatilraun til að bjarga einu elsta og sögufrægasta húsi Stöðvarfjarðar, með það fyrir augum að byggja þar upp menningartengda ferðaþjónustu. Draumurinn stendur þó og fellur með fjársöfnun sem ýtt hefur verið úr vör í gegnum hópfjármögnunarsíðuna Karolina Fund. Stefnan er að byggja upp miðstöð þokurannsókna, sagna úr lífi og leik Íslendinga er tengjast þokunni og fróðleik um þoku, eðli hennar og áhrif. Hópurinn vill, vegna tenginga innan hópsins við Stöðvarfjörð, helst að starfsemin – Þokusetur – byggist þar upp.

„Samkomuhúsið er ekki bara eitthvert hús, það geymir sögu staðarins. Það eru fá gömul hús eftir á Stöðvarfirði, því flest hafa þau verið rifin. Ef samkomuhúsið hverfur líka, mun saga þorpsins að stórum hluta gera það líka,“ segir Ívar Ingimarsson, athafnamaður og einn forsvarsmanna verkefnisins. Hann bætir við að húsið sé í mikilli niðurníðslu og enginn sómi að því eins og það er nú.

„Að gera húsið upp kostar peninga. Við sem höfum verið að vinna í þessu höfum látið hanna sýningu fyrir húsið, fengið gerða kostnaðaráætlun til að gera húsið upp að innan og utan og núna er komið að því að láta reyna á fjármögnun,“ segir Ívar og bætir við að náist fjármagn ekki til verkefnisins sé því sjálfhætt og af uppbyggingunni verði ekki.

Takmarkið er að safna 15 milljónum króna til að koma sýningu í húsinu upp, sem er reyndar hærri upphæð en áður hefur verið reynt að safna í gegnum Karolina Fund.

Því nær ákall hópsins til allra sem unna firðinum enda ljóst að án samstillts átaks nær það ekki flugi. Austurbrú aðstoðar hópinn og samið hefur verið við kvikmyndagerðarmenn og ljósmyndara til að vinna kynningarefnið. Eins er mjög horft til sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, sem Stöðvarfjörður er hluti af.

„Við höfum talað við Fjarðabyggð og það hefur verið vel tekið í erindi okkar,“ segir Ívar en engin ákvörðun hefur verið tekin um framlög. Það sem stendur upp á Fjarðabyggð er að leggja 23 milljónir króna í endurbætur og viðgerðir á húsinu að utan sem innan. Fyrirkomulagið sem hópurinn hefur lagt upp með er hins vegar að sveitarfélagið eigi húsið áfram, en Þokusetrið myndi borga leigu. svavar@frettabladid.is



**SAMKOMUHÚSIÐ** Kostnaður við uppbyggingu og sýningu Þokuseturs er áætlaður 38 milljónir. MYND/ÍVARINGIMARSSON

## Byggt í sjálfboðavinnu fyrir seinna stríð

Samkomuhúsið, sem var reist í sjálfboðavinnu ungmennafélagsins á síðustu öld, er farið að láta mjög á sjá og þarfnast gagngerrar viðgerðar að utan sem innan. Þetta er steinsteypt hús á áberandi stað í þorpinu, hæð og kjallari, um 190 fermetrar að stærð. Húsið er nýtt sem félagsmiðstöð unglinga á staðnum, og yrði það áfram yfir veturinn, en Þokusetrið hefði húsið til umráða yfir sumartímann.

Á aðalhæð hússins er samkomusalur, um 75 fermetrar, sem yrði aðalsýningarsalur Þokusetursins. Upphækkað leiksvið er í öðrum enda salarins, um 40 fermetrar, og gæti nýst sem kaffihús. Upphækkun með inngangi er í hinum enda salarins, um 40 fermetrar, og gæti nýst að hluta til sýningahalds. Væntanlega þarf að byggja um 25 fermetra viðbyggingu við norðurhlið hússins fyrir nýjan inngang og snyrtingar til að standast kröfur um aðgengi.

Rannveig Rist mætti ekki við þingfestingu og lýsti því ekki afstöðu sinni:

# Neituðu sök í SPRON-málinu

**DÓMSMÁL** Þingfesting í máli Sérstaks saksóknara á hendur fyrrverandi forstjóra SPRON og fjórum stjórnarmönnum SPRON fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Guðmundur Örn Hauksson, fyrrverandi forstjóri SPRON, og stjórnarmennirnir Margrét Guðmundsdóttir og Ari Bergmann Einarsson lýstu yfir sakleysi sínu en Rannveig Rist og Jóhann Ásgeir Baldurs mættu ekki við þingfestingu málsins en þau koma til með að lýsa afstöðu sinni 29. október næstkomandi.

Þeim er gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína hjá sparisjóðnum og stefnt fé hans í verulega hættu með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga.

Í ákærunni segir að brot þeirra sé stórfellt en málið snýr að tveggja milljarða lánveitingu sparisjóðsins til Existu skömmu fyrir hrun, eða 30. september 2008. Þar segir jafnframt að full ástæða hafi verið fyrir meðlimi stjórnarinnar að fara varlega við ákvörðun sína og og fara eftir öllum reglum vegna slíkra lánveitinga, ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem upp var komin á fjármálamörkuðum á þessum tíma. - sks



**SEGIST SAKLAUS** Guðmundur Örn Hauksson, fyrrverandi forstjóri SPRON, sagðist saklaus við þingfestingu málsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Vinnustaðaúttekt og líkamsbeiting**

Vinnustaðaúttekt sjúkraþjálfara felur í sér kerfisbundna athugun á vinnuumhverfi þar sem blandað er saman greiningu á aðstæðum, fræðslu til starfsfólks og ráðgjöf til stjórnenda.

Vinnuvernd ehf. sinnir einnig fræðslu um líkamsbeitingu á vinnustöðum í ólíkum starfsgreinum.

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is

VINNUVERNDehf
vellíðan í vinnu

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 2.590.000 KR.

**Ford Focus** Titanium STW SUP15
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.890.000 kr.

AFSLÁTTUR: 260.000 KR.



TILBOÐ: 2.090.000 KR.

**Citroën C4** Comfort LNZ23
Skráður maí 2013, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.350.000 kr.

AFSLÁTTUR: 360.000 KR.



TILBOÐ: 3.890.000 KR.

**Ford Kuga** Titanium S FKY75
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 81.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 4.250.000 kr.



VERÐ: 4.590.000 KR.

**Ford Mondeo Titanium STW** HBY32
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 22.000 km. Litur: Grár

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

## ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með **lægri eyðslu** og **minna viðhaldi** og eru jafnframt **öruggari.** Skoðaðu úrval nýlegra bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
**notadir.brimborg.is**

## LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði. **Nýlegir** bílaleigubílar eru af nýjustu gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014) en fást á **lægra verði.**

**Hafðu samband við ráðgjafa** og við gerum þér frábært tilboð.

**Nýttu tækifærið!**

## LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður einstaklingum **sérkjör á fjármögnun** við kaup á nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- Engin lántökugjöld í október
- Hagstæðari kjör
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 80% fjármögnun

Brimborg tekur allar tegundir bíla upp í. Hagstætt uppítökuverð.

KOMDU NÚNA

AFSLÁTTUR: 500.000 KR.



TILBOÐ: 6.380.000 KR.

**Ford Explorer** Limited 4x4 TGX72
Skráður maí 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 93.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 6.880.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 1.090.000 KR.

**Citroën C1** SX GPU11
Skráður apríl 2012, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 1.290.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 2.490.000 KR.

**Ford Mondeo** Trend DBU65
Skráður maí 2011, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 78.000 km. Litur: Grár
Ásett verð: 2.790.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 1.150.000 KR.

**Ford Ka** Trend UUL33
Skráður maí 2013, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 64.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 1.350.000 kr.



VERÐ: 2.440.000 KR.

**Ford Fiesta** Trend PIX52
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: Brúnn

AFSLÁTTUR: 430.000 KR.



TILBOÐ: 3.890.000 KR.

**Ford Kuga** Titanium S JJF07
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: Brúnn
Ásett verð: 4.320.000 kr.

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 3.350.000 KR.

**Mazda6** Vision VAD41
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 75.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 3.550.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

FINNDU BÍLINN ÞINN HÉR

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar – Brimborg

FYLGSTU MEÐ NÝJUSTU TILBOÐUNUM

50 ár í bílgreininni

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

## SVONA ERUM VIÐ



**109** **svæði höfðu verið friðlýst árið 2012 og náðu yfir rúmlega 18.000 ferkílómetra.**

**1973 voru þau 18 og 787 ferkílómetrar.**

Stefnu stjórnvalda að stöðva ofbeldi í Xinjiang-héraði í Kína fylgt af hörku:

# Tólf manns dæmdir til dauða

**KÍNA** Tólf einstaklingar voru dæmdir til dauða í Kína í gær vegna aðildar sinnar að árás í júlí sem dró 96 manns til dauða.

Dómarnir eru hluti af eindreginni stefnu stjórnvalda um að brjóta á bak aftur ofbeldi í Xinjiang-héraði en þar hefur ríkt ófriður um árabil.

Allar fréttir af árásinni koma frá kínverskum miðlum. Greg Fay, sem stýrir mannréttindaverkefni í Xinjiang frá Washington-ríki, sagði í samtali við fréttastofu Al Jazeera í júlí þar af leiðandi erfitt að staðfesta frásögnina af atburðinum. Árásin í júlí er sögð hafa verið hryðjuverkaárás en henni var beint að lögreglustöð og létust 37 borgarar af völdum hennar og 59 árásarmenn. Hún átti sér stað í Shache-sýslu í vesturhluta Xinjiang.

Hópar frá héraðinu sem sendir hafa verið í útlegð sögðust efast um þessa sögu yfirvalda í Kína.

Þessar nýjustu dómaniðurstöður þýða að nærri fjörutíu hafa verið dæmdir til dauða vegna ofbeldisverka í Xinjiang-héraði síðan í júní.

Mannréttindahópar saka yfirvöld í Kína um menningar- og trúarkúgun sem þeir segja að valdi óróa í héraðinu.

Xinjiang-hérað er vestasta hérað Kína. - nej



**HEFTUR FRÉTTAFLUTNINGUR** Fréttir af lögregluslörfum í héraðinu berast einvörðungu frá kínverskum fjölmiðlum þar sem fréttaflutningur á svæðinu er heftur. NORDICPHOTOS/AFP



**Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Byggingarnar sem um ræðir eru fremst á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Isavia sigrar í Hæstarétti:

## Bera flugskóla út úr flugskýli

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur segir að Isavia megi láta bera Flugskóla Helga Jónssonar og dánarbú Helga „ásamt öllu sem þeim tilheyrir og öllum sem finnast þar fyrir“ út úr flugskýli 7 og því sambyggðu skóla- og verksmiðjuhúsi á Reykjavíkurflugvelli.

Um er að ræða flugskýli sem flutt var frá Vestmannaeyjum árið 1951 og flugskólinn Þytur fékk þá til endurgjaldslausra afnota. Helgi Jónsson keypti afnotaréttinn af Þyt árið 1968 og hefur aldrei greitt fyrir með peningum allt til dagsins í dag. Hin byggingin er auð og hefur verið úrskurðuð ónothæf. - gar

Fasteignamat vatnsréttinda:

## Ógilda úrskurð ráðuneytisins

**DÓMSMÁL** Ákvörðun innanríkisráðuneytisins um að meta vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar sem sjálfstæða fasteign hefur verið felld úr gildi af Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Telja verður að ákvörðun um skráningu og mat vatnsréttinda sem skilin hafi verið frá jörðum í fasteignaskrá verði að byggjast á skýrum og ótvíræðum lagagrundvelli þar sem slík ákvörðun kann að hafa íþyngjandi áhrif á eigendur þeirra,“ segir í héraðsdómi sem fellst þar með á kröfu Landsvirkjunar sem stefndi Þjóðskrá og Fljótsdalshéraði í málinu. - gar

# Fjarri öllum raunveruleika

Píratar ætla að leggja til að tollur á innfluttum matvörum verði lagður af sem mótvægisaðgerð við matarskattinn. Stjórnarandstöðuþingmenn telja farri öllum raunveruleika að fólk komist af með 745 krónur í mat á dag.

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar telja óraunhæft að það geti kostað 745 krónur á dag að fæða hvern einstakling líkt og kemur fram í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar telur viðmiðið ansi lágt.

„Það kemur mér á óvart hvað þetta er ódýrt. Efnahags- og viðskiptanefnd er ekki búin að fjalla um málið en nefndin kemur til með að fjalla ítarlega um þetta,“ segir Frosti Sigurjónsson, formaður nefndarinnar.

„Það sjá allir hversu fjarri raunveruleikanum þetta er. Það er margt mjög gallað í forsendum ríkisstjórnarinnar,“ segir Árni Páll Árnason, fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni.

Hann segir að í forsendunum sé gert ráð fyrir að fólk neyti matar með íblönduðum sykri eða auki neysla sína á honum til að vinna á móti áhrifunum af hækkununum.

„Þetta eru auðvitað skelfileg skilaboð frá ríkisstjórninni að til að fólk fari ekki illa út úr breytingunum þurfi það að borða óhollari mat og kaupa fleiri þvottavélar,“ segir Árni Páll og bætir við að þeir sem vilji hækka matarskattinn hafi aldrei áttað sig á raunveruleika venjulegs fólks.

Tölurnar sem fjármálaráðherra leggur til grundvallar í virðisaukaskattsfrumvarpinu eru byggðar á tölum Hagstofu Íslands.

„Það þarf að skoða framfærslukannanir Hagstofunnar, þær eru talsverðum veikleikum háðar. Bæði hinn faglegi og fræðilegi grunnur þeirra er veikur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fulltrúi VG í nefndinni.

Hann segir ekki við Hagstofuna að sakast í þessum efnum, hún hafi einfaldlega úr of litlum fjármunum að spila til þess að geta sinnt þessu svo fullnægjandi sé.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**FROSTI SIGURJÓNSSON**



**JÓN ÞÓR ÓLAFSSON**

Steingrímur telur viðmiðið of lágt. „Ég veit þó að sumir verða að láta sér nægja mjög lágar upphæðir fyrir mat. Þeir eru að borða allra ódýrustu kolvetnin og próteinin,“ segir Steingrímur sem telur að þeir sem hafi lítið á milli handanna séu neyddir til að borða óhollan mat og fái lítið af ferskmeti.

Píratar ætla að leggja fram breytingar á virðisaukaskattsfrumvarpinu.

Jón Þór Ólafsson, áheyrnarfulltrúi Pírata í efnahags- og viðskiptanefnd, segir að mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar séu ansi götóttar. Þeir ætla að leggja til að matartollar verði aflagðir sem mótvægisaðgerð, þeir telja að það myndi þýða að matarverð myndi ekki hækka þrátt fyrir hækkun á virðisaukaskatti á mat.

„Við ætlum að leggja til að matartollar verði teknir af til að hamla á móti hækkun á matvöru,“ segir Jón Þór.

Hvorki náðist í Guðmund Steingrímsson, BF, né fjármálaráðherra við vinnslu fréttarinnar.

johanna@frettabladid.is



**ALLUR MATUR HÆKKAR** Hækkun á virðisaukaskatti á mat mun ekki einungis hafa áhrif á þann mat sem keyptur er í dagvöruverslunum. Verð á veitingastöðum og í mötuneytum kemur líka til með að hækka í verði. MYND/GETTY

## Eyða 135 þúsund á mánuði í mat

Hagstofan segir að fjögurra manna fjölskylda, þar sem eru tveir fullorðnir og tvö börn, noti að meðaltali 135 þúsund krónur í mat og drykk á mánuði eða sem nemur tæpum 34 þúsund krónum á mann.

Hagstofan gefur ekki út neysluviðmið hún gerir hins vegar rannsóknir á útgjöldum heimilanna.

Í frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskattskerfinu er gert ráð fyrir að af heildarútgjöldum fjögurra manna fjölskyldu fari 16,2 prósent í mat og drykk, sú tala er fengin úr rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna og tekur einungis mið af því að fólk versli í lágverðsverslunum, smyrji sér nesti og fari aldrei út að borða.

Hagstofan gerir hins vegar viðameiri rannsóknir en það því hún skoðar líka samantekin útgjöld í mat og drykk miðað við að fólk borði í mötuneytum og fari stundum út að borða og þá hækkar prósentuhlutfallið í 21 prósent.

Fyrir hjón með tvö börn eru það rúmlega 1,6 milljón á ári sem gera eins og áður sagði 135 þúsund á mánuði. Í fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrr að kostnaðurinn sé 998 þúsund á á ári eða rúmar 82 þúsund krónur á mánuði.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Friedrichshafen | 20° | New York | 22° |
| Aþena | 24° | Gautaborg | 12° | Orlando | 29° |
| Basel | 20° | Kaupmannahöfn | 12° | Ósló | 10° |
| Berlín | 17° | Las Palmas | 25° | París | 19° |
| Billund | 13° | London | 15° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 11° |




**Á MORGUN** Fremur hægur vindur víðast hvar.

**FIMMTUDAGUR** Strekkingur með SA-ströndinni annars hægari.

**HÆGT VAXANDI VINDUR** verður á landinu þegar líður á vikuna og lítur út fyrir talsvert hvassa norðaustanátt um helgina. Nokkuð bjart verður næstu dagana og þá sérstaklega sunnanlands eins og við má búast þegar vindur stendur af norðri.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## ŠKODA Octavia Combi

**ŠKODA Octavia** býður uppá tæra og tímalausa hönnun, fallegar línur og nákvæmni, öfluga en sparneytna vél, óviðjafnanlegt fótarými og svona mætti lengi telja. Öryggi þitt er forgangsatriði hjá okkur og þess vegna er Octavia þannig útbúinn að það má treysta á hann við öll akstursskilyrði. Bíllinn hefur einstaklega fjölbreytt úrval tæknilegra eiginleika sem uppfylla hinar fjölbreyttustu kröfur og óskir.

Það hefur sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki auk þess sem hann var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

**ŠKODA Octavia kostar frá 3.970.000,-**

3,8 — Eyðsla frá 3,8 l/100 km

99g — $CO_2$ frá 99g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrar-prófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað verða ferðir Icelandair margar á næsta ári?
**2.** Hvað hafa margir sagt sig úr þjóðkirkjunni frá 2010?
**3.** Hvaða prestur er í teikniklúbbi á netinu?

**SVÖR:**
**1.** 9.800. **2.** 13 þúsund. **3.** Séra Örn Bárður Jónsson.

Kópavogsbær vonar að starfsmannafélag bæjarins samþykki nýjan samning:

# Fá hærri laun en hjá Reykjavík

**KJARAMÁL** Laun félagsmanna Starfsmannafélags Kópavogs yrðu í langflestum tilfellum hærri en sambærileg laun starfsmanna Reykjavíkurborgar ef félagið tæki tilboði frá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þetta er fullyrt í tilkynningu frá Kópavogsbæ. Um er að ræða ófaglærða starfsmenn bæjarins. Samningurinn á að gilda út apríl 2015.

Fram kemur að samanburður á launum fjölmennra starfsmannahópa í skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum, hafi verið lagður fram á samningafundi hjá ríkissáttasemjara síðastliðinn föstudag. „Í deilunni hefur því verið haldið fram að lægri laun séu greidd hjá sveitarfélaginu en í Reykjavík. Áðurnefndur samanburður sýnir að svo er ekki,“ segir í tilkynningu Kópavogsbæjar. „Allir taxtar reyndust verða hærri í Kópavogi eftir launahækkanir, nema hjá stuðningsfulltrúum með háskólapróf.“ - gar



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON** Bæjarstjórinn og bæjaryfirvöld vilja ganga frá samningi sem fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Miltisbrandur á býlinu:

# Nautakjöti frá Slóvakíu fargað

**SVÍÞJÓÐ** Fimm hundruð kílóum af nautakjöti, sem flutt var inn til Svíþjóðar, verður fargað þar sem miltisbrandsbakteríur hafa fundist á nautgripabúinu í Slóvakíu sem kjötið kom upprunalega frá.

Í frétt á vef sænsku matvælastofnunarinnar segir að nautgripirnir hafi verið fluttir til Póllands þar sem þeim var slátrað.

Kjötið hafði ekki verið selt neytendum. Þeir sem hafa handfjatlað kjötið fá lyf í forvarnaskyni. - ibs




*Fæst án lyfseðils*

Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S.
Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Eftirfylgni sparaði tugi milljóna króna

**Fræðsla og eftirfylgni með klínískum leiðbeiningum um notkun greiningarprófa á sjúkrahúsum dregur úr kostnaði. Þetta kemur fram í verkefni meistaranema. Ráðdeildarsemi má ekki koma niður á sjúklingum, segir Ari Jóhannesson læknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hægt er að draga marktækt úr fjölda greiningarrannsókna á sjúkrahúsum og þar með draga úr kostnaði ef klínískum leiðbeiningum um verklag er fylgt eftir. Þetta kemur fram í meistaraverkefni Helgu Erlingsdóttur í heilsuhagfræði. Greint er frá niðurstöðunum í Scandinavian Journal of Clinical & Laboratory Investigation.

„Árið 2009 setti framkvæmdastjórn Landspítalans kröfu um 15 prósenta fækkun á greiningarrannsóknum á stofnuninni árið 2010 í hagræðingarskyni. Í framhaldinu voru samdar klínískar leiðbeiningar um notkun margra greiningarprófa“, segir Helga sem skoðaði sérstaklega sex rannsóknir á Landspítala og sömu rannsóknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri til samanburðar. Sparnaðurinn á Landspítala, þar sem var fræðsla og eftirfylgd, var á tímabilinu 2010 til 2013 67 milljónir króna en á Sjúkrahúsinu á Akureyri, þar sem ekki voru íhlutanir vegna rannsóknarbeiðna, var sparnaðurinn 343.627 krónur, að því er Helga greinir frá.

Ari Jóhannesson, sérfræðingur í lyflækningum á Landspítala, sem var skipaður umsjónarlæknir verkefnisins, segir töluna 67 milljónir reyndar afstæða. „Þetta voru mest rannsóknir á sjúklingum spítalans sem ekki var rukkað fyrir eins og þegar um útseldar rannsóknir er að ræða. En þetta er líklega nálægt raunkostnaði og nauðsynlegt að hafa upplýsingar um kostnað við greiningarrannsóknir aðgengilegri læknum en verið hefur.“



**LANDSPÍTALI** Unnt er að fækka greiningarrannsóknum án þess að af hljótist skaði fyrir sjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir að ráðdeildarsemi megi auðvitað ekki koma niður á heilsu skjólstæðinga Landspítalans. „Það er hins vegar til fjöldi erlendra kannana sem sýna fram á að unnt er að fækka greiningarrannsóknum án þess að af hljótist skaði fyrir sjúklinga. Það gildir þó ekki um allar rannsóknir. Þær sem verkefnið tók til voru valdar vegna þess að það lágu fyrir niðurstöður sem gáfu ákveðið til kynna að þeim mætti fækka að skaðlausu. Drjúgur hluti rannsókna er reyndar framkvæmdur í eftirlitsskyni fremur en til greiningar og þar má einnig hagræða.“

Helga kveðst hafa unnið með gögn frá 2007 til 2013 og skoðað kostnað fyrir og eftir klínísku leiðbeiningarnar. „Gert var ráð fyrir að allar rannsóknirnar hefðu verið gerðar á dagvinnutíma og því má áætla að sparnaðurinn hefði verið enn meiri þar sem 70 prósenta álag leggst á eftir klukkan 16 á daginn.“

ibs@frettabladid.is



**HELGA ERLINGSDÓTTIR**



**ARI JÓHANNESSON**

Daníel Andri dæmdur í fangelsi fyrir að hafa ráðist á fyrrverandi unnustu sína:

# Fimm ár fyrir manndrápstilraun

**DÓMSMÁL** Daníel Andri Kristjánsson var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Hann er sakaður um að hafa meðal annars stungið unnustu sína þremur stungum, í háls, kvið og hnakka, á heimili þeirra í Grafarholti í júlí síðastliðnum. Þá þarf Daníel Andri að greiða 2,4 milljónir króna í skaðabætur. Unnustan fyrrverandi hafði farið fram á rúmlega átta milljónir króna í bætur auk sakarkostnaðar sem féll á Daníel Andra. Við þingfestingu málsins í september síðastliðnum neitaði Daníel Andri sök. Bar hann fyrir sig minnisleysi og sagði það aldrei hafa verið ætlunarverk sitt að verða henni að bana. Við árásina hlaut konan umtalsverða áverka og þurfti að undirgangast aðgerð vegna hnífsstungnanna. Við aðalmeðferð málsins í október sagði konan að maðurinn hefði áður beitt sig ofbeldi, bæði undir áhrifum áfengis og allsgáður en þó ekkert þessu líkt. Hún hafi óttast um líf sitt og barist við mikið þunglyndi frá því að árásin átti sér stað.

Ákæruvaldið taldi það að fullu sannað að um tilraun til manndráps væri að ræða og fór fram á fimm ára fangelsisdóm yfir honum.



**BAR VIÐ MINNISLEYSI** Daníel Andri var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps.

Daníel Andra er gert að sæta fangelsi í fimm ár að frádregnu gæsluvarðhaldi sem hann hefur setið í í rúma fjóra mánuði. - vh

# Þetta eru #1 Hertz bílar

## Komdu á Kletthális og veldu þér einn



**Toyota Landruiser 150 GX Leður**
1/2014 Ekinn 31 þ.km
3000 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 10.350.000 kr. Rn. 204279



**Toyota Auris Live**
5/2013. Ekinn 47 þ.km
1300 Bensín. 6 Gíra
Verð 2.790.000 kr. Rn. 181937



**Toyota Avensis Sedan**
6/2010. Ekinn 95 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 2.790.000 kr. Rn. 240970



**Toyota Avensis Wagon Active**
4/2012. Ekinn 53 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 3.790.000 kr. Rn. 181947



**Toyota Avensis Wagon Active**
5/2013. Ekinn 49 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 4.260.000 kr. Rn. 204256



**Toyota AYGO**
5/2013. Ekinn 55 þ.km
1000 Bensín. 5 gíra
Verð 1.590.000 kr. Rn. 204258



**Toyota Auris live Eco**
5/2012. Ekinn 53 þ.km
1400 Dísel. 6 gíra
Verð 2.560.000 kr. Rn. 181950



**Skoda Octavia combi 4X4**
12/2013. Ekinn 41 þ.km
1600 Dísel. 6 Gíra
Verð 4.390.000 kr. Rn 142383



**Toyota Rav4 VX**
4/2014. Ekinn 38 þ.km
2.200 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 6.590.000 kr. Rn. 142344



**Toyota Auris Wagon Live**
2/2014. Ekinn 29 þ.km
1400 Dísel. 6 Gíra
Verð 3.450.000 kr. Rn. 204249



**Skoda Citigo Active**
5/2013. Ekinn 47 Þ.KM
1000 Bensín. 5 Gíra
Verð 1.520.000 kr. Rn. 240925



**Toyota Landcruiser 150 GX 7 manna**
5/2013. Ekinn 48 þ.km
3000 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 8.950.000 kr. Rn. 181938



**Toyota Yaris Active**
2/2014. Ekinn 28 þ.km
1300 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 2.690.000 kr. Rn. 181927



**Suzuki Swift**
4/2014. Ekinn 33 þ.km
1200 Bensín. 5 Gíra
Verð 2.690.000 kr. Rn. 204260



**Toyota Yaris Live**
5/2013. Ekinn 46 þ.km
1000 Bensín. 5 Gíra
Verð 2.290.000 kr. Rn. 204248



**Toyota LandCruiser 200 VX**
8/2009. Ekinn 142 þ.km
4500 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 9.900.000 kr. **Tilboð 8.800.000 kr.**
Rn. 202358

### Hvað er #1 Hertz bíll?

Bílar hjá Hertz bílaleigu hafa hlotið fyrsta flokks þjónustu og farið í gegnum fjölda smur- og þjónustuskoðanna. Þeir sem settir hafa verið í sölu hafa verið sérstaklega valdir úr útleiguflota okkar. Þeir eru vandlega yfirfarnir og hafa staðist allar þær kröfur sem við gerum til #1 Hertz bíla.

Akstri Hertz bíla er haldið í lágmarki og meðalakstur þeirra með því lægsta sem þekkist í okkar atvinnugrein. Flest allir bílar eru ennþá í verksmiðjuábyrgð og eknir á bilinu 15.000 til 65.000. Bestu ár þeirra eru enn eftir.

Hertz leggur metnað í að bjóða uppá vel útbúna bíla sem lang flestir hafa verið keyptir af innlendum bílaumboðum eins og Toyota á Íslandi.

Með kaupum á #1 Hertz bíl geturðu verið sannfærð/ur um að þú hafir keypt réttan notaðan bíl.

**Toyota Klettthálsi**
**Klettthálsi 2**
**Sími: 570 5220**
**Opið mán-fös kl. 09.00-18.00**
**og lau kl. 12.00 - 16.00**
**kletthals@toyota.is - www.toyotaklettthalsi.is**

birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

ergo Hertz

**Notaðir bílar Klettthálsi** TOYOTA

Dæmi um að fólk hafi beðið síðan í apríl eftir að komast inn í meðferð:

# 300 manns á biðlista á Vogi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru 300 manns á biðlista alla jafna. Fólk sem á beiðni um innlögn, sem er búið að bíða í meira en 100 daga og þaðan af lengra. Það eru dæmi um að fólk sé búið að eiga beiðni um meðferð frá því í apríl á þessu ári,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. Um 300 manns eru á biðlista eftir að komast í meðferð þar og hefur biðlistinn verið svona langur frá því í maí á síðasta ári.

„Það er misjafnt hvernig fólk á aðkomu að. Þeir sem hafa ekki verið í meðferð áður hafa ákveðinn forgang. Það má spyrja mjög grimmt að því af hverju þeir ættu að hafa forgang, eru þeir meira veikir en aðrir?“ segir hann.

Ástæðuna fyrir svo löngum biðlistum segir hann vera þá að skorið hafi verið niður í málaflokknum og það skorti fé til þess að halda úti fullri þjónustu. „Það vantar rekstrarfé til þess að reka þennan stað. Við erum ekki að ná sömu afköstum og undanfarin ár. Til að byrja með héldum við í við vandann og vorum með góða þjónustu en náum nú ekki sömu afköstum og áður. Þrátt fyrir það setjum við sjálf mikinn pening í reksturinn sem er svolítið öðruvísi en hjá öðrum sjúkrastofnunum og sýnir það að okkar sjúklingar búa við miklu meiri fordóma en sjúklingar með aðra sjúkdóma.“

Þrátt fyrir langa bið segir hann fólk samt koma í meðferð þegar það komist að þótt biðin sé löng. „Þessi vandi hleypur ekki frá fólki. - vh



**MATARÆÐIÐ MESTI VANDINN** Um 86% dauðsfalla í Evrópu má rekja til lífsstílstengdra sjúkdóma.

# Aðeins 1% fjármagns fer í beinar forvarnir

Öll rök hníga að því að mun meira fé sé varið til beinna forvarna, segir framkvæmdastjóri SÍBS, sem kallar eftir samræmdri forvarnastefnu. Á milli 70% og 80% kostnaðar í heilbrigðiskerfinu kemur til vegna lífsstílstengdra sjúkdóma.

**HEILBRIGÐISMÁL** Af þeim tæplega 70 milljörðum sem varið er til heilbrigðiskerfisins á Íslandi er aðeins einu prósenti varið til beinna forvarna utan heilsugæslunnar – sem er þrisvar sinnum lægra en meðaltal Evrópuþjóða. Þetta skýtur skökku við þar sem stærsti hluti kostnaðar í heilbrigðiskerfinu á rætur að rekja til afleiðinga langvinnra lífsstílstengdra sjúkdóma.

Á þetta bendir Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, í nýjasta tölublaði SÍBS blaðsins, þar sem segir að stærsta verkefni íslenska heilbrigðiskerfisins sé að takast á við afleiðingar lífsstílssjúkdóma – sjúkdóma sem hægt er að draga stórlega úr með markvissri forvarnastefnu.

Guðmundur segir það þjóðinni tamt að horfa helst á „stóru dráparana tvo“; krabbamein og hjarta- og æðasjúkdóma. Engu að síður verði að horfa til þess þjóðfélagsskaða sem orsakast af örorku, rétt eins og ótímabærs dauða. Samkvæmt mælingum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) á sjúkdómsbyrði í heiminum töpuðu Íslendingar 68.000 „góðum æviárum“, vegna ótímabærs dauða eða örorku. Með því að lækka sjúkdómabyrðina um aðeins 1% gæti ávinningurinn numið 3,5 milljörðum á ári, mælt í vergri landsframleiðslu, segir Guðmundur.

WHO bendir á að mataræði sé orðið stærsti áhættuþáttur heilsufarsskaða á meðal Íslendinga, ekki reykingar eða smitsjúkdómar eins og löngum var. Á sama tíma fara 99% fjármagns í viðbragðsdrifið heilbrigðiskerfi – að gera við það sem þegar hefur bilað. Um leið liggur fyrir að 70-80% kostnaðar í heilbrigðiskerfinu stafa af afleiðingum langvinna lífsstílstengdra sjúkdóma sem hægt er að verjast með beinum forvörnum og heilsueflingu.

Séu opinberar tölur brotnar niður þýðir þetta að 1.600 krónur á hvern landsmann fara árlega til beinna forvarna, um 63.000 krónur til heilsugæslunnar, og um 133.000 krónur til sjúkrahúsanna. Hér þarf þó að slá þann varnagla að hluta af starfsemi heilsugæslunnar má skilgreina sem forvarnastarf.



**Það sem þarf er samræmd forvarnastefna sem tekur á ótvíræðum áhættuþáttum sem eru sameiginlegir þvert á ýmsa sjúkdóma.**

*Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS.*

„Það sem þarf er samræmd forvarnastefna sem tekur á ótvíræðum áhættuþáttum sem eru sameiginlegir þvert á ýmsa sjúkdóma. Hún þarf að taka tillit til allra hópa, ekki einskorðast við inngrip hjá áhættuhópum. Stefnan á líka að ná til skipulagsyfirvalda og fyrirtækja,“ segir Guðmundur.

svavar@frettabladid.is

Hraunavinir og fleiri leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu:

# Kæra ríkið vegna Gálgahrauns

**DÓMSMÁL** Hraunavinir og tveir einstaklingar hafa, með stuðningi Landverndar, kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna Gálgahraunsmálsins. Kærendur telja Hæstarétt hafa brotið á rétti Hraunavina til raunhæfra úrræða fyrir dómstólum og réttlátrar málsmeðferðar fyrir hönd félagsmanna sinna.

Hæstiréttur hafnaði með dómi í nóvember 2013 beiðni Hraunavina, Landverndar, Náttúruverndarsamtaka Íslands og Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands um að fá ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins um hvort umhverfisverndarsamtök ættu aðgang að dómstólum. Krafan var gerð í lögbannsmáli sem samtökin fjögur höfðuðu gegn Vegagerðinni vegna lagningar nýs Álftanesvegar um Gálgahraun.

Í kærunni til Mannréttindadómstólsins er þess krafist að viðurkennt verði að íslenska ríkið hafi með þessu brotið á rétti Hraunavina fyrir hönd félagsmanna sinna til réttlátrar málsmeðferðar og til raunhæfra úrræða fyrir dómstólum; réttindi sem eru varin af Mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland er aðili að.

Einn þáttur kærunnar lýtur að vafa um óhlutdrægni Markúsar Sigurbjörnssonar hæstaréttardómara. - shá



**Í GÁLGAHRAUNI** Kæra vegna málsmeðferðar Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Beltone First™

Snjallara heyrnartæki



Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur




Gildir í október

Apótekarinn
lyf á lægra verði

Við erum á facebook

Síðasti söludagur frestast um nokkra daga

Nýjustu ísskáparnir frá Gorenje eru með IonAir-tækni sem heldur matvöru ferskri mun lengur en áður. IonAir felst í byltingarkenndri loftræstingu sem drepur allt að 95% bakteríu sem annars ætttu greiða leið að matvælum og lágmarkar einnig óþægilega lykt í ísskápnum.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Frábært kynningarverð

ion generation



gorenje

Reykjavík
Skútuvogur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnisgata 2
Sími 460 0800

RÖNNING
ronning.is | gorenje.is

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


Rain-x ryðvörn
Hreinlega málið núna!
rain-x®
Yfirborðsvernd & ryðvörn
Komdu með bílinn í Löður og fáðu Rain-x ryðvörn & yfirborðsvernd á allan bílinn.
Rain-x kemur í veg fyrir lakkskemmdir, að ekki sé talað um vörn gegn tæringu af
völdum götusalts og brennisteinsvetnis í lofti. Þar ræður aðeins vindáttin hvað ryðgar
og hvað ekki. Þar fyrir utan er mun auðveldara að þrífa bílinn ef þú ert með Rain-x.
VILTU VINNA MILLJÓN?
Minnum á leikinn okkar
Viltu vinna miljón?
sem lýkur 7. nóvember
Sjá nánar
www. lodur.is/milljon
Löður
Miðstöð bílaunnenda
www.lodur.is | Sími 568 0000

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundarröðinni BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar með Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs.**

# HVER Á BORGINA?

Fundurinn hefst klukkan 20.00 á Kjarvalsstöðum á Klambratúni, þriðjudaginn 14. október. Kaffihúsið verður opið og allir velkomnir. Ætlunin er að skapa samtal um skipulagsmál í víðu samhengi. Leitað verður eftir hressilegri umræðu þar sem ólík sjónarmið og reynsluheimar mætast á málefnalegum grunni.

**Hver á borgina** – það er spurningin sem verður til umræðu á fyrsta fundi, en hún er mikilvæg í ljósi nýsamþykkts aðalskipulags Reykjavíkur. Hversu langt er hægt að ganga í breytingum á borgarskipulagi án þess að ganga á rétt íbúa og annarra hagsmunaaðila? Eru allir jafn réttháir í göturýminu óháð ferðamáta? Hefur strætó með 80 farþegum rétt á jafn miklu borgarrými og 80 einkabílar? Skipta athugasemdir íbúa máli við endanlegar ákvarðanir í skipulagsmálum? Eru skipulagsheimildir sem borgin veitir ígildi eignaréttar um ókomna framtíð?

Auk Hjálmars verða Margrét Harðardóttir, arkitekt hjá Studio Granda, Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent við lagadeild H.Í. og Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

**VELKOMIN Á FUNDINN**


Hjálmar Sveinsson


Ólöf Örvarsdóttir


Skúli Magnússon


Margrét Harðardóttir

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA



SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



**BYLTING** Kaþólska kirkjan hefur í um tvö þúsund ár fordæmt samkynhneigða en boðar nú breytt viðhorf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Biskupar boða byltingu í tvö þúsund ára trúarsögu:

# Vilja samþykkja samkynhneigð pör

**VATÍKANIÐ, AP** Kaþólskir biskupar sýndu áður óþekkt umburðarlyndi gagnvart raunverulegu líferni margra kaþólikka nútímans þegar þeir sögðu að samkynhneigð pör hefðu „gjafir til að bjóða kirkjunni og ættu að vera samþykkt“ og „að það væru jákvæðar hliðar á óvígðri sambúð fólks“.

Þetta kom fram í skjali frá lokaðri tveggja vikna samkomu biskupanna um fjölskyldumál sem fer fram í Vatíkaninu. Samkoman er nú hálfnuð.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar en tónn skjalsins gaf til kynna nærri byltingarkennda viðurkenningu frekar en fordæmingu sem hefur lengi vel verið einkenni kaþólsku kirkjunnar.

Markmiðið er enn að beina kaþólikkum að langlífu hjónabandi sem kemur þó ekki til greina að leyfa samkynhneigðum. Frans páfi hefur að auki kallað eftir miskunnsamari nálgun gagnvart þeim sem hafa gengið í gegnum hjónaskilnað en kaþólskan kirkjan fordæmir þá sem hafa skilið, segir þá lifa í synd og þeim er gert ókleift að þiggja sakramenti.

Íhaldssamir hópar í samfélaginu hafa gagnrýnt skjalið harðlega og kallað niðurstöðu þess svik. **- nej**


# Seljum nýlega bílaleigubíla

*- frábært verð og greiðslukjör*

REYKJAVIK rent a car ICELAND car rental

Allir bílar í topp standi og klárir í veturinn.
Ný vetrardekk og fullur eldsneytistankur - Komdu og gerðu frábær kaup !


**Jeep Grand Cherokee Laredo**
Árgerð 2011 - Ekinn 138 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 5.750.000
**Tilboð kr. 5.450.000**


**Jeep Wrangler Unlimited Sport**
Árgerð 2010 - Ekinn 106 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 4.650.000
**Tilboð kr. 4.350.000**


**Hyundai Santa Fe III Comfort**
Skr. 02/2013 - Ekinn 67 þkm.
Diesel, sjálfskiptur
Verð kr. 5.980.000
**Tilboð kr. 5.680.000**


**Hyundai i10**
Skr. 07/2012 - Ekinn 66 þkm.
Bensín, 5 gíra
Verð kr. 1.290.000
**Tilboð kr. 1.090.000**


**Suzuki Grand Vitara Premium**
Skr. 07/2012 - Ekinn 80 þkm.
Bensín, 5 gíra
Verð kr. 3.590.000
**Tilboð kr. 3.390.000**


**Toyota Rav4 GX**
Skr. 06/2013 - Ekinn 71 þkm.
Diesel, sjálfskiptur
Verð kr. 5.450.000
**Tilboð kr. 5.250.000**


**Hyundai IX35 GLS**
Skr. 03/2013 - Ekinn 39 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 4.390.000
**Tilboð kr. 4.190.000**


**Suzuki Grand Vitara Premium**
Skr. 06/2013 - Ekinn 66 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 4.350.000
**Tilboð kr. 4.150.000**


**Hyundai Santa Fe II**
Skr. 03/2013 - Ekinn 51 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 5.290.000
**Tilboð kr. 4.700.000**


**Hyundai i30 II Classic Wagon**
Skr. 02/2013 - Ekinn 30 þkm.
Diesel, 6 gíra
Verð kr. 2.990.000
**Tilboð kr. 2.830.000**


**Ford Explorer XLT 7 manna**
Árgerð 2010 - Ekinn 152 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 3.290.000
**Tilboð kr. 2.990.000**


**Jeep Grand Chereokee Laredo**
Árgerð 2011 - Ekinn 132 þkm.
Bensín, sjálfskiptur
Verð kr. 5.750.000
**Tilboð kr. 5.450.000**

INTERPORT
Hlíðasmára 13 | 201 Kópavogi | sími 569 3308 | interport.is

Engin lántökugjöld á bílafjármögnun í október

# KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI




## Við styðjum Krabbameinsfélagið

*10.000 krónur af hverri bleikri hrærivél og 10.000 krónur af hverjum bleikum blandara frá **KitchenAid** renna til Krabbameinsfélagsins.*



KitchenAid®

EF 50 1964 - 2014

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Opið virka daga 9-18 og laugardaga 11-15

# Peninga skortir til að fylgja eftir

314 mál sem sneru að lyfjamisnotkun voru send Embætti landlæknis í fyrra. Þrír til sex læknar áminntir á hverju ári, sumir vegna lyfjamála. Landlæknir segir allt gert til þess að koma í veg fyrir misnotkun lyfja og hvert mál sé skoðað á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Embætti landlæknis skortir fjármagn til þess að fylgja eftir málum er snúa að lyfjamisnotkun. Þetta segir Ólafur Einarsson, verkefnastjóri lyfjagagnagrunns hjá embættinu.

Á síðasta ári komu á borð embættisins 314 mál sem sneru að misnotkun ávanabindandi lyfja, bæði er varða einstaklinga, sem grunur leikur á að misnoti lyf, og lækna, sem taldir eru ávísa slíkum lyfjum í of miklu magni. Sérstakt lyfjateymi er starfrækt innan embættisins sem Ólafur Einarsson lífræðingur heldur utan um. Ásamt honum starfa í því lyfjafræðingur í hálfu starfi, læknir í 30 prósenta starfi auk þess sem yfirhjúkrunarfræðingur og yfirlæknir hafa aðkomu að teyminu. Ólafur segir að það taki langan tíma að vinna úr hverju máli fyrir sig og oft sé erfitt að fá þær upplýsingar sem óskað sé eftir vegna tiltekinna mála.

### Embættið í fjársvelti

Ólafur segir embættið vera fjársvelt og erfitt sé að sinna öllum þeim fjölda mála sem kemur á borð þeirra. Í helgarblaði Fréttablaðsins var viðtal við Markús Kristjánsson, föður konu sem lést í maí á síðasta ári. Hún hafði strítt við meltingarsjúkdóm en það var ekki það sem dró hana til dauða heldur misnotkun ávanabindandi lyfja sem læknar höfðu ávísað á hana vegna sjúkdómsins. Á rúmlega hálfs árs fresti fékk hún ávísað frá sama lækni 2.200 töflum af Ketogan sem er sterkt morfínlyf. Læknirinn fékk áminningu frá landlækni en hefur enn lyfjaleyfi og starfar sem læknir. Í samtali við Fréttablaðið vegna málsins sagði Ólafur að það vantaði fleiri til þess að starfa að eftirliti við lyfjagagnagrunn sem er nú til reynslu hjá embættinu. „Í fullkomnum heimi væru fleiri starfandi við eftirlitið og við gætum þá klárað rafrænan gagnagrunn sem er enn á tilraunastigi. En embættið er í fjársvelti.“

### 246 mál það sem af er þessu ári

Embætti landlæknis hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna. Ólafur segir málin í málaskránni snúa bæði að læknum og sjúklingum. Á síðasta ári voru þau 314 talsins og það sem af er þessu ári eru málin orðin 246. Spurður hvernig þessi mál séu skoðuð segir Ólafur: „Þetta er matsatriði í hvert skipti.“

Hann segir þá allar lyfjaávísanir keyrðar út í gegnum lyfjagagnagrunninn og farið sé yfir þær. Einnig sé fylgst með gagnagrunninum og læknar spurðir út í það ef talið er að um óeðlilegt magn lyfjaávísana sé að ræða.

### Þarf ekki að vekja grunsemdir

Sá mikli fjöldi lyfja sem dóttir Markúsar fékk ávísað þarf þó, að sögn Ólafs, ekki endilega að vekja grunsemdir sjáist það í kerfinu. „Á ársgrundvelli eru einstaklingar sem eru að fá meira ávísað af lyfinu, t.d. sjúklingar með krabbamein á lokastigi eða þeir sem eru á líknardeild.“ Hann segir embættið gera sitt besta til þess að fylgja slíkum málum eftir en það strandi á fjármagni. Geir Gunnlaugsson landlæknir tekur undir það. „Við gerum það sem við getum. Við erum stöðugt að vinna í þessum málum.“




Í helgarblaði Fréttablaðsins var ítarleg umfjöllun um ávanabindandi lyf en þar sagði Markús Kristjánsson sögu dóttur sinnar sem lést fyrr á þessu ári.

### Þrír til fjórir áminntir árlega

Geir segir að á liðnum árum hafi árlega um 3-4 læknar fengið áminningu í starfi, sumar þeirra séu vegna lyfjamála.

„Við tökum það mjög alvarlega og gerum allt til að koma í veg fyrir misnotkun lyfja,“ segir Geir. „Það eru nokkur dæmi um það að starfsréttindi lækna hafi verið skert t.d. með því að þeir megi ekki skrifa út ákveðnar tegundir lyfja. Almennt lækningaleyfi gefur þér réttindi til þess að skrifa út lyf. Þessi starfsréttindi er hægt að skerða annaðhvort að hluta eða öllu leyti en við metum hvert einasta tilvik á grunni þeirra.“

Hann segir ekki hægt að upplýsa um það að svo stöddu hversu margir læknar hafi misst leyfi vegna mála sem snúa að ávísun ávanabindandi lyfja en verið sé að vinna að því að fá nákvæmar tölur um það.

viktoria@frettabladid.is



**FJÖLDI MÁLA** Á síðasta ári komu 314 mál, sem tengdust ávanabindandi lyfjum, á borð Embættis landlæknis. Á myndinni má sjá hluta þeirra lyfjaumbúða sem Markús fann heima hjá dóttur sinni en á rúmlega hálfu ári ávísaði sami læknir 2.200 töflum til hennar.

## Telur að reglum hafi verið fylgt



Geir Gunnlaugsson landlæknir segist ekki geta tjáð sig um mál dóttur Markúsar Kristjánssonar. Hann telur þó að fylgt hafi verið reglum í því máli líkt og öðrum sem koma á borð embættisins. „Það er sannarlega þannig að við brugðumst við því algjörlega í samræmi við þær upplýsingar sem við fengum, unnum úr þeim og gerðum það eins hratt og okkur var mögulegt,“ segir Geir. Aðspurður hvort breyta þurfi verklagi í kjölfarið, mögulega til þess að koma í veg fyrir að slík mál endurtaki sig segir hann: „Við erum í stöðugum samræðum við velferðarráðuneytið um það hvaða hugsanlegu lagabreytingar kæmu til greina til að ná betri tökum á þessum málaflokki.“

KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Cee'd SW LX

Árgerð 4/2013, ekinn 65 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.

2.790.000 kr.

Lykill

Afborgun aðeins 42.000 kr. á mánuði m.v. 279.000 kr. útborgun og 90% bílalán frá Lykli í 84 mánuði. 9,15% vextir, 10,87% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 84 mánaða. Nánar á lykill.is



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Carens EX

Árgerð 3/2014, ekinn 8 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, 7 manna, eyðsla 6,0 l/100 km.

4.990.000 kr.



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia cee'd EX

Árgerð 3/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 4,3 l/100 km.

3.590.000 kr.



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Sportage EX

Árgerð 6/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.990.000 kr.



6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Sorento Classic

Árgerð 7/2013, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.

6.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16


VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA
framlengjum við LAGERSÖLUNNI
...takk fyrir frábærar viðtökur
verð frá: 500-5000 af völdum vörum
MAÓ
Maó skyrtur:
2.000,-
Made skyrtur:
1.000,-
Crew neck peysur: 2.500,-
Maó frakki: 5.000.-
Bolur: 2000.-
Trefill: 500.-
Hettupeysa:
4.000.-
Maó jakkföt 5.000.-
Skyrta: 2.000.-
MAÓ
MAÓ
EVERLAST
Lefties buxur: 3.500.-
Converse strigaskór: 5.000.-
Everlast buxur: 3.000.-
Strigaskór: 1.000.-
Stakar buxur: 2.500.-
Stakur jakki: 3.000.-
MAÓ
Fleiri litir í boði
Treflar:
500,-
Maó bindi:
1.000,-
Frá stærðum 24-29
Fleiri litir í boði
carhartt
Disco buxur:
500,-
Carhartt buxur:
3.000,-
Moss
Moss úlpa:
3.000,-
Moss camó úlpa:
3.000,-
Opið alla dagana 11:00 - 18:00
Sendum í póstkröfu
DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
Buxur frá: 2000 kr.
OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
Flotttar merkjavörur frá verslunum NTC
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17, erum á facebook og Instagram
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

Á pólitísk rétthugsun að hefta listrænt frelsi?

# Slappaðu af, þetta er bara bíó!

Kvikmyndin Gone girl, byggð á skáldsögu Gillian Flynn sem í íslenskri þýðingu nefnist Hún er horfin, hefur vakið hörð viðbrögð rétthugsandi fólks sem þykir aðalpersónan byggð á gömlum klisjum um klæki kvenna. Rithöfundurinn Joan Smith skrifaði harðorða grein í The Guardian á dögunum þar sem hún ræðst á aðalleikara myndarinnar, Ben Affleck og Rosamund Pike, fyrir að taka þátt í því að gera kvikmynd sem byggir á ranghugmyndum um falskar ásakanir kvenna um nauðganir og heimilisofbeldi. Smith vitnar í skýrslu um rannsóknarniðurstöður á kynbundnu ofbeldi sem út kom í Bretlandi á síðasta ári og bendir réttilega á að þau tilvik þegar konur leggja fram falskar nauðgunar- og ofbeldiskærur eru óhemju sjaldgæf og að á því sautján mánaða tímabili sem skýrslan tekur til hafi nauðgun verið kærð í 5.651 skipti, kærur fyrir heimilisofbeldi hafi verið 111.891 en falskar nauðgunarkærur hafi verið 35 og falskar heimilisofbeldiskærur ekki nema sex. Það sé því ábyrgðarhluti að byggja heila kvikmynd á því plotti að kona nái sínu fram með fölskum ásökunum.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Smith bendir á að skáldskapur, og þá ekki síst glæpasagnageirinn, sé fullur af steríótýpum og það sé nánast skylda höfunda að vinna á móti þeim í skrifum sínum, skapa trúverðugar konur og hlaða ekki undir ranghugmyndir. Gott mál, svo langt sem það nær. Hún minnist hins vegar ekkert á að það sé þörf á því að breyta steríótýpískum karlpersónum, sem slíkar sögur eru vissulega einnig fullar af. Samkvæmt hennar röksemdafærslu ættu slíkar skáldsagnapersónur að ýta undir þær ranghugmyndir að allir karlmenn séu hrottar, morðingjar, nauðgarar og guð veit hvað, þar sem glæpamennirnir í þessum sögum fremja slíka glæpi í hrönnum án þess að depla auga. Og eru ef eitthvað er mun njörvaðri í viðjar steríótýpunnar en kvenpersónurnar.

Steríótýpísk hlutföll kynjanna í glæpasögum eru reyndar aukaatriði í þessu máli. Grundvallarspurningin snýst um það hvort listamönnum beri skylda til að gangast undir lögmál pólitískrar rétthugsunar og sníða persónur sínar, myndverk, tónlist eða texta að því sem þykir góð latína í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og betri heimi. Er hægt að gera slíkar kröfur til listamanna og verða listaverkin þá ekki ekki einhliða áróður sem varpar engu ljósi á fjölbreytileika mannlífsins og mannlegt eðli? Í skýrslunni sem Smith vitnar til kemur til dæmis fram að 41 kona lagði fram falska kæru fyrir ofbeldi á gefnu tímabili, má sem sagt ekki skrifa sögu þeirra vegna þess að þær falla ekki í rétt norm? Á það að vera hlutverk listarinnar að falsa raunveruleikann til að „rétt“ viðhorf fái brautargengi?

Svarið við þessum spurningum hlýtur að vera þvert nei. Hlutverk listarinnar getur aldrei verið að þjóna þóknanlegum viðhorfum. Það að slík krafa skjóti ítrekað upp kollinum í umræðunni ætti að vera blikkandi viðvörunarljós og fá fólk til að staldra við og spyrja sig á hvaða leið við séum. List sem ekki má ögra er dauð list og tilraunir ýmissa stjórnmálaafla í gegnum tíðina til að temja listina ættu að vera næg víti til varnaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

BORÐLEGGJANDI

HÁGÆÐA DÚKAR OG MUNNÞURRKUR FYRIR VEISLUBORÐIÐ



100% SATÍNBÓMULL 141 ÞRÁÐA

FASTUS

Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • **opið mán - fös 8.30 - 17.00**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bíða málflutnings**

Alþingismennirnir Haraldur Benediktsson, Sjálfstæðisflokki ,og Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingu, voru gestir þáttarins Sprengisands á Bylgjunni á sunnudag. Þar komu til tals tveir nýir úrskurðir ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Annar er um bann við innflutningi á fersku kjöti, þar sem rökum Íslands var hafnað. Haraldur, sem er bóndi og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, sagðist bíða málflutningsins í málinu. Hinn úrskurðurinn er um að margir af fjárfestingasamningum frá síðasta kjörtímabili séu ólöglegir og að þeir sem þeirra nutu verði að endurgreiða ríkisgreiðann. Viðbrögð Oddnýjar voru þau sömu og hjá Haraldi varðandi kjötið. Hún vill bíða málflutningsins.



**Lögreglustjórar á biðlaunum**

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, vill fá að vita hversu margir lögreglustjórar eru á biðlaunum vegna breytinga sem hafa verið gerðar á embættunum, en þó aðeins í hennar kjördæmi, það er Norðausturkjördæmi. Bjarkey vill einnig vita hvað lögreglustjóraembættin kosta í kjördæminu, það er hversu miklum peningum er varið til þeirra, miðað við fjölda íbúa í kjördæminu. Þingmaðurinn vill líka vita hvað liggi að baki áætluðum sértekjum upp á tæpar þrettán milljónir hjá embætti lögreglustjórans á Austurlandi.



**Ófriður um friðarstofnun**

Dagur B. Eggertsson lagði til í borgarráði að friðarsetur yrði stofnað í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Friðarsetrið hafi það að markmiði að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði. Það varð til þess að sjálfstæðismenn rifjuðu upp að á árinu 2010 samþykkti borgarráð tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um að setja á fót Friðarstofnun Reykjavíkur og skipaði fimm manna stjórn til undirbúnings. Sem sagt, hver á hvað? Vonandi sættast menn svo ekki komi til ófriðar um friðarsetrið. **sme@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Borgin, heimkynni okkar

SKIPULAG



**Hjálmar Sveinsson**

formaður umhverfis- og skipulagsráðs

**Borgirnar toga sífellt fleiri til sín. Meira en helmingur mannkyns býr nú í borgum. Austan hafs og vestan eru flestir sammála um að borgirnar geti ekki þanist út endalaust.**

Ein mikilvægasta lífskjarabarátta okkar tíma snýst um að borgarumhverfið sé heilsusamlegt, hagkvæmt, skjólsælt, skilvirkt, umhverfisvænt, fallegt, öruggt, réttlátt og endurnærandi. Já, einmitt endurnærandi! Við höfum sagt skilið við þá gömlu hugmynd, sem var lengi ríkjandi, að borgin sé vélrænn staður þar sem við dveljum, nauðug viljug, til að sækja vinnu og skóla á virkum dögum en flýtum okkur síðan burt úr bænum um helgar eða lokum okkur af inni í íbúðum okkar. Segja má að borgir séu komnar aftur í tísku, eftir nokkuð langt niðurlægingartímabil sem varði frá 1970 til 2000, þegar allir virtust á leið út úr borgunum.

Borgirnar toga sífellt fleiri til sín. Meira en helmingur mannkyns býr nú í borgum. Austan hafs og vestan eru flestir sammála um að borgirnar geti ekki þanist út endalaust. Það er löngu komið í ljós að gott byggingarland er takmörkuð verðmæti, jarðefnaeldsneyti er ekki ótakmarkað og loftmengun af völdum mikillar bílaumferðar er staðbundið og hnattrænt vandamál.

Áhersla á lífsgæði, lýðheilsu, betri landnýtingu, þéttingu byggðar gengur eins og rauður þráður í gegnum nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík sem á að gilda til ársins 2030. Sama má segja um tillögu að nýju skipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið í heild sinni til ársins 2040.

Borgin er umhverfið sem við, borgarbúarnir, höfum skapað okkur. Hún er heimkynni okkar. Hún er daglegt hlutskipti okkar. Hún tekur á móti okkur þegar við förum út á morgnana og fylgjum krökkunum í skólann, förum í vinnuna, kaupum inn, mælum okkur mót við fólk, skreppum í sund, leitum til læknis, mætum í brúðkaup og jarðarför.

Borgin mótar okkur og það sem er ekkert síður mikilvægt, við mótum borgina. Gott líf borgarbúans felst í því að vera dagsdaglega virkur notandi borgarinnar. Við vöskum upp á heimili okkar, tökum til og eldum góðan mat. Gott heimilislíf felst ekkert síður í þessum hversdagslegu athöfnum en því að borða matinn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Byrjar sykursýki í heilanum?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Lífsstílssjúkdómar eru það sem vestræn samfélög hafa hvað mestar áhyggjur af með tilliti til framtíðarinnar og er ljóst að þar eru mörg verkefni framundan. Einn þeirra sjúkdóma sem hafa verið að vaxa hratt á undanförnum áratugum er sykursýki, þá er sérstaklega verið að horfa til svokallaðrar áunninnar tegundar. Eins og alltaf spila inn í slíka mynd mörg atriði, en ofþyngd og offita hafa verið ofarlega á blaði hvað áhættuþætti varðar allt frá upphafi. Það er þó engan veginn svo að það sé eingöngu fólk í þeim þyngdarflokkum sem veikist.

Sjúkdómurinn í grunninn snýst ekki um neina sérstaka ást á sykri eða ofneyslu hans, heldur má segja að þeir sem greinast eigi erfitt um vik með kolvetni og það að nýta þau eins og líkaminn ætlaðist til. Kolvetni eru orkuefni sem líkaminn notar líkt og prótein og fitu til að viðhalda sjálfum sér. Kolvetni geta verið einföld og flókin en þau eru öll á endanum brotin niður í meltingunni og frásogast. Líkami okkar hefur einstaka hæfileika til að melta þessi orkuefni og nota þau sér til framdráttar. Í tilviki kolvetna byggir það að miklu leyti á hormóni sem nefnist insúlín.

Insúlín er nauðsynlegt vegna þess að það hjálpar frumum í líkamanum að taka til sín glúkósa sem þær nota með súrefni til að geta starfað. Með þessari aðstoð næst frumur og viðhalda sér, sumar eru líka til þess fallnar að geyma orkubirgðir sem af þessu hljótast eins og til dæmis fitu-, vöðva- og lifrarfrumur. Með því að brisið gefi frá sér insúlín lækkar blóðsykur og ákveðið jafnvægi verður í líkamanum, en ef það raskast einhverra hluta vegna myndast sykursýki.

Margir áhættuþættir koma til viðbótar við offitu við þróun sykursýki líkt og erfðir, kynþáttur, hreyfingarleysi, aldur, vissir sjúkdómar, lyf, reykingar og svefntruflanir svo fátt eitt sé nefnt. Það er því mikilvægt að átta sig snemma á þessu samhengi. Hins vegar tekur oftast langan tíma að þróa með sér sykursýki og eru býsna margir sem geta snúið þeirri þróun við, svo lengi sem þeir gera viðhlítandi lífsstílsbreytingar og reyna það með öllum

> Sjúkdómurinn í grunninn snýst ekki um neina sérstaka ást á sykri eða ofneyslu hans.

ráðum. Sykursýki, ef hún greinist, er annars almennt ólæknanlegur sjúkdómur sem í kjölfarið þarfnast ævilangrar lyfjameðferðar.

**Samband margra þátta**

Vísindamenn hafa lengi velt því fyrir sér hver orsökin er og er hún iðulega samband af mörgum þáttum, en það ástand sem mætti kalla insúlínónæmi frumna í líkama þess sem er að þróa með sér sjúkdóminn er grundvallaratriði. Ef einstaklingur er staddur þar þarfnast líkami hans sífellt meira insúlíns, en getur að lokum ekki framleitt það sjálfur og þar með hækkar sykur í blóði og að lokum koma fram þau líkamlegu einkenni sem sjúkdómurinn framkallar. Þreyta, slappleiki, þorstlæti, aukin þvaglát, þyngdartap, sjóntruflanir, tíðar sýkingar og dofi eru algengust og allir ættu að þekkja.

Svo virðist sem stýringin á framleiðslu insúlíns í brisinu fari að mjög miklu leyti fram í gegnum heilann og einnig að þar komi fram fyrstu merkin um að frumurnar séu að verða ónæmari fyrir hormóninu sjálfu. Talsvert hefur verið skrifað um það hvernig miðtaugakerfið hefur áhrif á sykurbúskap okkar, ekki síst í tengslum við fæðuinntöku almennt og stýringar á henni. Má þar nefna verðlaunakerfi heilans sjálfs og ræsingu á því svo dæmi séu tekin. Okkur hefur hins vegar vantað góða möguleika á að mæla það ástand sem kalla má forstig, þ.e. þegar líkaminn er að byrja að verða ónæmur fyrir insúlíni og staðfesta þar með upphafsferli sykursýki og eiga betri möguleika á að vinda ofan af þeirri óheillaþróun. Svo virðist sem undirstúkan í heilanum sé sérstaklega næm og hefur hún áhrif á ákveðin prótein í líkamanum sem kallast BCAA (branched-chain amino acids) sem hingað til hefur verið vitað að eru aukin í þeim sem eru með sykursýki eða offitu.

Mælingar á þessum próteinum í líkamanum lofa góðu og virðast samkvæmt vísindamönnum í Bandaríkjunum gefa tilefni til bjartsýni að hægt verði að finna þá einstaklinga sem eru í aukinni hættu og vonandi hjálpa þeim fyrr í ferlinu á rétta braut og koma í veg fyrir þróun þessa alvarlega sjúkdóms.

# Beiðni til ríkisstjórnarinnar

HEILBRIGÐISMÁL
Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands



Á vordögum samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðir í þágu lækninga við mænuskaða. Ályktunin er mjög til fyrirmyndar og verði henni fylgt eftir í stórum dráttum af ríkisstjórn gæti það leitt til ýmissa góðra hluta á alþjóðlegu taugavísindasviði. Í ályktuninni er kveðið á um fjögur meginatriði. Eitt þeirra og það sem ég vildi gera að áhersluatriði hér er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja eftir vitundarvakningu um málefni mænuskaða á alþjóðavettvangi, jafnhliða stuðningi við átak Sameinuðu þjóðanna um bætt umferðaröryggi. Í þeim tilgangi verði leitað stuðnings við það að eitt af þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem sett verða árið 2015 beinist að framförum í lækningu sjúkdóma og skaða í taugakerfinu.“

Á dögunum fóru Nóbelsverðlaunin í læknisfræði til eins af Norðurlöndunum. Þau fóru til taugakerfisins. Nóbelsverðlaunahafarnir uppgötvuðu frumur sem mynda staðsetningarhæfni heilans. Þessi merkilega uppgötvun gæti orðið grunnurinn að stórauknum skilningi á virkni miðtaugakerfisins ef vel er hlúð að.

Nú standa fyrir dyrum fundir íslenskra ráðherra með kollegum sínum á öðrum Norðurlöndum. Í tilefni Nóbelsverðlaunanna vil ég leyfa mér að beina þeirri ósk til þeirra ráðherra sem fundina sækja að nota tækifærið og hvetja samráðherra sína á Norðurlöndum til að standa saman um að þau leggi fram tillögu hjá Sameinuðu þjóðunum þess efnis að „aukinn skilningur á virkni taugakerfisins“ verði gerður að einu þróunarmarkmiðanna sem Sameinuðu þjóðirnar setja á næsta ári. Með því uppfylla íslensku ráðherrarnir það ákvæði í þingsályktuninni sem að framan greinir og styðja við taugavísindi á Norðurlöndum og í allri veröldinni. Alþjóðlegt taugavísindasvið þarf mjög á pólitískri aðstoð að halda.


GÓÐIR, NÝLEGIR, TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



Audi A4 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 42.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.390.000



VW Tiguan Track&Style TDI 140 hö. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 29.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.790.000



VW Passat Var 4Motion TDI. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 39.500 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.790.000



VW Polo 1.4 Comfl. 85 hö
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 41.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000



Skoda Superb Combi TDI 140 hö. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 98.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.570.000



Skoda Octavia Combi 4x4 2.0 TDI. Árgerð 2011, dísil
Ekinn 79.500 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.670.000



Skoda Rapid Amb. 1.2 105 hö. Árgerð 2013, bensín
Ekinn 39.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.690.000



MMC Pajero 3.2 Intense
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 68.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 7.390.000



Toyota Land Cruiser 150 GX. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.680.000



Kia Cee'd EX 1.6 New
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 19.600 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.690.000

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Komdu og skoðaðu úrvalið!

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16







# Höfum við efni á að færa áfengi í matvöruverslanir?

Í greinargerð með frumvarpi um sölu áfengis í matvöruverslunum fylgir rökstuðningur þar sem tæpt er á rökum, helst um einstaklingsfrelsi.

Það gleymist oft að einstaklingsfrelsi eru oft settar skorður til að vernda hagi heildarinnar. Fiskveiðistjórnunarkerfi, umferðarlög, meiðyrðalöggjöfin, samkeppnislög og byggingareglugerðir eru dæmi um hömlur á einstaklingsfrelsinu til að vernda hagsmuni heildarinnar.

Ljóst er að flutningsmönnum er umhugað um skaðsemi áfengisneyslu en fjalla aðeins um það í tengslum við neyslu á ólöglegu áfengi eins og heimabruggi. Í því ljósi er vert að benda á að heildarskaðsemi áfengisneyslu er mun meiri af löglegu áfengi en af heimabruggi, fyrst og fremst vegna þess að mun fleira fólk neytir löglegs áfengis en ólöglegs. Sögusagnir um skaðsemi heimabruggs byggjast m.a. á atvikum þar sem fólk drekkur of mikið af heimabruggi (sama neysla löglegs áfengis hefði líklega valdið sama skaða) og á hörmulegu slysi í Vestmannaeyjum árið 1943 þegar 9 manns létust eftir að tunna sem rak til Eyja reyndist innihalda tréspíritus en ekki áfengi eins og talið var í fyrstu. Áfengissala og áfengisneysla minnkaði hér á landi á árunum eftir hrun. Neysla á heimabruggi og smygli vó ekki upp minni sölu ÁTVR.

SAMFÉLAG




**Stefán Hafrn Jónsson**
dósent við Háskóla Íslands


### Samfélagsleg skaðsemi

Í ritinu „Áfengi, engin venjuleg neysluvara“ sem auðvelt er fjallað um áfengi, áfengisneyslu og skaðsemi út frá öðru sjónarhorni en framleiðenda, dreifingar- og smásöluaðila. Fátt ef nokkuð í þessi riti ratar í greinargerð frumvarpsins. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að skaðsemi áfengis er ekki síst samfélagsleg. Í ritinu kemur einnig fram að fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að aukið aðgengi að áfengi hefur jafnan í för með sér aukna neyslu og aukin neysla hefur í för með sér aukin áfengistengd vandamál fyrir bæði einstaklinga og samfélag.

Það er rétt sem kemur í fram í greinargerð frumvarpsins að með breyttum starfsháttum ÁTVR hefur aðgengi að áfengi aukist og mögulega má rekja hluta af aukinni áfengisneyslu til þess. Þjónusta ÁTVR hefur breyst á þann hátt að flestir landsmenn geta, ef þeir vilja, hagað skynsamlegum áfengiskaupum sínum þannig að þeir geti haft rauðvín með steikinni eða hvítvín með ljúffengu sjávarfangi án þess að einstaklingsfrelsi þeirra sé verulega skert.

Þó aðgengi hafi aukist í seinni tíð með aukinni þjónustu ÁTVR þá er ekki sjálfgefið að aðgengi geti ekki aukist enn frekar. Aðgengi felst ekki aðeins í fjölda metra frá heimili að vínbúð. Sem dæmi þá skerðir aukinn kostnaður aðgengi. Ef bjórflaska kostar t.d. 5.000 kr. þá er aðgengi að bjór töluvert skert. Ef fólk kýs að eiga alltaf mikið af áfengi heima fyrir er aðgengi að áfengi mun meira en ef það kaupir sér aðeins 2 flöskur í vikulegri ferð í vínbúð. Markaðsfræðingar vínframleiðenda vissu vel að með því að hefja sölu á kassavíni jókst aðgengi fólks að áfengi (það var oftar til heima) og neyslan jókst. Ef fólk þarf að gera sér ferð í sérverslun með áfengi þá er aðgengið minna en ef áfengi er selt í matvöruverslun þangað sem fólk á oftar erindi.

### Hilluspeki markaðsfræða

Það er vel þekkt í markaðsfræðum að uppstilling á vörum í verslun hefur mikil áhrif á það hversu margir viðskiptavinir kaupa vöruna. Sælgæti og snakki er stillt þannig upp í verslunum til að fólk kaupi meira af því en það upphaflega ætlaði. Hilluspeki markaðsfræðanna hættir ekki að virka þegar áfengi er selt. Það selst meira af áfengi ef því er stillt upp þar sem fólk á oft leið um í matvöruverslunum en í sérmerktum vínbúðum. Fólk drekkur oftar áfengi ef áfengi er oftar í boði í veislum. Auðvitað er það ákvörðun hvers og eins hvort og hvenær hann eða hún kaupir og drekkur áfengi, en fullyrðingar þess efnis að neyslan aukist ekki nema til skamms tíma verði það selt í matvöruverslunum ganga vart upp sé málið greint út frá markaðsfræðunum.

**➜ Hvergi er minnst á í greinargerð frumvarpsins hvernig eigi að bregðast við auknu álagi á heilbrigðiskerfið samfara aukinni áfengisneyslu. Það er vissulega fagnaðarefni að vita að samkvæmt frumvarpinu er til meira fé til forvarna.**

Ráðherrar og þingmenn ríkisstjórnar sem láta sig lýðheilsu og forvarnarmál varða þurfa að meta hvort vegi þyngra, hagsmunir minni brugghúsa og aukin þægindi landsmanna við innkaup áfengis eða aukinn kostnaður í heilbrigðiskerfinu samhliða aukinni neyslu áfengis. Hvergi er minnst á í greinargerð frumvarpsins hvernig eigi að bregðast við auknu álagi á heilbrigðiskerfið samfara aukinni áfengisneyslu. Það er vissuleg fagnaðarefni að vita að samkvæmt frumvarpinu er til meira fé til forvarna. Fjölmargir sérfræðingar í áfengismálum hafa hins vegar rökstutt faglegt forvarnargildi þess að viðhalda ríkisverslun á áfengi.

Þurfum við ekki fyrst að meta hvort við höfum ráð á auknu álagi á samfélagið sem fylgir aukinni áfengissölu áður en við berum fram frumvarp sem kollvarpar ríkjandi áfengisstefnu? Almannahagsmunir hljóta að vega meira en hagsmunir áfengisframleiðenda og ferðamannaiðnaðarins.

# Reykjavík varanleg staðsetning Landsmóts hestamanna

Nú líður senn að því að ákvörðun verði tekin um hvar halda skuli næstu tvö Landsmót hestamanna árin 2016 og 2018.

Niðurstaðan er í raun einföld. Víðidalurinn í Reykjavík hefur yfirburði til að halda Landsmót. Mikil uppbygging hefur verið á Fákssvæðinu í Víðidal á undanförnum árum og þar eru mjög góðar aðstæður, þær bestu sem fyrirfinnast á Íslandi, bæði fyrir hesta og menn. Hvergi á Íslandi er hægt að finna betri aðstæður fyrir mótsgesti en svæðið tekur alls um 16.000 manns og ganga gestir Landsmóts inn í alla þá þjónustu, fjölbreytta gistingu og afþreyingu sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða.

Út frá dýraverndunarsjónarmiðum eru bestu hugsanlegu aðstæður fyrir hesta á stórmóti í Víðidal. Húsarými er fyrir 3.000 hross sem og allan búnað þeirra. Hestarnir eiga þá sitt húsaskjól á staðnum og það minnkar mikið álag á hestunum, bæði líkamlega og andlega og þurfa þá ekki að vera í flutningum í hestakerrum til og frá mótsstað eins og þegar mótin eru haldin á landsbyggðinni. Þetta er stór og mikilvægur þáttur sem verður að taka með í reikninginn. Auk þess er dýraspítali á svæðinu og góð baðaðstaða fyrir hrossin í Víðidal. Kostnaður keppenda og eigenda hrossa á Landsmótum er mjög mikill sem verður að taka tillit til að draga úr eins og kostur er. Áhyggjuefni er að svo mikill er kostnaður sumra keppenda að þeir eru farnir að hugsa sig tvisvar um að halda á Landsmót.

LANDSMÓT




**Gunnar Arnarson**





**Kristbjörg Eyvindsdóttir**
hestamenn


### Mikil reynsla

Fákur er elsta hestamannafélag landsins og með flesta félagsmenn. Mikil reynsla og þekking er innan Fáks í að halda stórmót en félagið heldur árlega stærstu mót ársins s.s. Reykjavíkurmeistaramótið og Gæðingamót Fáks ásamt því að hafa haldið tvisvar Landsmót með góðum árangri.

**➜ Á svæði Fáks í Víðidal er auðvelt að halda áfram uppbyggingu og viðhalda framúrskarandi keppnissvæði fyrir stórmót í framtíðinni.**

Reykjavíkurborg er öflugasta sveitarfélag landsins og hefur burði og getu til styðja við stórviðburði sem Landsmót er. Af hverju ætti höfuðborgin þá ekki að vera varanlega staðsetningin fyrir Landsmót?

Á svæði Fáks í Víðidal er auðvelt að halda áfram uppbyggingu og viðhalda framúrskarandi keppnissvæði fyrir stórmót í framtíðinni. Við hljótum að vilja það besta fyrir Landsmót, þannig að það megi vera sem glæsilegast og árangursríkast fyrir hestamennskuna í heild. Landsmót skiptir greinina það miklu máli að það á ekki að vera með tilraunastarfsemi heldur að byggja á traustum grunni og fagmennsku. Hagkvæmast og farsælast væri að höfuðborgin yrði þjóðarvettvangur íslenska hestsins.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**BLINDIR HÁSKÓLANEMAR**

**Staðið verður fyrir hádegisfundi um málefni blindra og sjónskertra háskólastúdenta í húsakynnum Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, á miðvikudaginn klukkan 12. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Jafnréttisdaga Háskóla Íslands. Nánar á hi.is**


SÓFAR

ÚTFÆRUM SÓFA AÐ ÞÍNUM ÓSKUM
MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI




Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

NÆSTA NÁMSKEIÐ HEFST 15. OKTÓBER

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


# ÖFLUG LAUSN VIÐ BLÖÐRUBÓLGU

**GENGUR VEL KYNNIR** *Roseberry er öflug, náttúruleg, fljótvirk og fyrirbyggjandi lausn við blöðrubólgu sem hentar fyrir alla.*

Roseberry er náttúrulegt efni við blöðrubólgu sem hefur verið fáanlegt hérlendis í nokkur ár. Það inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC sem er virkasta efnið í þykkninu, læknakólfi (hibiscus) og C-vítamíni sem gefur þríhliða virkni og skjóta lausn gegn óþægindum vegna blöðrubólgu.

**NÁTTÚRULEGT EFNI**

Roseberry er unnið úr náttúrulegum efnum sem gerir það hentugt bæði fyrir fullorðna og börn frá 11 ára aldri. Ráðlegt er fyrir þá sem eru með mikil einkenni að taka inn þrjár töflur á dag í þrjátíu daga en þeir sem vilja fyrirbyggja þennan kvilla taka inn eina til tvær töflur. Gott er að taka töflurnar áður en farið er að sofa.

„Ég hef í gegnum tíðina verið að glíma við slæma þvagfærasýkingu og síendurtekna blöðrubólgu. Síðustu mánuði hef ég þurft á lyfjum að halda út af miklum veikindum sem ég er að kljást við og í tengslum við það náði sýkingin sér á strik þrátt fyrir að ég hafi endurtekið fengið lyf við þvagfæra- og blöðrubólgunni. Fyrir tveimur mánuðum var mér svo bent á náttúrulyfið Roseberry frá Mezina sem inniheldur þykkni úr trönuberjum auk C-vítamíns og efnis sem heitir hibiscus. Mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að taka inn Roseberry-töflurnar gat ég sagt skilið við lyfin. Nú tek ég tvær töflur á kvöldin fyrir svefninn og hef alveg verið laus við sýkingar. Ég mæli eindregið með Roseberry fyrir þá sem eru að glíma við þessar þrálátu og leiðinlegu sýkingar og mun halda áfram að nota töflurnar til að viðhalda heilbrigði þvagfæranna.

**GUÐLAUG ÞÓRÐARDÓTTIR, FYRRVERANDI KAUPMAÐUR OG „HELDRI BORGARI“.**



**HENTAR FÓLKI FRÁ 11 ÁRA OG UPP ÚR** Roseberry er náttúrulegt efni sem hefur gagnast fólki á öllum aldri í baráttunni við blöðrubólgu.




**Roseberry** er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.gengurvel.is


















**KÁTIR KRAKKAR** Sigríður Ósk og aðstoðarþjálfarinn Katrín Róbertsdóttir með hressum fimleikakrökkum í ÍR. MYND/STEFÁN

# VILJA FÁ FIMLEIKA-HÚS Í BREIÐHOLTIÐ

**FIMLEIKAR ENDURVAKTIR** *Íþróttafélag Reykjavíkur, ÍR, kennir nú fimleika að nýju en ekki hafa verið æfðir fimleikar hjá félaginu í þrjátíu ár. Byrjað er nánast á núlli og er nú safnað fyrir tækjum og tólum sem þarf til að halda úti öflugu starfi í Breiðholti í framtíðinni.*

Þegar ÍR var stofnað árið 1907 var það einkum gert á grunni fimleika. Fyrstu tuttugu árin settu fimleikarnir mikinn svip á félagið. Með tímanum dalaði starfið og nú eru 31 ár síðan fimleikar voru síðast æfðir hjá félaginu. En nú í haust varð breyting þar á þegar byrjað var að kenna fimleika á yngsta stigi. Þar fer fremstur í flokki þjálfarinn, Sigríður Ósk Fanndal.

### SAFNA FYRIR LOFTDÝNU

„Þegar ÍR ákvað að endurvekja fimleikana var komið að máli við mig og ég hef því verið með í skipulagningunni frá upphafi,“ segir Sigríður sem er menntaður íþróttafræðingur, íþrótta- og grunnskólakennari og að klára sálfræðigráðu. Hún hefur áralanga reynslu af að þjálfa almenning og afreksmenn í fimleikum og sundi en skemmtilegast finnst henni að vinna með krökkum.

Ákveðið var að byrja smátt og þannig eru fimleikar nú kenndir í tveimur hópum, fyrir fimm ára og síðan 6 til 7 ára. „Það er spennandi en líka meiriháttar aðgerð að byggja upp fimleikadeild sérstaklega þegar litið er til fjármögnunar,“ segir Sigríður. Deildin hefur þó notið stuðnings frjálsíþróttadeildar ÍR sem heldur utan um starfið og styrkti um tvær milljónir til tækjakaupa. „Við höfum keypt nokkur áhöld en enn er mikið starf fyrir höndum,“ segir Sigga. Þegar er búið að kaupa nokkrar dýnur og einn kubb. Næst á dagskrá er að safna fyrir loftdýnu. „Við ætluðum að kaupa notaða dýnu af fimleikafélagi en það gekk ekki eftir. Því þurfum við að kaupa nýja dýnu sem kostar milli 1,6 og 1,8 milljóna króna.“ Til þess að ná settu markmiði hefur verið stofnuð foreldradeild sem vinnur að fjáröflunarleiðum. „Svo höfum við sótt um styrki og haft samband við fyrirtæki.“

### DREYMIR UM FIMLEIKAHÚS

Fimleikaæfingar fara vel af stað. „Við auglýstum ekkert í haust nema innan félagsins. Við finnum fyrir eftirspurn og það stefnir jafnvel í að við þurfum að fjölga hópum eftir áramót.





**VANTAR FLEIRI TÆKI** Stærsta verkefni nýrrar fimleikadeildar er að safna fyrir öllum þeim tækjum og tólum sem þarf til að halda úti öflugu starfi. MYND/STEFÁN

Fimleikadeildin, sem mun einbeita sér að hópfimleikum, hefur aðstöðu í íþróttahúsinu í Austurbergi. Það dugar eins og er en draumarnir ná þó enn lengra. „Draumurinn er að ÍR fái eigið fimleikahús í Breiðholtið. Það væri frábært fyrir Breiðhyltinga að geta verið í sínu eigin félagi, í sínu eigin hverfi og þurfa ekki alltaf að sækja æfingar út fyrir það.“

# VAKNAR ÚTHVÍLD OG LÍÐUR BETUR

**ICECARE KYNNIR** *Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

**ENGAR BYLTUR LENGUR**

Dagbjört Jóna Guðnadóttir hefur tekið Melissa Dream í þrjá mánuði og vaknar nú úthvíld á morgnana. „Í um eitt ár hafði ég átt erfitt með að sofna á kvöldin. Ég hef verið með mikla verki í líkamanum sem stafa af slitgigt en eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream finn ég mjög mikinn mun. Ég slaka mikið betur á þegar ég leggst upp í og er fljót að sofna á kvöldin. Byltur til að finna rétta stellingu til að sofna heyra sögunni til eftir að ég fór að taka Melissa Dream.




**SLAKAR BETUR Á**

Unnur Hjartardóttir hefur lengi átt erfitt með svefn og fundist erfitt að slaka á vegna þreytu og verkja. „Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream fyrir fjórum mánuðum hef ég fundið miklar breytingar til hins betra. Ég tek tvær töflur um það bil klukkutíma fyrir svefn á kvöldin og ég finn að ég slaka betur á og þreytuverkir og fótapirringur hafa minnkað mikið. Ég vakna úthvíld og mér líður almennt betur í líkamanum eftir að ég byrjaði að taka Melissa™.“

**SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN**

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar. Sítrónumelis-töflurnar viðhalda góðum og endurnærandi svefni.

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelis-taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.



**FLJÓTARI AÐ SOFNA** Dagbjört finnur miklu minna fyrir verkjum vegna slitgigtar eftir að hún fór að taka Melissa Dream. Hún slakar betur á og er fljótari að sofna. MYND/VALLI



**ÚTHVÍLD** Unnur Hjartardóttir hefur lengi átt erfitt með svefn en líður mun betur eftir að hún byrjaði að taka Melissa Dream. MYND/VALLI

# ALLT ANNAÐ LÍF OG BETRI SVEFN

*Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Soffía Káradóttir ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur þegar hún sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. „Ég var að byrja á breytingaaldrinum og vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum. Eftir aðeins tíu daga notkun á Femarelle voru öll einkennin horfin. Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófum lengur eða fótaóeirð. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum.




Femarelle gerir það mikið fyrir mig að ef ég gleymi að taka töflu þá finn ég strax fyrir því þegar það hefur gerst.“

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég veit af einni vinkonu minni sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli einnig með glöðu geði með því að aðrar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle því að ég gæti ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst því, þvílíkt undraefni.“



**SEFUR BETUR** Eftir að Soffía byrjaði að taka Femarelle vaknar hún ekki lengur upp á nóttunni, finnur ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður almennt betur. MYND/PJETUR

**SÖLUSTAÐIR**

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Einnig á vefverslun www.icecare.is. Nánari upplýsingar á www.icecare.is og Facebook.

# LÉTTVÍN HOLLT FYRIR HJARTAÐ EF FÓLK HREYFIR SIG REGLULEGA

**HJARTAÐ** *Ný rannsókn sem kynnt var á alþjóðlegri ESC-ráðstefnu um æða- og hjartasjúkdóma sem haldin var í Barcelona sýnir að léttvín getur haft góð áhrif á heilsuna sé þess neytt í hófi og hreyfing stunduð.*

Mismunandi fregnir berast sífellt af því hvort léttvín sé gott fyrir heilsuna. Samkvæmt þessari nýju rannsókn hefur léttvín góð áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma en einungis hjá þeim hópi sem hreyfir sig að staðaldri. Það þýðir því ekkert að leggjast upp í sófa eftir vinnu og eiga kósíkvöld með rauðvínsglasi. Þetta er fyrsta langtímarannsóknin sem ber saman áhrif rauðvíns og hvítvíns á æðakölkun. Vínið virðist geta lækkað vont kólesteról en drekka þarf í hófi og hreyfa sig að auki. Þá kom í ljós að hvítvín hefur sömu eiginleika og rauðvín. Áður var talið að einungis rauðvín væri gott fyrir heilsuna.

Í rannsókninni voru 146 manneskjur skoðaðar og héldu þær dagbók um mataræði, drykkjuvenjur og hreyfingu. Þetta fólk var valið af handahófi fyrir rannsóknina. Þátttakendum var sagt að drekka 2 dl (konur) og 3 dl (karlar) af rauðvíni eða hvítvíni á dag að hámarki fimm sinnum í viku. Drukkið var Pinot Noir-rauðvín og Chardonnay-Pinot-hvítvín frá sama ári og bæði vínin frá Tékklandi þar sem rannsóknin var framkvæmd.

Kólesteról var mælt reglulega og aðrir þættir skoðaðir sérstaklega eins og mataræði og hreyfing. Ekki var mikill munur á góðu kólesteróli eftir eitt ár en hættulega kólesterólið hafði lækkað og aðeins meira hjá rauðvínshópnum heldur en þeim sem drakk hvítvín. Báðar tegundirnar virtust þó lækka hættulegt kólesteról talsvert.



Rannsóknin þykir sýna að regluleg hreyfing, að minnsta kosti tvisvar í viku, auk hóflegrar neyslu léttvíns, dregur úr æðakölkun og verndar þar af leiðandi gegn hjarta- og æðasjúkdómum.

Áætlað er að gera sams konar rannsókn á fólki sem er í mikilli hættu að fá hjarta- og æðasjúkdóma, tekur inn blóðfitulækkandi lyf og hreyfir sig reglulega.

Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að léttvín auki magn góða kólesterólsins en ekki hafa áður verið skoðuð áhrif bæði rauðvíns og hvítvíns.

Þeir, sem finnst gott að fá sér léttvínsglas með matnum, geta gert það án samviskubits. En muna þarf að ekki er æskilegt að klára flöskuna. Þessi rannsókn eins og flestar aðrar staðfesta þar fyrir utan nauðsyn hreyfingar fyrir allan aldur, ekki síst þeirra sem eiga á hættu að fá hjarta- og æðasjúkdóm og að fólk gæti að mataræðinu.

ESC-ráðstefnan, Evrópu Society of Cardiology, er sú stærsta sem haldin er á sviði hjartalækninga. Ráðstefnan fór fram 30. ágúst til 3. september sl. í Barcelona á Spáni.



**SKÁL** Rauðvín eða hvítvín getur verið hollt fyrir hjartað sé þess neytt í hófi. Þá er nauðsynlegt að hreyfa sig að auki. MYND/GETTY






**GÓÐAR FYRIRMYNDIR** Foreldrar geta haft mikil áhrif á hvað börn þeirra hreyfa sig mikið. MYND/GETTY

## EIGA AÐ HREYFA SIG Í SEXTÍU MÍNÚTUR Á DAG

*Hreyfing er öllum börnum og unglingum sérstaklega mikilvæg. Þau ættu að hreyfa sig í minnst klukkutíma á dag og á hreyfingin að vera fjölbreytt.*

Sjaldan er of oft kveðið um mikilvægi hreyfingar fyrir góða heilsu. Börn og unglingar ættu að hreyfa sig í minnst sextíu mínútur daglega og ætti hreyfingin að vera eins fjölbreytt og mögulegt er til að efla sem flesta þætti líkamshreysti. Þar á meðal afkastagetu lungna, hjarta og æðakerfis sem og vöðvastyrk, liðleika, viðbragð og samhæfingu. Kröftug hreyfing sem reynir á beinin er sérstaklega mikilvæg fyrir og á kynþroskaskeiði fyrir beinmyndun og beinþéttni.

Mikilvægast er að sú hreyfing sem börnin stunda sé við þeirra hæfi og að þeim finnist hún skemmtileg. Börn og unglingar auka hreyfifærni sína við leiki og skipulagt íþróttastarf. Góð hreyfifærni veitir þeim svo aukið sjálfstraust og tækifæri til að stunda fjölbreytta hreyfingu þegar þau verða eldri.

Foreldrar og forráðamenn geta haft mikil áhrif á hvað börn þeirra hreyfa sig mikið. Þeir geta:

- Verið góð fyrirmynd og hreyft sig með börnunum.
- Hugað að eigin hreyfivenjum og barna sinna.
- Hvatt til útileikja og þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi.
- Bent á athafnir sem fela í sér hreyfingu þegar börnunum leiðist.
- Hvatt barnið til að ganga eða hjóla í og úr skóla.
- Gefið gjafir sem hvetja til hreyfingar, svo sem bolta, sippubönd, hjól og fleira.
- Samið við barnið um tímamörk fyrir daglega afþreyingu við skjá.

*Heimild: landlaeknir.is*

# VÖRUBÍLAR
## &VINNUVÉLAR

ÞRIÐJUDAGUR **14. OKTÓBER 2014**

**Kynningarblað**
**Bíla- og tækjafjármögnun, inn- og útflutningur, sand-og saltdreifarar, sendibílar, strætisvagnar, rútur, bátavélar, plæging og margt fleira.**



Nýr Langendorf-álvagn sem nýlega var afhentur.


Tveir sorphirðubílar frá Geesinknorba verða afhentir HP gámum ehf. á næstunni. Fyrirtækið er leiðandi framleiðandi á sviði sorphirðubúnaðar og er Klettur sölu- og þjónustuaðili fyrir það.


Bjarni Arnarson og Snorri Árnason, sölumenn vörubíla og vinnuvéla hjá Kletti.







MYNDIR/ERNIR

# Áralöng reynsla og sérþekking

**Klettur – sala og þjónusta ehf. er þjónustufyrirtæki sem sinnir flutninga-, stóriðju- og vinnuvélageiranum ásamt sjávarútvegi og fiskvinnslu. Hjá Kletti starfar á sjötta tug reynslumikils fólks með góða fagþekkingu. Fyrirtækið er meðal annars með umboð fyrir CATERPILLAR-vinnuvélar og Scania-vörubifreiðar. Um þessar mundir afhendir Klettur IAV nýjan Scania R580-dráttarbíl.**

Klettur kappkostar að veita viðskiptavinum sínum skjóta og góða þjónustu. „Starfsmenn okkar búa yfir áralangri reynslu og mikilli sérþekkingu sem er lykillinn að góðri og öruggri þjónustu,“ segir Bjarni Arnarson, sölustjóri hjá Kletti. Helstu vörumerki Kletts eru CATERPILLAR-vinnuvélar, aflvélar, rafstöðvar og lyftarar, Scania-vörubílar, hópbílar, bátavélar og rafstöðvar, Ingersloll Rand-iðnaðarloftpressur og Ausa-fjölnotavélar.

„Scania hefur verið leiðandi á íslenskum markaði til fjölda ára enda ávallt verið í fararbroddi með hagnýtar nýjungar. Í dag þykir Scania meðal annars skara fram úr varðandi nýju Euro6-vélarnar enda komu þeir fyrstir framleiðenda með slíkar vélar á markað og kynntu nýlega aðra kynslóð þeirra véla.“

Um þessar mundir er Klettur að afhenda IAV nýjan Scania R580-dráttarbíl en bíllinn er ætlaður til þungaflutninga og er gerður fyrir allt að 180 tonna vagnlest.

### Leiðandi á sínu sviði

„Þjónusta er lykilþáttur þegar kemur að rekstri bíla og tækja enda kappkostar Klettur að vera leiðandi á því sviði og hefur upp á að bjóða fullkomnustu aðstöðu sem völ er á,“ segir Bjarni.

Klettur rekur öfluga hjólbarðadeild og hefur meðal annars umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Goodyear–Dunlop og Rema Tip-Top. „Nýlega bættist nýr aðili inn hjá okkur en það er MAXAM sem sérhæfir sig í framleiðslu á vinnuvéladekkjum.“

### Klettur blæs til sóknar á nýjum sviðum

Starfsfólk Kletts reynir að hafa puttann á púlsinum og fylgjast með því besta sem völ er á á hverjum tíma fyrir sig. „Klettur hefur formlega tekið við umboði fyrir þýska vagnafyrirtækið Langendorf sem framleiðir sturtu- og vélavagna í miklu úrvali og er vel kynnt meðal íslenskra fyrirtækja enda leiðandi vörumerki á sínu sviði.

„Klettur afhenti fyrir skömmu fyrsta þriggja öxla álvagninn sem er af nýrri gerð og vegur aðeins 5,6 tonn og tekur 26 rúmmetra,“ segir Bjarni. Hann bætir við að Klettur hafi nýlega gerst sölu- og þjónustuaðili fyrir Geesinknorba, sem er leiðandi framleiðandi á sviði sorphirðubúnaðar. Fyrstu tveir bílarnir verða afhentir HP gámum ehf. á næstunni og fjórir bílar Reykjavíkurborg síðar á árinu.

### Tæki til vetrarþjónustu

Klettur er vel í stakk búinn til að þjónusta viðskiptavini sína sem sinna vetrarþjónustu og er meðal annars umboðsaðili Larue-snjóblásara frá Kanada, er með snjótennur fyrir vörubíla og vinnuvélar frá Malers, Tellefsdal og Holms ásamt vönduðum norskum snjókeðjum frá Trygg.




# Bílar hafa svo skemmtilega sál

Elva Hrönn tekur ljósmyndir af bifreiðum og mótorhjólum frá mörgum sjónarhornum. Hún segir hvern bíl hafa sín sérkenni og sál. Hún ferðast á vörubíl og mótorhjóli um landið og sér þannig landið frá öðru sjónarhorni. Á meðan safnar hún efni í fyrstu ljósmyndabók sína.

Áhugaljósmyndaranum Elvu Hrönn Guðbjartsdóttur þykir fátt skemmtilegra en að taka ljósmyndir af bifreiðum og mótorhjólum. Hún lætur sér ekki nægja að taka myndir af kyrrstæðum tryllitækjum heldur tekur líka ljósmyndir af landinu sem farþegi á mótorhjóli eða farþegi í risastórum vörubíl sem unnusti hennar, Valtýr Sigurður Ísleifsson, keyrir. Sjálf hefur Elva verið með bíladellu frá unglingsaldri enda dóttir Batta rauða (Guðbjarts Þórðar Pálssonar) sem rak um tíma eina stærstu bílaleigu Norðurlanda.

Hún segir bifreiðar hafa skemmtilega eiginleika og sál sem hægt sé að mynda frá mörgum sjónarhornum. „Þeir þurfa svo sannarlega ekki að vera nýir og glansandi og ryð setur líka skemmtilegan sjarma á myndirnar. Eftir allar myndatökur sér maður að bíll er ekki sama og bíll. Síðan tek ég margar myndir af fornbílum en set þá gjarnan skilyrði að ég megi keyra þá líka! Það er ekki slæmur bónus.“

Unnusti Elvu keyrir glænýjan Volvo Globetrotter 2014 auk þess að eiga Hondu CBF 1000 ST 2014 mótorhjól. „Það er mikil upplifun að sjá landið úr Volvo-trukknum enda situr maður svo hátt uppi. Einhvern veginn sér maður hlutina allt öðruvísi auk þess að sjá nýja hluti í landslaginu sem sjást ekki þegar maður keyrir í hefðbundnum bíl.“

Nýi Volvo-trukkurinn fékk skemmtilega merkingu nýlega þegar Elva gaf Valtý númeraplötuna „Sæti minn“. Um einkahúmor þeirra er að ræða en Elva hefur kallað Valtý „sæti minn“ þegar hún dreifir myndum af honum á samfélagsmiðlum. „Sumir vinnufélaga hans voru farnir að stríða honum á þessu þannig að ég og dóttir mín fengum þá hugmynd að panta númeraplötu með þessu nafni. Hún stoppaði þó stutt í bílglugganum en hann geymir hana að sjálfsögðu í bílnum.“

Elva hélt ljósmyndasýningu í sumar þar sem hún sýndi myndir af ýmsum farartækjum. „Ég er oft með annað sjónarhorn en aðrir ljósmyndarar og tek til dæmis myndir úr afturglugganum, á ferð, gegnum hliðarspegilinn og baksýnisspegilinn. Einnig vinn ég myndirnar öðruvísi þar sem ég er kona og kem þannig með smá rómantík inn í myndirnar.“ Elva stefnir á aðra sýningu næsta haust og að gefa út ljósmyndabók. „Ég á mörg þúsund myndir á lager og það ætti að vera lítið mál að skella í eina bók ef svo ber undir.“

Áhugasamir geta skoðað ljósmyndir Elvu á Facebook-síðunni Bílaljósmyndir Elvu Hrannar.



Elva Hrönn Guðbjartsdóttir og Valtýr Sigurður Ísleifsson fyrir framan Volvo-trukkinn. Númeraplatan sem Elva gaf Valtý er í glugganum. MYND/PJETUR







Nýir og gamlir bílar og mótorhjól eru eftirlætismyndefni Elvu Hrannar. MYND/ELVA HRÖNN

Vantar þig nýtt eða notað atvinnutæki ?



Sérhæfum okkur í sölu og innflutningi á vinnuvélum, vörubílum og dráttarvélum.





Hafðu samband og fáðu tilboð í tækið sem þig vantar.

Traust og góð þjónusta.

B.STURLUSON

B.Sturluson ehf • Sala á atvinnutækjum • Vagnhöfði 9
110 Reykjavík • 577 11 89 – 774 11 88 • www.trucks.is

# Enn að eftir 25 ár

Heiðarleiki er eitt lykilatriða í rekstri RAG Import & Export sem hefur starfað í nær aldarfjórðung. Fyrirtækið er bæði í inn- og útflutningi vörubíla og vinnuvéla.

RAG Import & Export byggir á gömlum og traustum grunni enda hefur eigandi þess, Rafn A. Guðjónsson, starfað í greininni í áratugi. Fyrirtækið er bæði í inn- og útflutningi á vörubílum og vinnuvélum og rekur stærstu og virkustu sölusíðu landsins á þessu sviði. Rafn segir að frá upphafi hafi hann fyrst og fremst þjónað hinum almenna vinnuvéla- og vörubílaeiganda en nú hafi landbúnaður bæst við og sé það sístækkandi hluti rekstursins. „Aðalvörumerki okkar er Fliegl en við seljum frá þeim fjölbreytt úrval dráttarvagna, s.s. gámagrindur og efniskerrur og svo auðvitað hina einstöku Push-Off-vagna auk landbúnaðartækja og annarra lausna fyrir landbúnað. Fliegl er með mjög sterka landbúnaðardeild og höfum við til dæmis selt frá þeim stærstu heyvagna sem hafa komið hingað til landsins.“



„Aðalvörumerki okkar er Fliegl en við seljum frá þeim fjölbreytt úrval dráttarvagna,“ segir Rafn A. Guðjónsson, eigandi fyrirtækisins. MYND/ERNIR

Rafn nefnir sérstaklega Push-Off-vagnana og pallana frá Fliegl sem slegið hafa í gegn í Evrópu. „Með þeim er hægt að losa vagna án þess að þurfa að sturta heldur er farminum hreinlega ýtt af sem tekur bæði minni tíma og er líka mun öruggari aðferð. Þegar stóru Brudermühl-umferðargöngin í Þýskalandi voru malbikuð nýlega kom ekkert annað til greina en Push-Off enda helst malbikið lengur heitt og verkefnið vinnst mun hraðar. Landbúnaðargeirinn varð fyrstur til þess að tileinka sér þessa tækni og aðrir eru að vakna,“ segir Rafn og brosir.

Hann segir marga hafa haldið að reksturinn yrði erfiður þegar hann stofnaði fyrirtækið á sínum tíma en raunin varð önnur. „Fyrirtækið náði fljótlega góðri fótfestu á markaðnum. Þetta er fyrst og fremst spurning um að vera heiðarlegur í viðskiptum; viltu selja viðskiptavininum einu sinni eða viltu að hann komi aftur og aftur. Við byggjum á traustu baklandi og leynum viðskiptavininn engu, allar tölur eru uppi á borðinu. Þannig höfum við náð að byggja upp traust meðal viðskiptavina okkar gegnum tíðina og ekki skemma fyrir þær gæðavörur sem við seljum.“

Á vefsíðu RAG (www.rag.is) má finna ýmis atvinnutæki til sölu, bæði ný og notuð og er leitast við að hafa allar upplýsingar á vefnum vel uppfærðar. Einnig nýtur Facebook-síðan stöðugt meiri vinsælda þar sem viðskiptavinir geta fylgst með hvað er í gangi hverju sinni og hver er að kaupa hvað.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512-5429
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Þekking, reynsla og sveigjanleg kjör

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans (B&T) hóf starfsemi árið 2011 og sérhæfir sig í fjármögnun til fyrirtækja og einstaklinga á hvers kyns farartækjum, eða m.ö.o. við kaup á nýjum og notuðum bílum, mótorhjólum, sleðum og ferðavögnum. Helga Friðriksdóttir, forstöðumaður B&T, segir Landsbankann byggja sérstöðu sína á þekkingu, reynslu og sveigjanlegum og góðum kjörum.

Helga Friðriksdóttir, forstöðumaður B&T, segir margt hafa breyst í útlánastarfsemi á síðustu árum, sérstaklega hefur sveigjanleiki aukist og viðskiptavinir hafa því mun meira val en áður. „Nú er hægt að velja á milli óverðtryggðra lána eða samninga á breytilegum vöxtum og fyrirtækjum bjóðast sérhæfðari vörur, svo sem rekstrarleiga og birgðafjármögnun bíla og tækja. Lánshlutfall og lánstími í fyrirtækjafjármögnun geta verið breytileg eftir aðstæðum og vörum enda er líftími atvinnutækja mislangur. Almennt bjóðum við allt að 80 prósent lánshlutfall, án virðisauka og allt að sjö ára lánstíma. Kjörin eru góð og afborganir geta tekið mið af árstíðabundnum sveiflum í rekstri, þannig að við teljum okkur vera að bjóða viðskiptavinum okkar mjög góða vöru.“

Helga segir að vextir séu mismunandi eftir vörum og viðskiptasambandi. Vörðufélagar fái til dæmis betri kjör sem þýðir að vextir og lántökugjöld eru þá lægri. „En þjónustan er líka stór hluti af tilboðinu og ákvarðanir um fjármögnun þurfa að byggjast á faglegu mati sem við getum aðstoðað með,“ bætir Helga við.

### Nýjar áherslur viðskiptavina

Helga segir að breytingar hafi orðið á óskum viðskiptavina. „Við verðum mikið vör við aukinn áhuga viðskiptavina á umhverfisvænni bílum. Sala á svokölluðum grænum bílum hefur aukist mikið og við bjóðum sérkjör á fjármögnun þeirra enda er samþætting umhverfissjónarmiða við almennan rekstur bankans hluti af samfélagslegri ábyrgð okkar.“

### Góð þjónusta og betri kjör

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans er til húsa í Borgartúni 33 í Reykjavík en í því húsi opnaði Landsbankinn Fyrirtækjamiðstöð fyrr á þessu ári. Það er miðstöð þjónustu við smá og meðalstór fyrirtæki. Helga segir að þetta skipti miklu þegar kemur að þjónustunni: „Í Borgartúninu getum við boðið minni og meðalstórum fyrirtækjum heildarlausnir á sviði fjármögnunar, allt á einum og sama staðnum. Þetta er mjög þægilegt fyrir okkar viðskiptavini. Við búum líka svo vel að vera með öflugt útibúanet um allt land og viðskiptavinir okkar utan höfuðborgarsvæðsins geta alltaf sótt ráðgjöf í sitt útibú, hvar sem er á landinu,“ útskýrir Helga.

### Sérstaða Landsbankans byggist á afburða þjónustu

Helga segir að sérstaða Landsbankans felist í góðri þjónustu, stærð á markaði og nánum tengslum við samstarfsmenn í bílaumboðunum og á bílasölunum. „Þetta er geysilegur styrkur fyrir okkur og okkar viðskiptavini og tryggir faglega og skilvirka starfsemi. Starfsmenn B&T hafa verið lengi í „bransanum“ og hafa mikla þekkingu og reynslu sem við byggjum á og hefur skapað okkur traust á markaði. Við hlustum á okkar viðskiptavini og bjóðum vörur og þjónustu sem taka mið af þörfum þeirra og viljum standa undir því að vera traustur samherji í fjármálum.“


Helga Friðriksdóttir, forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans.



Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans

Landsbankinn býður fyrirtækjum hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, atvinnutækjum, vélum og ýmsum rekstrartækjum.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Úrval þekktra vörumerkja

Fyrirtækið A Wendel ehf. hóf starfsemi árið 1957 og er þekkt fyrir góða þjónustu og úrval þekktra vörumerkja í vetrarbúnaði og vinnuvélum.

A Wendel er meðal annars sölu- og þjónustuaðili fyrir sand- og saltdreifara frá Epoke A/S en þeir hafa í mörg ár verið brautryðjendur í hönnun og smíði salt- og sanddreifara. Að sögn Jóns Wendel, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, er þessa dagana verið að afhenda búnað til verktaka sem eru að hefja nýjan vetrarþjónustusamning við Vegagerðina á suðvesturhorni landsins. Þar á meðal eru mjög fullkomnir saltdreifarar sem eru búnir stórum tönkum fyrir saltpækil (saltvatnsblöndu) og sílóum fyrir salt eða sand, svokallaðir Combi-dreifarar. Þessir dreifarar gera það kleift að dreifa einvörðungu saltpækli um úðastúta frá 2ja metra breidd upp í 12 metra breidd eða blöndu af þurrsalti og pækli um dreifidisk út í 12 metra.

### Pækilnotkun að færast í vöxt

Pækilnotkun hefur færst í vöxt víða um heim sem gerir að verkum að saltnotkun verður minni og veldur þar af leiðandi minni mengun. Virkni pækils er mjög hröð og viðloðun við yfirborð vegar er mun betri en á saltkornum auk þess sem mjög hentugt er að nota pækil við forsöltun til að fyrirbyggja hálku. Allir dreifararnir verða útbúnir EpoTrac-búnaði sem skráir allar aðgerðir svo sem efnisnotkun; bæði þurrefni og vökva, dreifibreidd, hraða bíls og notkun snjótanna með tíma og staðsetningu. Allar þessar upplýsingar sendast sjálfkrafa inn á tölvu í stjórnstöð Vegagerðarinnar.




Jón Wendel, framkvæmdastjóri A Wendel.

Nokkrir þessara dreifara sem verða við vinnu innan Stór-Reykjavíkursvæðisins verða einnig búnir EpoSat GPS Spreading-búnaði. EpoSat GPS-búnaðurinn kemur til með að stjórna aðgerðum dreifarans miðað við staðsetningu á þann hátt að þegar dreifarinn kemur inn á fyrirfram skilgreindar leiðir þá fer hann í gang og framkvæmir forritaðar aðgerðir til dæmis kastbreidd, kastátt, efnismagn og efnisval miðað við staðsetningu.

### Þekkt merki

A Wendel er með umboð fyrir mörg þekkt vörumerki eins og Ammann, jarðvegs- og malbiksvaltara, jarðvegsþjöppur, malbikunarvélar og malbiksstöðvar, Johnston Engineering-gatnasópa, Överaasen-kastplóga, snjóblásara og snjóhreinsibúnað fyrir flugvelli en kastplógar og snjóblásarar frá þeim hafa verið í notkun hér á landi í áratugi.



Epoke AST 4902 Combi salt- og vökvadreifari.



Överaasen-UTV-600-snjóblásari.



Johnston 651-götusópur.

# Plægja með náttúruna í liði sínu

Fyrirtækið Grafan var stofnað árið 1968 og er því eitt af elstu fyrirtækjum á sínu sviði með trausta og reynda starfsmenn. Grafan sérhæfir sig í plægingu á lögnum fyrir síma, ljósleiðara, rafmagn og vatn um land allt.

Grafan var stofnuð í Reykjavík 20. nóvember 1968 og verður því 46 ára í næsta mánuði.

„Fyrirtækið stofnaði Vilhjálmur Þorkelsson og ég kom inn í það sem meðeigandi 1974. Nafnið Grafan lá beinast við því fyrirtækið var stofnað utan um eina traktorsgröfu," segir Sveinn Árnason, núverandi eigandi Gröfunnar.

Vilhjálmur hætti afskiptum af Gröfunni árið 2006 og flutti þá utan til Svíþjóðar.

„Hann kemur þó enn þá heim til að hjálpa okkur þegar mikið er um að vera og hefur gaman af," segir Sveinn brosmildur.



Sveinn Árnason er eigandi Gröfunnar. Hann keypti sína fyrstu gröfu árið 1964 og segir starfið skemmtilegt en sveiflukennt, í takt við íslenska efnahagskerfið. MYND/STEFÁN

### Lítið inngrip í náttúruna

Fyrstu starfsár Gröfunnar snerist starfsemin um verktöku og vélaleigu fyrir opinbera aðila á Reykjavíkursvæðinu. Árið 1980 varð vendipunktur í starfsemi fyrirtækisins.

„Þá fórum við að sérhæfa okkur í plægingu á síma- og rafstrengjum, vatnslögnum og ljósleiðarastrengjum í dreifbýli. Mest unnum við fyrir Landsímann við lagningu símstrengja í staðinn og um leið og sjálfvirka símkerfið var tekið í notkun," útskýrir Sveinn og síðar meir tók svo við lagning ljósleiðara.

„Einnig höfum við unnið mikið fyrir Rarik, Landsvirkjun, Mílu, Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri fyrirtæki. Strengjalagnir okkar í jörðu telja nú mörg þúsund kílómetra. Nú eru sveitarfélög í auknum mæli farin að ljósleiðaravæða hjá sér og er Grafan því góður kostur að leita til við undirbúning slíkra verkefna," segir Sveinn.

Þess má geta að Grafan á sín eigin flutningatæki og sér sjálf um flutninga, sé þess óskað.

„Markmið Gröfunnar er að fara mjúkum höndum um náttúruna og vinna eins umhverfsvænt og unnt er þegar koma þarf lögnum í jörð á milli staða úti á landi. Það er alls ekki jafn mikið inngrip eða jarðrask og menn vilja stundum vera láta því plæging er án efa sú jarðvinna sem minnst sést á eftir ef menn vinna rétt. Sárið er að mestu horfið eftir árið og vinnuaðferðin margfalt vistvænni en að moka skurð og ofan í hann aftur."

Grafan hefur frá upphafi sérhæft sig í fyrsta flokks tækjakosti.

„Við vorum fyrstir með vökvastýrðan plóg sem er fasttengdur aftan á jarðýtu og höfum síðan bætt við okkur stærri plógum og víbraplógum sem titra á meðan lagt er. Það auðveldar plægingu á þéttum og erfiðum jarðvegi."

### Afbragðs tækjakostur

Að sögn Sveins fer langur tími í umhverfismat, samþykktir og heimildir til lagningar á jarðstrengjum frá opinberum aðilum þegar kemur að verkefnum á landsbyggðinni.







Unnið að lagningu háspennustrengs og ljósleiðara við Kleifarvatn. Farið er fyrir enda á sandklöppum þar sem grafan er ofan í vatninu.

„Það heftir eðlilega framvindu í tæknimálum á landsbyggðinni og ætti að vera komið mun öflugra ljósleiðara- og símakerfi um landið en nú er."

Stærstu viðskiptavinir Gröfunnar eru aðilar í fjarskiptum og rafstrengjum ásamt hitaveitu og lögnum fyrir kalt vatn.

„Við vinnum líka fyrir einkaaðila og fólk getur leitað til Gröfunnar með hvað sem er. Við vinnum allan gröft og höfum áratuga reynslu í lögnum utanbæjar og í þéttbýli," segir Sveinn.

Grafan er á Eirhöfða 17. Sjá nánar á grafan.is

www.velaborg.is

VB VÖRUMEÐHÖNDLUN ehf.
VB Material Handling ltd.

# ÞÚ NÆRÐ LENGRA MEÐ BOBCAT

## NÝ KYNSLÓÐ SKOTBÓMULYFTARA FRÁ BOBCAT






### Afrakstur mörg þúsund klukkustunda þrotlausra álagsprófanna

- Endurhannað rýmra ökumannshús
- Stafrænn upplýsingskjár í mælaborði
- Stórbætt útsýni ökumanns
- Akstursstefnu rofi í stýripinna
- Endurhönnuð bóma með öllum leiðslum innanverðum
- Endurhönnuð burðargrind með lækkuðum bómubolta
- ✷ Fjöldi valmöguleika í boði

Bobcat®





VB Vörumeðhöndlun • Járnháls 2-4 • 110 Reykjavík • Síminn 414-8600

VBvorumedhondlun.is



**Bobcat 430 FT**
3,7 tonn
3.000 vinnustundir
**Gott eintak**
**VERÐ kr. 3.800.000 + vsk.**



**DAF XF 105/460 FTG**
Árgerð 2007
Ekinn 449.300 km
**VERÐ kr. 5.500.000 + vsk.**



**Jungheinrich EFG216**
Lyftigeta 1,6 tonn
Lyftihæð 3,3 metrar
**VERÐ kr. 1.490.000 + vsk.**

**Eigum fleiri verksmiðju uppgerða lyftara á lager.**



**Terex TC240**
Hlaðin aukabúnaði
25 tonn
3.000 vinnustundir
**Verð: 14.400.000**



**New Holland MH3.6**
m/rototilt
12,6 tonn
4.700 vinnustundir
**Verð: 9.900.000**



**Hágæða sæti fyrir allar gerðir vinnuvéla og atvinnubíla**

VB S: 414-8600
VÖRUMEÐHÖNDLUN
Járnháls 2 - 110 Reykjavík

# Sögulegar vélar fá nýtt heimili

Landbúnaðarsafn Íslands var opnað á nýjum stað í Halldórsfjósi á Hvanneyri í byrjun mánaðar. Þar með fengu dýrmætar dráttarvélar framtíðarheimili þar sem gestir geta komið og fræðst um sögu og þróun íslensks landbúnaðar.



Bjarni Guðmundsson á Austin 1920, fyrstu vélinni sem notuð var sem dráttarvél á Íslandi. Bjarni segir að þorri vélanna á safninu sé gangfær og að þær séu hreyfðar við hátíðleg tækifæri. MYND/PJETUR

Það er mikill léttir að vera kominn hingað, ég bara geng um og geri varla neitt," segir Bjarni Guðmundsson, verkefnastjóri Landbúnaðarsafns Íslands, hlæjandi. Hann hefur ásamt fleira góðu fólki staðið í ströngu í haust við að flytja safnið í nýtt húsnæði. „Þetta eru engin smá tæki sem við höfum þurft að færa milli húsa. Líklega höfum við flutt á annað hundrað tonn af járni," lýsir hann en opnunarhátíð var haldin í Halldórsfjósi í byrjun mánaðarins þar sem hið nýja húsnæði Landbúnaðarsafns Íslands er. „Fjósið var byggt yfir sjötíu kýr árið 1928 og er eiginlega safngripur sem slíkt því húsinu hefur lítið verið breytt. Í stað kúnna er búið að koma fyrir gripum, fróðleik og myndum sem varpa ljósi á landbúnað og tækniþróun í landbúnaði síðastliðin 120 ár," segir Bjarni. Á sögusýningunni er að finna lykilvélar úr sögu íslensks landbúnaðar en í kjallaranum er aðal dráttarvélasafnið.

„Á sýningunni er gengið eftir tímanum. Byrjað er við fyrstu tilraunir manna til að rækta tún og auka afköst heyskapar og létta hann með hjálp verkfæra og hesta. Síðan færum við okkur yfir í það þegar farið er að nota dráttarvélar eða mótora til að knýja verkin áfram," lýsir Bjarni.

Alls eru um 20 vélar til sýnis en safnið á þó nokkrar til viðbótar í geymslu.

### Elsta vélin frá 1919

Elsta dráttarvélin á safninu er af gerðinni Fordson frá árinu 1919. Að sögn Bjarna var þetta dráttarvélin, með ákveðnum greini. „Bílakóngurinn Henry Ford ákvað að beita sömu framleiðslutækni við dráttarvélar og við bíla. Að nota færibönd og gera þetta ódýrt þannig að allir bændur gætu keypt dráttarvél. Hann áleit að matvælaframleiðsla og landbúnaður væri mikilvægasta búgrein heimsins. Hann kom því fram með Fordson, fyrstu fjöldaframleiddu dráttarvélina sem er formóðir allra nútíma dráttarvéla," upplýsir Bjarni. Vélin á safninu kom til Íslands í kringum 1920. „Hún vakti þó ekki meiri athygli en svo að hún hvarf í skugga þúfnabanans. Hún stóð í porti suður í Reykjavík í fjögur ár en var síðan gefin hingað á Hvanneyri. Páll Stefánsson frá Þverá, sem var með Ford-umboðið og flutti þessa vél inn, gaf vini sínum Halldóri Vilhjálmssyni, skólastjóra á Hvanneyri, dráttarvélina. Hún var notuð hér í langan tíma við ræktunarstarf."

### Eyddi landsins forna fjanda

Þúfur hafa lengi verið þyrnir í augum íslenskra bænda. Því er kannski ekki að undra að þúfnabaninn hafi vakið mikla athygli þegar vélin kom hingað til lands árið 1921. „Þúfnabaninn var þýsk ofurdráttarvél frá 1920 sem kom hingað til lands 1921 og er í raun risastór jarðtætari. Á þessum tíma áttu menn draum um vél sem gæti eytt þúfum því þær voru landsins forni fjandi. Þegar þeir sáu þessa vél frá Heinrich Glanz í Mannheim kolféllu þeir fyrir henni," segir Bjarni, en sú vél sem safnið á er ekki á sýningunni sjálfri þar sem hún er of stór. „Þetta var vél sem sýndi Íslendingum að hægt væri að nota vélarafl til að slétta úr þúfum og búa til tún. Vélin sem safnið á vann mikið verk í sveitunum í kringum Reykjavík og Akureyri."



Fordson er elsta vél safnsins frá 1919. Fordson var fyrsta fjöldaframleidda dráttarvél heimsins og formóðir allra nútíma dráttarvéla.

### Breyttu íslenskum sveitum

Bjarni nefnir tvær vélar til viðbótar sem merkilegar eru í sögu íslensks landbúnaðar. „Bæði Fordson og þúfnabaninn voru afleiðingar fyrri heimstyrjaldarinnar þegar tækjaþróun var hröð. Þegar seinna stríðið skellur á verður atvinnuuppgangur í bæjum og þá vantar mikið vinnuafl í sveitum. Þá koma til landsins tvær vélar sem breyttu heimsmyndinni á fimmta áratugnum hér. Annars vegar Farmallinn og hins vegar Ferguson," segir Bjarni.

Fram að þessum tíma höfðu menn vélvæðst í hópum og vélarnar voru í eigu búnaðarfélaga og ræktunarsambanda. „En með tilkomu Ferguson og Farmals verður einkavæðing í vélvæðingu búanna þannig að hvert bú eignaðist sína vél. Þessi þróun breytti íslenskum sveitum, hesturinn hvarf, kaupakonur og karlar hurfu hægt og bítandi og eftir sat einn maður á Farmal eða Ferguson og vann á við tíu, tuttugu manns."




Dráttarvélarnar Farmall og Ferguson breyttu íslenskum sveitum. Bændur eignuðust nú sínar eigin vélar og voru ekki háðir búnaðarfélögum og ræktunarsamböndum sem höfðu átt vélarnar fram að því.

### Jeppaþjóð

Að sögn Bjarna hefur engin þjóð í heiminum notað jeppa jafn mikið til landbúnaðarstarfa og búverka og Íslendingar. „Willis-jeppinn var langalgengastur og var notaður til dæmis til að draga sláttuvélar og heyvagna. Á sýningunni er að finna einn Willys-jeppa. „Sá er í hvíldarinnlögn hjá okkur," segir Bjarni kankvíslega en safnið fær reglulega lánaða álitlega gripi.

Safnið sjálft hefur haldið sig til hlés í því að gera upp vélar. „Safninu eru oft boðnar uppgerðar vélar til geymslu og því leggjum við fyrst og fremst áherslu á tvennt. Annars vegar verkfærin sem dráttarvélarnar unnu með og hins vegar að halda sögunni til haga, það er, hverju vélarnar breyttu og hvaða þýðingu þær höfðu. Vél ein og sér er fullkomlega óinterresant ef enginn veit sögu hennar."



Hér má sjá fyrstu Ferguson-vélina sem seld var á Íslandi og við hlið hennar Willys-jeppa, en þeir voru mikið notaðir við bústörf á árum áður.

# Volvo-atvinnutæki hjá Brimborg

**Volvo-atvinnutækjadeildin hjá Brimborg hefur upp á margt að bjóða þegar kemur að atvinnutækjum, en undir merkjum Volvo AB eru Volvo Truck-vörubifreiðar, Volvo Construction Equipment-vinnuvélar, Volvo Bus-strætisvagnar og rútur auk Volvo Penta-bátavéla. Volvo atvinnutækjasvið hefur því með sölu og þjónustu, á öllum áðurnefndu atvinnutækjavörumerkjum Volvo AB að gera.**

Volvo er markaðsleiðandi í nýskráningum hér á landi á vörubifreiðum yfir tólf tonn að þyngd. „Í lok september var búið að skrá 63 vörubifreiðar yfir 12 tonn á landinu en þar af var Brimborg með tuttugu Volvo-vörubifreiðar eða 31,7 prósenta markaðshlutdeild,“ upplýsir Kristinn Már Emilsson framkvæmdastjóri Volvo-atvinnutækjasviðs.

„Hinn nýi Volvo FH-vörubíll hefur hlotið mjög góðar viðtökur hjá okkar viðskiptavinum, enda nýr vörubíll frá grunni sem hefur farið í gegnum massífan reynsluakstur víða um heim við erfiðustu aðstæður áður en framleiðslan var sett af stað,“ segir hann.

Kristinn telur óhætt að segja að Volvo Truck sé brautryðjandi þegar kemur að tækniframförum í framleiðslu vörubifreiða. „Sem dæmi um frábærar nýjungar sem koma vörubílstjórum þægilega á óvart er annars vegar Volvo Dynamic Steering og hins vegar nýi I-Shift Dual Clutch gírkassinn,“ segir Kristinn Már og bendir á að enginn annar framleiðandi vörubifreiða á markaðnum í dag geti státað af viðlíka eiginleikum. Þegar hafi nokkrar Volvo-vörubifreiðar með Volvo Dynamic Steering komið til Íslands og hafi hitt í mark hjá ökumönnum þeirra. Þá hefur verið pantaður hjá Brimborg nýr Volvo FH 500 hö með VDS og I-Shift Dual Clutch-gírkassanum, en hann kemur úr verksmiðju hjá Volvo Truck í desember á þessu ári. „Það verður án efa fróðlegt að prófa þann vörubíl,“ segir Kristinn Már.



Brimborg afhenti Jóni og Margeiri ehf. stórglæsilegan Volvo FH16 750 hö 6x4T í síðustu viku. Á myndinni eru Margeir Jónsson, Jón Gunnar Margeirsson, Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri Volvo atvinnutækja, Árni Margeirsson og Jóhann Rúnar Ívarsson, þjónustustjóri Volvo atvinnutækja. MYND/ERNIR



Hér má sjá Volvo EC140D beltagröfu sem verður afhent verður á næstu dögum til Orkuvers ehf.


Séð inn í I-Shift Dual Clutch gírkassann.

## Útilokar titring og minnkar slysahættu

Kristinn Már segir mjög gaman að leyfa vönum vörubílstjórum að prófa nýjan Volvo FH-vörubíl með VDS. „Viðbrögðin hjá vönum atvinnubílstjórum eru margvísleg en öll mjög jákvæð.“

Hann lýsir því að VDS útiloki nánast allan titring upp í stýrið. „Rafstýrður rafmótor er festur við stýrisstöngina og sendir boð allt að tvö þúsund sinnum á sekúndu til leiðréttingar á ójöfnum í veginum. Þess vegna þarf bílstjórinn ekki sífellt að leiðrétta stýrið við akstur. Við það dregur úr hættu á verkjum og sársauka í baki, hálsi og herðum,“ útskýrir Kristinn Már. Hann bendir á að þar sem líkamlega sé mjög auðvelt að stýra bílnum geti bílstjórinn frekar slakað á. Við það verði minni hætta á slysum.

„Þessi tækni ætti að nýtast vel hér á landi þar sem vegakerfið mætti klárlega vera betra,“ segir Kristinn Már. Hin nýja tækni gerir einnig mögulegt að bakka vörubílnum með meiri nákvæmni. „Það er eiginleiki sem gerði nýlegan frægan áhættuleik Jean-Claude van Damme mögulegan í myndinni „The Epic Split,“ segir hann og bendir á að hægt sé að skoða myndband af því á youtube.com.

## Mjúk skilvirk hröðun með tvöfaldri kúplingu

Volvo Truck sótti innblástur í heim kappaksturs við sköpun hins nýja alsjálfvirka gírkassa. „Gírkassinn er með eiginleika sem ekki hafa sést áður í vörubílaiðnaðinum. Hann kallast I-Shift Dual Clutch og er með tvöfalda kúplingu,“ útskýrir Kristinn Már. Með tvöfaldri kúplingu mun bílstjóri upplifa mjög hraða skiptingu á milli gíra án truflunar eða aflmissis á aflrás frá vélinni út í hjól og það án aukinnar eldsneytisnotkunar. „Þegar flutningur krefst mikillar skilvirkni og tíðra gírskiptinga mun I-Shift Dual Clutch með alsjálfvirkum gírkassa veita einstaka akstursánægju. Hröð skipting bætir hröðun og auðveldara reynist að fylgja umferðarhraða við krefjandi aðstæður,“ lýsir Kristinn Már.

## Þrautreynd nýjung

Þótt tvöfalda kúplingin sé glæný þá hefur hún samt verið þrautreynd. „Frá árinu 2009 hefur Volvo reynt á I-Shift Dual Clutch-aflrásina og eknar hafa verið milljónir kílómetra við raunaðstæður. Þannig er klifur upp brattar brekkur eða akstur í hálku og lausu yfirborði ekki vandamál,“ segir Kristinn Már og bætir við að með I-Shift Dual Clutch fáist mjúk og hröð skipting sem lágmarkar hættu á festum og losi á veggripi.

## Svona virkar tvöfalda kúplingin

Tvær kúplingar eru staðsettar fyrir framan gírkassann. Þegar sett er í gír og afli vélar hleypt í aflrás vörubílsins er einungis önnur kúplingin tengd meðan hin gengur í hlutlausu. Kúplingunum er stjórnað alsjálfvirkt með þrýstilofti á svipaðan hátt og í hinum vel þekkta I-Shift-gírbúnaði. Þegar skipt er á milli gíra með tvöfaldri kúplingu er búið að setja gírkassann í næsta valda gír áður en tekið er úr núverandi gír og næsti valdi gír er tengdur við aflrásina með þeim hluta tvöföldu kúplingarinnar sem áður gekk hlutlaust. Með fortengingu á hverjum gír fyrir sig gengur gírskipting hratt og viðstöðulaust fyrir sig án aflmissis út í hjól.

Kristinn greinir frá því að um síðustu mánaðamót hafi verið haldið Eco Driving-námskeið á vegum Volvo Truck hér á landi með það að markmiði að ökumenn tileinki sér atriði til að spara eldsneyti enn frekar. „Námskeiðið var haldið af Magnus Backman frá Volvo Truck og þar sýndi hann fundarmönnum vel á myndrænan hátt hvernig hinn nýi I-Shift Dual Clutch-gírkassi virkar,“ segir Kristinn og bendir á að I-Shift Dual Clutch sé í boði með D13K-vélinni frá Volvo sem sé fáanleg í 460, 500 og 540 hestafla útgáfum.


Volvo L180H hjólaskólfan verður afhent Alexander Ólafssyni ehf, síðar í mánuðinum. Vélin verður notuð til moksturs á jarðefnum í Vatnsskarðsnámu vestur undir Háuhnúkum við Krísuvíkurveg. Á myndinni eru starfsmenn Volvo vinnuvélaverkstæðis þeir Kjartan Guðmundsson, Hilmar Skúli Hjartarson, Ingvar Karl Ingason og Guðmundur Gísli Sigurðsson verk- og tæknistjóri.

*Allar frekari upplýsingar veita starfsmenn Brimborgar að Bíldshöfða 6. Þar er tekið vel á móti öllum og alltaf heitt á könnunni.*

# Heilsusamlegur trukkamatur

Mannslíkaminn er eins og ökutæki. Hann þarf gott atlæti og notadrjúgt, vandað eldsneyti til að vinnslugetan verði hnökralaus og úthaldið gott. Þá er mikilvægt að standa upp úr bílstjórasætinu og viðra kroppinn við hentuga hreyfingu af og til yfir daginn.

Vinnudagur atvinnubílstjóra krefst skipulagningar þegar kemur að næringu, hreyfingu og hvíld. Til að efla lífsgæði, almenna hreysti og heilbrigt útlit er skynsamlegt að hafa eftirfarandi heilræði í hávegum:



- Skipuleggið allar máltíðir dagsins gaumgæfilega og ákveðið hvar þið ætlið að stoppa til að matast. Þá minnka líkur á að fallið sé í freistingar skyndibita og óhollustu.
- Hafið kælibox í bílnum með lystugum, heilnæmum kosti. Borðið nestið á uppáhaldsstöðum við þjóðveginn og íhugið heilsurétt á matseðli vegasjoppa ef heimanestið klikkar.
- Með hollan millibita í bílnum minnkar magamál fyrir hádegis- og kvöldmáltíðir. Ferskir ávextir, hnetur, möndlur, rúsínur, suðusúkkulaði og prótínstykki gleðja bæði munn og maga.
- Hafið alltaf nóg af vatni á keyrslu og drekkið oft. Vatnið hreinsar líkamann og kemur í veg fyrir ofþornun og höfuðverk.
- Gefið ykkur tíma fyrir hreyfingu á hverjum degi. Hófleg ganga er frábær leið til að rækta kroppinn og fá ferskt loft í lungun. Hún hreinsar hugann og kemur blóðinu á hreyfingu.
- Góður nætursvefn er brýnt veganesti á þjóðveginum. Gætið þess líka að hvílast vel yfir daginn. Hvíld styrkir ónæmiskerfið og endurnærir líkama og sál.
- Takið lýsi og fjölvítamín á hverjum morgni. Það tryggir að líkaminn fái helstu næringar- og fjörefni sem máltíðir gæti ellegar skort yfir daginn.
- Bakið kjúkling eða fisk til að eiga í hádegis- og kvöldmat. Harðsjóðið egg sem er fullt hús matar, frábær prótíngjafi og gómsætt ofan á brauð. Kaupið ávexti og grænmeti í dálæti til að narta í og setja ofan á grófkorna samlokur sem gefa góða saðningu. Forðist gosdrykki og borðið frekar ávexti í stað þess að drekka ávaxtasafa. Forðist sykur eins og hægt er, morgunkorn, hveiti og einföld kolvetni.





**Dæmi um hollan dag í bílnum:**

Morgunmatur: grísk jógúrt með ávöxtum og hnetum og sneið af fjölkorna brauði.

Millimál: Harðsoðið egg og niðursneitt grænmeti.

Hádegismatur: Grillaður lax með spínati, eplum og kotasælu.

Kvöldmatur: Ofnbakaður kjúklingur með grænmeti eða ávöxtum í grófkorna brauði.

Kvöldskattur: Hnetur, möndlur, súkkulaði og ávextir.

*Munið að góðir hlutir gerast hægt og gott er að byrja á einum degi í viku til að venjast nýjum lífsháttum. Slíkt gerist ekki á einni nóttu en því fyrr sem þú tekur þig á því fyrr verður hraustari, öflugri og frískari.*











Iveco Daily-sendibíllinn var útnefndur alþjóðlegur sendibíll ársins 2015 og hlaut Gullna stýrið í sínum flokki á bílasýningu í Hannover á dögunum. Óskar Sigurmundason, sölufulltrúi atvinnutækja hjá Kraftvélum efh. MYND/ERNIR

## Iveco Daily handhafi Gullna stýrisins 2015

Á nýliðinni vinnubílasýningu í Hannover í Þýskalandi var Iveco Daily-sendibíllinn útnefndur sem alþjóðlegur sendibíll ársins 2015 og hlaut Gullna stýrið í sínum flokki. Þetta er mikil viðurkenning fyrir framleiðandann og ein eftirsóttustu verðlaun sem hann getur fengið. Að jafnaði keppa um tíu tegundir bíla að minnsta kosti um þessa viðurkenningu því hún skiptir miklu máli fyrir þann er hana hlýtur,“ segir Óskar Sigurmundason, sölufulltrúi atvinnutækja hjá Kraftvélum efh., en Kraftvélar ehf. eru umboðsaðili Iveco á Íslandi.

„Iveco er núna að kynna þriðju kynslóð Daily-sendibílsins og er hann betur búinn staðalbúnaði en áður hvað varðar öryggi og rekstur. Eins er umhverfi notandans haft enn betur að leiðarljósi,“ útskýrir Óskar.

Daily fæst í stærðarflokkum frá 3,3 tonnum upp í sjö tonn í heildarþunga. Sendibíllinn er með flutningsrými frá 7,3 rúmmetrum upp að 19,6 rúmmetrum með lofthæð frá 155 cm upp að 210 cm. Vélarstærðir eru frá 106 hö upp í 205 hö.

**Daily-grindarbílinn er hægt að fá með:**

1. Með pallstærðum upp í 6,2 metra.
2. Heildarþunga allt að sjö tonnum og burðargetu allt að 4,5 tonnum
3. Aflúttak á gírkassa fyrir vökvadælu.
4. Loftfjöðrun á drifhásingu.
5. Sjálfskipta eða beinskipta.

Hægt er að fá bílana með tvöföldu húsi (crew cab) og eru þeir þá 4ra dyra. Þannig taka þeir fimm farþega auk ökumanns.

Kraftvélar ehf. reka öflugt þjónustuverkstæði með sérþjálfuðum viðgerðarmönnum og varahlutaþjónustu.

Hægt er að fá að reynsluaka Iveco Daily sendi- og pallbílum hjá Kraftvélum að Dalvegi 6-8, Kópavogi s. 535-3500.

PIRELLI

# Þeir stóru nota Pirelli

## - það er rétta vörubíladekkið!

**PIRELLI FW-01** er ný lína af vetrardekkjum frá einum stærsta hjólbarðaframleiðanda í heimi. PIRELLI hefur, með þrotlausum prófunum, tekist að hanna dekk sem gefur vörubílstjórum eitt besta vetrardekkið sem völ er á. **PIRELLI FW-01** er eitt gripsterkasta vörubíladekkið á markaðnum og sérstaklega framleitt til notkunar á stýrisöxul. **Láttu reyna á Pirelli.**



Söluaðilar
um land allt

Nánari upplýsingar
á benni.is

**Dekkjaþjónusta**
**Bílabúðar Benna**
Upplýsingar: 590 2040
Verkstæði: Tangarhöfða 15
Sími: 590 2080

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

# Fagnaðarlæti við fyrsta púst

Haukur Júlíusson bifvélavirki hefur gert upp á fjórða tug vinnuvéla í hjáverkum á verkstæði sínu á Hvanneyri. Hann segir bændur gjarnan bindast gömlum vinnuvélum tryggðarböndum. Fagnaðarlæti brjótist út þegar tekst að ræsa gamlan mótor.

Ég heyrði af bónda sem var að bregða búi að honum hefði fundist erfiðast að skilja við Fergusoninn sinn. Það er nú svo með gamla bændur og gamlar vélar, þeir binda mikla tryggð við þær,“ segir Haukur Júlíusson, bifvélavirki og framkvæmdastjóri Jörva ehf. á Hvanneyri, en hann hefur í hjáverkum gert upp á fjórða tug vinnuvéla ásamt félögum sínum.

„Það er skemmtilegt starf að glæða gamla gripi nýju lífi og alltaf hátíðleg stund þegar gömul vél er ræst til lífsins, eftir áratuga kyrrstöðu. Fagnaðarlæti brjótast út þegar hún tekur fyrsta púстið,“ segir hann.

Þessi hliðarbúgrein hófst fyrir tuttugu árum þegar vinnuvélasafninu á Hvanneyri var gefinn gamall traktor. Haukur gerði hann upp ásamt Erlendi Sigurðssyni og Hermanni Helga, og tókst vel til.

„Það gaf okkur sjálfstraust til frekari verka og nú hafa hér verið gerðar upp hátt í fjörutíu fornvélar, ýmist sem safngripir eða til notkunar. Ég hef verið stálheppinn með samstarfsmenn, góða mótorista og sprautara og þess vegna hefur þetta gengið.

Eftirminnilegasta vélin sem við höfum gert upp er 45-módelið af Farmal A en elsta vélin sem við komum í gang var Allis-Chalmers, B-módel frá árinu 1944, einn af þrettán traktorum sem komu til landsins lýðveldisárið.

Mesta áskorunin var þó gömul Caterpillar DR6 jarðýta, sem hafði verið í niðurníðslu í tæpa tvo áratugi vestur í Dölum. Húsfreyjan á bænum sló upp veislu þegar hún var laus við hræið frá eldhúsglugganum. Við komum henni í gang sem var bæði flókið og dýrt en vélin er með tveimur mótorum. Hún er ein af örfáum sem til eru á landinu og við reynum að nota hana okkur til skemmtunar. Það er praktískt að nota hluti þótt gamlir séu.“

Haukur segir hliðarverkefnunum hafa fækkað síðustu ár en hann hafi þó fullan hug á að halda hliðarbúgreininni gangandi.

„Það hefur vaxið mikið áhuginn á gömlum tækjum úr landbúnaði á síðustu árum. Margir eiga flott eintök sem mikil prýði er að og halda þannig til haga sögu vélvæðingar í íslenskum landbúnaði. Sjálfur á ég sex traktora, sem kallast varla safn. Ég klappa þeim alltaf á tyllidögum.“



„Þennan mótor erum við að gera upp úr afgöngum, en ég átti ýmislegt góss úr svipuðum mótor. Þetta er þjóðfélagslega hagkvæm starfsemi,“ segir Haukur Júlíusson bifvélavirki, sem hefur gert upp á fjórða tug vinnuvéla í hjáverkum. MYND/PJETUR



„Það er skemmtilegt starf að glæða gamla gripi nýju lífi og alltaf hátíðleg stund þegar gömul vél er ræst til lífsins, eftir áratuga kyrrstöðu.“



Zetor frá Kalmanstungu í Hvítársíðu sem félagarnir gerðu upp. Haukur situr undir stýri, Erlendur Sigurðsson til vinstri og Þorkell Fjeldsted hægra megin. MYND/ HAUKUR NÍELSSON

ERTU TIL FYRIR VETURINN?

ÍSNAGLAR
Láttu ekki hálkuna koma þér að óvörum. Eigum til skrúfaða ísnagla í ýmsum lengdum, fyrir dráttavéla- og vinnuvéladekk, vélsleðabelti ofl. Einnig karbítnagla til að skrúfa undir skó.

KEÐJUR
Keðjur og keðjuefni frá Gunnebo í Svíþjóð. Ýmsar stærðir á lager/væntanlegar. Gæðavara á mjög samkeppnishæfu verði. Upplýsingar hjá sölumönnum varahluta.



Schäffer Lader

Schäffer hefur undanfarin ár verið mest seldi liðléttingurinn á Íslandi. Vel á fjórða hundrað ánægðra bænda og verktaka eiga Schäffer og lofa gæði hans, styrk og endingu.

Schaffer býður uppá margar stærðir.
Frá 1,4 upp í 14 tonn og í fjölmörgum útfærslum.





JÖTUNN traustir í 10 ár

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is



Case MXM 155
**Árgerð:** 2005
**Notkun:** 3800
**Verð án vsk:** 5.600.000 kr.



Hitachi ZX50 CLR
**Árgerð:** 2009
**Notkun:** 3400
**Verð án vsk:** 4.900.000 kr.



Joskin
**Verð án vsk:** 4.900.000 kr.



Fendt 415 Vario
**Árgerð:** 2012
**Notkun:** 1750
**Verð án vsk:** 2.950.000 kr.



Volvo FL10
**Árgerð:** 1986
**Notkun:** 690000
**Verð án vsk:** 1.980.000 kr.



**Gerð:** John Deere 6420 S
**Árgerð:** 2007
**Notkun:** 6700
**Verð án vsk:** 6.200.000 kr.



JCB 8045
**Árgerð:** 2007
**Notkun:** 2400
**Verð án vsk:** 5.300.000 kr.



Schaffer 3033 S
**Árgerð:** 2007
**Notkun:** 3243
**Verð án vsk:** 2.600.000 kr.

JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Selfossi - Akureyri
s. 4800400 • jotunn.is


Hágæða smurolíur frá Shell
þegar mest á reynir
Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélaframleiðendur sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar.
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.
RIMULA R4
Veldu hágæða smurolíu frá Shell fyrir atvinnutækin


ECO Hreinsir
Hentar afar vel til þrifa á vélaverkstæðum og á vinnuvélum.
Eco hreinsirinn er framleiddur hér á Íslandi í tveimur styrkleikum með leyfi frá Gron Miljoteknik í Danmörku. Eco hreinsirinn er vatnsblandanlegur olíu- og fituleysir á öll yfirborð, hentar mjög vel á olíu, fitu, sót, ryð og fl. Efnið brotnar greiðlega niður í jarðvegi og vatni og er ekki skaðlegt lífrikinu. Við erum búnir að prófa efnið undanfarna mánuði við ýmsar aðstæður með nokkrum völdum viðskiptavinum. Allir þeir aðilar gáfu efninu frábæra umsögn sem kröftugt efni með frábært notagildi.
Eco er fjölnota vistvænn olíu- og fituhreinsir sem hefur ótrúlega eiginleika.
ECO Hreinsir
MJÖG STERKUR 1:1
Skeljungur
SKELJUNGUR HF. - BORGARTÚNI 26 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI: 444 3000
Helstu vottanir sem efnið hefur:
Mat á umhverfisáhrifum:
Superfos Kemi a/s 1997
Vottun fyrir matvælavinnslu:
Danish Veterinary and Food administration 1993
Umhverfisvottun:
DHI Institute for Water and Environment.
Eco hreinsir er seldur í:
5 ltr, 20 ltr, og 200 ltr.




Þorsteinn Ólafsson, Agnar Daníelsson og Páll Halldór Halldórsson, starfsmenn Öskju. MYND/PJETUR

# Bíll sem hugsar fyrir ökumanninn

**Bílaumboðið Askja kynnir nýjan Mercedes-Benz Vito-sendibíl sem er með ótrúlegan fjölda nýrra og framúrstefnulegra tæknilausna. Bíllinn er sparneytinn og mengar lítið og því mjög hagkvæmur í rekstri.**

Mercedes-Benz Vito er hægt að fá í nokkrum útgáfum og stærðum. „Við erum með breiða línu af atvinnubílum en sá nýjasti kemur til okkar innan þriggja vikna. Það er Mercedes-Benz Vito sem er hlaðinn nýjustu tæknilausnum,“ segir Agnar Daníelsson, sölustjóri hjá Öskju. „Þetta er miðlungsstærð af atvinnubíl og hægt að fá hann í sendibílaútgáfu sem tveggja til fimm manna. Hann verður einnig fáanlegur í allt að níu manna fólksbílaútgáfu. Mercedes-Benz Vito hentar því til flutninga á vörum, sem leigubíll, bílaleigubíll eða fyrir stórar fjölskyldur,“ segir Agnar enn fremur.

## Ótrúleg tækni

„Fyrsta útgáfa af Mercedes-Benz Vito var framleidd árið 1996. Nýjasta gerðin af bílnum er mikið frábrugðin eldri tegundum þar sem bíllinn er hlaðinn nýrri tækni. Bíllinn býðst með tveimur gerðum dísilvéla sem fást alls í fimm aflútfærslum, eða frá 90 hestöflum og upp í 190 hestöfl. Vélarnar standast EURO 5 Gr.III eða EURO 6 mengunarstaðla og er það kappsmál hvers vélaframleiðanda að ná niður eyðslu og skila minni mengun. Uppgefin eyðsla frá framleiðanda er frá 5,7 lítrum á hverja 100 kílómetra. Mercedes-Benz Vito er hægt að fá fram-, aftur- eða fjórhjóladrifinn og bæði beinskiptan og sjálfskiptan.

Mælaborðinu og innréttingum hefur verið breytt. En ein stærsta breytingin eru aksturs-aðstoðar- og öryggiskerfin sem eru í bílnum sem staðalbúnaður eða standa til boða sem aukabúnaður. Þar má fyrst nefna hliðarvindsaðstoð, sem hjálpar ökumanni þegar bíllinn fær á sig snöggar vindhviður. Þá beitir bíllinn bremsum á hjól vindmegin til að aðstoða ökumann við að halda honum í réttri stefnu. Einnig er í boði að fá akreinavara en þá lætur bíllinn vita ef ökumaður fer yfir veglínu án þess að gefa stefnuljós. Í bílnum er einnig athyglisvari fyrir ökumann og hann lætur vita ef þú ert búinn að aka of lengi og kominn tími á hvíld,“ útskýrir Agnar.

## Með árekstravara

Þá er ekki allt upptalið því Agnar bætir við árekstravara. „Bíllinn lætur vita ef ekið er of nálægt næsta bíl og blindsvæðisvari sem lætur vita af nálægum bíl sem þú sérð illa í hliðarspegli þegar þú gefur stefnuljós í áttina að honum. Loftpúðar eru í mælaborði, gluggapóstum og hliðum framsæta. Vito-bíllinn er búinn öflugum búnaði til að verja ökumann og farþega. Bíllinn er búinn PRE-SAFE-kerfinu. Þá metur hann út frá hegðun ökumanns, hreyfingum bíls og umhverfi, með aðstoð ratsjár, hvort árekstur sé yfirvofandi. Hann beitir þá hámarksbremsuafli, 600 millisekúndum, fyrir árekstur ásamt því sem hann lokar gluggum og strekkir á öryggisbeltum farþega til að búa þá sem best undir árekstur.

## Fullkomið eintak

Alls konar aukabúnaður er í boði og má þar nefna bílastæðakerfi sem bíllinn notar til að bakka sjálfur í stæði. En einnig er í boði að fá bakkmyndavél fyrir ökumann. „Hægt er að velja um hliðardyr öðrum megin eða á báðum hliðum og þær geta verið rafdrifnar og með fjarstýringu. Sérstaklega gott aðgengi er að farþegarými. Hægt er að fá hann með þriggja sæta bekk sem hægt er að breyta í rúm vilji menn gera hann að húsbíl. Það eru ótal hlutir sem eru í boði fyrir þennan bíl,“ segir Agnar og bendir á að hann sé einstaklega lipur í akstri.

Mercedes-Benz Vito er í boði með LED-ljós að framan og aftan. Hægt er að fá í hann GPS-leiðsögukerfi og allan annan búnað sem þekktur er í nýjustu bílum. Ódýrasta gerðin verður frá 3.890 þúsund utan virðisaukaskatts, en hægt er að fara upp í tíu milljónir með öllum búnaði,“ segir Agnar.

Í byrjun nóvember verður hægt að skoða og prufuaka Mercedes-Benz Vito hjá Öskju.













Mercedes-Benz Vito er hlaðinn nýjasta tæknibúnaði sem gerir einstaklega skemmtilegt að keyra hann.




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook



### TRUKKAMYNDIR

Vörubílar og trukkar spila lykilhlutverk í mörgum þekktum kvikmyndum, ekki síst bandarískum kvikmyndum. Vefurinn trucktrend.com valdi kvikmyndina Mad Max 2: The Road Warrior, frá árinu 1981, bestu trukkamynd sögunnar. Myndin sem skartar ungum og stæltum Mel Gibson í aðalhlutverki gerist í eyðimörk Ástralíu eftir að kjarnorkustyrjöld hefur næstum þurrkað út allt líf á jörðinni. Gibson leikur bardagahetju sem hjálpar hópi fólks að verja olíulindir sínar gegn óprúttnum ræningjum. Myndinni var vel tekið af gagnrýnendum og almenningi og festi Gibson í sessi sem eina stærstu kvikmyndastjarna samtímans.

Myndin White Heat frá árinu 1949 er í öðru sæti en hún skartar James Cagney í aðalhlutverki.

Í næstu tveimur sætum eru kunnuglegri myndir. Þriðja sæti listans prýðir Duel frá árinu 1971 eftir Steven Spielberg sem var fyrsta kvikmynd þessa fræga leikstjóra. Í fjórða sæti er Smokey and the Bandit sem var önnur vinsælasta kvikmynd ársins 1977, á eftir Star Wars. Myndin skartaði nokkrum stórstjörnum þess tíma eins og Burt Reynolds, Sally Field og Jackie Gleason. Myndin gat af sér tvær framhaldsmyndir sem þóttu talsvert síðri.



### NÁM TIL MEIRAPRÓFS

Ljúka þarf almennu bílprófi til að geta tekið meirapróf. Þá þarf einnig að hafa náð ákveðnum aldri og standast læknisskoðun.

- Við 18 ára aldur getur fólk tekið réttindi á vörubifreið (C1).
- Við 20 ára aldur getur fólk tekið leigubíla- og sjúkrabílapróf.
- Við 21 árs aldur opnast möguleikar á að taka hópbifreiðapróf (D1) og vörubifreiðapróf með eftirvagni (CE).
- Þegar 23 ára aldri er náð öðlast fólk svo réttindi til að taka hópbifreiðapróf (D).
- Nám fyrir meirapróf er allt frá tuttugu stundum og upp í 60 stundir, eftir því hvaða réttindi um ræðir. Fyrri hluti námsins er bóklegur þar sem kennd er bíltækni, umferðarfræði og skyndihjálp. Seinni hluti námsins er verklegur og lýkur náminu á bóklegu og verklegu prófi.
- Ökunám er kennt í einkareknum skólum.

*www.attavitinn.is*

## SMUROLÍUNA AF HÖNDUNUM MEÐ SALTSKRÚBBI

Nuddið hendurnar vel með jarðolíu. Þurrkið svo af með grófum þvottaklút og notið klútinn til að nudda erfiða bletti.

Ef enn eru blettir og svartar rákir ofan í húðinni þarf að mýkja hendurnar upp.

Fyllið handlaugina af volgu vatni og blandið vel af hárnæringu út í. Látið hendurnar liggja í bleyti í fimm til tíu mínútur. Einnig má nota baðsalt út í vatnið. Þetta mýkir húðina og auðveldara verður að nudda burt erfiða bletti og dautt skinn. Nuddið hendurnar eftir baðið með salt- eða sykurskrúbbi sem auðveldlega má búa til heima.

Blandið einum hluta salts/sykurs saman við einn hluta af jarðolíu og nuddið vel á hendurnar.

*www.ehow.com*






# Tekur við Wacker Neuson-umboðinu

Verktakar og byggingarfyrirtæki hafa notið þjónustu Þórs hf. í áratugi. Fyrirtækið býður upp á úrval vinnuvéla og verkfæra frá heimsþekktum framleiðendum. Nýlega sameinuðust þrjú merki undir heitinu Wacker Neuson sem styrkir vöruúrvalið enn frekar.

Þór hf. hefur í rúmlega hálfa öld þjónustað verktaka og fyrirtæki í byggingariðnaðinum og boðið upp á fjölbreytt úrval vinnuvéla og verkfæra. Meðal þeirra má nefna MAKITA, FLEX, KUBOTA, PREBENA og DEMAG. Þór hf. flutti upp á Krókháls 16 í mun stærra og betra húsnæði fyrir þremur árum og sköpuðust þá mörg ný tækifæri til stækkunar. „Við höfum jafnt og þétt verið að auka vöruúrvalið og bæta við okkur umboðum,“ segir Ragnar Jónsson viðskiptastjóri. Nýjasta rósin í hnappagatinu er Wacker Neuson en nýlega sameinuðust þrjú þekkt vörumerki undir því nafni. Wacker Neuson samanstendur af þremur rótgrónum fyrirtækjum sem menn þekkja hér á Íslandi að sögn Ragnars. „Fyrst má telja Wacker sem framleiðir þjöppur, brotvélar, steinsagir og glattara. Vörumerkið býður í raun upp á allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.“

Næsta vörumerki sem Ragnar nefnir er Neuson. „Þeir bjóða upp á smágröfur og beltagröfur frá 800 kílóum upp í 15 tonn auk þess að bjóða líka hjólagröfur upp í 10 tonn að þyngd. Einnig framleiða þeir beltavagna upp í þrjú tonn og hjólavagna upp í tíu tonn og raunar allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.“

Þriðja merkið er svo Kramer sem er að sögn Ragnars heimsþekkt merki. „Kramer býður meðal annars upp á fjórhólastýrðar hjólaskóflur og skotbómulyftara sem henta vel öllum aðstæðum hér á landi. Nú eru þessi merki öll komin undir einn hatt og sala og þjónusta á okkar höndum. Við höfum orðið varir við mikla ánægju með að þetta merki sé komið til okkar, enda búið að vera rót á þjónustu og sölu á þessum merkjum frá hruni.“

Þór hf. selur að mestu leyti til verktaka að sögn Ragnars. „Við vorum til dæmis að selja eina fimm tonna Kramer-vél í tengslum við framkvæmdirnar í Vaðlaheiðargöngum. Við merkjum vel að markaðurinn er að lifna við eftir mögur ár. Raunar hafa orðið alveg gríðarlegar breytingar á skömmum tíma og þá helst á þessu ári.“

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta fyrirtækisins er mjög góð að sögn Ragnars. „Við búum líka svo vel að hafa mjög litla starfsmannaveltu. Sumir starfsmanna okkar eru búnir að vinna hér í fjörutíu ár og þekkja því markaðinn inn og út. Enda finna viðskiptavinir okkar fyrir því og koma aftur og aftur til okkar.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.thor.is.



„Við merkjum vel að markaðurinn er að lifna við eftir mögur ár,“ segja Einar Oddsson, sölustjóri véladeildar, og Ragnar Jónsson viðskiptastjóri. MYND/ERNIR


Réttu tækin fyrir verktaka



WACKER NEUSON

KRAMER

**Wacker Neuson** - Þjöppur, víbratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.
**Wacker Neuson** - Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn. Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn. Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.
**Kramer** - 4 hjóla stýrðar hjólaskóflur og skotbómulyftarar.

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

ÞÓR HF 50 1963 2013



## SPORTJEPPAR VINSÆLASTIR

Sportjeppar voru mest seldu bílar í Evrópu á fyrri helmingi þessa árs. Svo virðist sem margir séu að skipta út eldri bílum fyrir sportjeppa.

Bílamarkaðurinn hefur verið að taka við sér í Evrópu og hefur vaxið um 4% í júní 2014 frá árinu áður eftir sex ára lægð. Svo virðist sem svokallaðir sportjeppar séu orðnir vinsælasta farartæki fjölskyldufólks.

Vinsælasta tegund sportjeppa er Renault Captur en 90 þúsund slíkir bílar voru seldir í Evrópu á fyrstu sex mánuðum ársins. Þar með var hann kominn í fyrsta sæti yfir mest seldu bílana í Evrópu.

Hér er listi yfir þá sportjeppa sem seldust mest frá janúar til júní á þessu ári:

1. **Renault** Captur
2. **Peugeot** 2008
3. **Dacla** Duster
4. **Opel** Mokka
5. **Nissan** Juke
6. **Suzuki** SX4 S-Cross
7. **Suzuki** SX4
8. **Chevrolet** Trax
9. **Suzuki** Jimny
10. **Ford** Eco Sport



## MINNA VEGVIÐNÁM – MEIRI SPARNEYTNI

Vörubifreiðar eru flestar notaðar mikið og því mikið keyrðar. Því er gott að gera allt sem getur aukið sparneytni og minnkað eldsneytiseyðslu bifreiðanna.

Vegviðnám hjólbarða hefur áhrif á eldsneytisnotkunina, auk þess að hafa áhrif á endingartíma og losun koltvísýrings vegna slits á dekkjum. Vegviðnám er tuttugu prósent af eldsneytisnotkun bílsins. Þeim mun minna vegviðnám, því minni eldsneytisnotkun. Munurinn á eldsneytisnotkun milli dekkjaflokka er umtalsverður, eða um 0,6 lítrar á hverja hundrað kílómetra. Þau dekk sem hafa minna vegviðnám eru einnig með 14 grömmum lægri útblástur á koltvísýringi á hvern kílómetra. Á endingartíma dekkjanna er munurinn á eldsneytisnotkun því fimm fullir eldsneytistankar eða 240 lítrar.



## KRAFTMIKLIR SLÖKKVIBÍLAR Á FLUGVÖLLUM

Það er mikilvægt að vera vel búinn undir slys á flugvöllum. Á mörgum völlum eru sérstakir slökkvibílar sem eru útbúnir til notkunar þegar flugslys verða og eldur verður laus á flugvöllum og í flugvélum. Þessir bílar eru sérstaklega kraftmiklir, ná góðri hröðun (miðað við þyngd og stærð), komast yfir hrjóstrug svæði sem eru oft utan brauta flugvalla, geta borið mikið vatn og froðu, eru vel útbúnir með kraftmiklum dælum og pumpum og geta ekið með mikið magn slökkvibúnaðar langar vegalengdir.

Sumir þessara slökkvibíla eru með vatns- eða froðudælur sem hægt er að lyfta í allt að tuttugu metra hæð, gera gat með þeim á flugvélar og slökkva eld sem geisar inni í flugvélaskrokkum.




IVECO

Kraftur-öryggi-ending

Pallbílar

Verð frá 5.500.000 kr. + vsk.



Heildarþyngd 3.300 - 7.000 kg. • Vélastærðir frá 106 - 205 hestöfl • Burðargeta allt að 4.800 kg. • Einfalt eða tvöfalt hús fyrir 6 farþega auk ökumanns • Pallalengdir allt að 6.200 mm.

Sendibílar

Verð frá 4.300.000 kr. + vsk.



Heildarþyngd 3.300 - 7.000 kg. • Vélastærðir 106 - 205 hestöfl • Burðargeta 1.000 - 4.500 kg. • Flutningsrými frá 7,3 - 19,6 $m^3$

Kynntu þér fyrirtækjalausnir Kraftvéla

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

H2 hönnun

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Herbergi m/sérinngangi, sérbaði og öllum húsgögnum til leigu í Hfj. Uppl. í s. 899 7004

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4 herbergja íbúð í Reykjavík í langtímaleigu. Erum 3 í heimili, reglusöm og ábyrg. Þarf að vera laus 1 nóv. Oddny, s. 659 2565, oddnystef@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HANDFLAKARI ÓSKAST TIL STARFA HJÁ FISKIKÓNGINUM.**
Greitt pr.kg eða fast tímakaup. Nóg vinna, alla daga ársins.

Upplýsingar í síma 896 0602
Kristján, Fiskikóngurinn
Sogavegi 3.

KORNIÐ – Handverk í hávegum haft – Bakarí

Kornið Bakery is looking for assistants in the Bakery. Please send you job application to umsokn@kornid.is

**HELLULAGNIR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI**
Óska eftir að ráða vana menn í vinnu við hellulagnir og til annarra starfa tengda lóðavinnu og yfirborðsfrágangi.
Einnig óskast meiraprófsbílstjóri til starfa á vörubíl sem og til annarra starfa við lóðavinnu.
**Nánari upplýsingar veitir Gylfi s. 899-2962**

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hjólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560. We are looking for experienced workers for tire season For more information contact Gudni on 692-0560

Leitum að dugmiklum starfsmönnum á hjólbarða- og smurstöðvar Dekkjahallarinnar í Reykjavík og Akureyri. Umsóknareyðublöð á staðnum og á dekkjahollin.is

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur bílaklúbbsins Krúser verður haldin 20. október kl. 20:00 á Höfðabakka 9.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlísögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK ATH.**
Stóll til leigu, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.
Uppl. á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) eða í síma 551-7770/659-4135 (Begga).
HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## tilkynningar

Skipulagsfræðingafélag Íslands

### Skipulagsverðlaunin 2014
Ósk um tilnefningar

Skipulagsverðlaunin eru veitt annað hvert ár til sveitarfélaga, stofnanna eða einkaaðila sem gert hafa vel á sviði skipulagsmála og lagt sitt af mörkunum til að bæta og fegra umhverfi í þéttbýli og dreifbýli með faglegri skipulagsgerð. Markmið verðlaunanna er að hvetja til umræðu og auka skilning um skipulagsmál og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulags á hverjum tíma.

Í ár verður sérstök áhersla á skipulagsgerð í tengslum við ferðaþjónustu og samþættinghuenrnar við það byggða umhverfi og náttúru sem fyrir er. Einkum verður skoðað hvernig faglega unnin skipulagsgerð getur styrkt staðaranda og styrkt samfélög, til hagsbóta fyrir fyrir umhverfi, íbúa og ferðamenn.

Skipulagsverðlaunin eru annars vegar veitt fyrir skipulag, þ.e. skipulagstillögu eða staðfest skipulag og hins vegar fyrir sérstök og afmörkuð verkefni í tengslum við skipulag, svo sem frumkvöðlastarf og nýbreytni eða miðlun upplýsinga um skipulagsmál, svo eitthvað sé nefnt.

Tilnefningar mega koma frá sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum eða einstaklingum. Ekki er nauðsynlegt að höfundar tilnefni verk sín sjálfir. Skipulagsverkefni á öllum skipulagsstigum eru gjaldgeng til skipulagsverðlaunanna.

Tilnefningar til Skipulagsverðlaunanna 2014 ásamt viðeigandi gögnum, t.d. uppdráttum og greinargerð ásamt rökstuðningi skal senda á netfangið skipulagsfraedi@gmail.com eigi síður en 3. nóvember 2014. Gögn skulu vera á .pdf formi.

Þáttaka er öllum heimil.

Skipulagsfræðingafélags Íslands

## atvinna




## fasteignir

**TRAUSTI fasteignasala**

**Miðbraut 3, Seltjarnarnesi**




**OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUD. 14. OKT. FRÁ KL. 17:30 – 18:00.**
**Falleg sérhæð á Seltjarnarnesi með bílskúr.**

Góð staðsetning á Seltjarnarnesi, stutt í skóla, sund og alla þjónustu.
Eignin er laus við kaupsamning. Sjón er sögu ríkari.
Stærð: 167.1 m². **Verð: 47.900.000.**



*Kristján Baldursson*
*hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.*

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**




**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. ***Örugglega til þín.***

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póst dreifing

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kjalarnes Vallá
Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir jörðina Vallá á Kjalarnesi. Í tillögunni felst m.a. að skilgreindir eru byggingareitir og uppbyggingarmöguleikar. Um er að ræða skilgreint landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Ekki stendur til að auka framleiðslu á jörðinni, þar sem ekki er fyrirhugað að stækka núverandi starfsemi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 14. október 2014 til og með 25. nóvember 2014**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 25. nóvember 2014. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. október 2014
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# LAUGAVEGUR 103
Glæsileg Penthouse íbúð

BORG
FASTEIGNASALA







**Vönduð 4ra herbergja 169,3 fm þakíbúð (Penthouse) ofarlega á Laugavegi í 101 Reykjavík.**

Íbúðin sem um ræðir er í sérklassa þar sem ekkert hefur verið til sparað varðandi búnað og innréttingar. Stórar svalir eru eftir endilangri suðurhlið íbúðarinnar, af þeim er fallegt útsýni yfir borgina. Til norðurs er gott útsýni yfir flóann og til fjalla. Eigninni fylgir sér bílageymsla, keyrt er inn í frá Snorrabraut.

Einstök eign sem vert er að gefa gaum.

**Vinsamlegast bókið skoðun í síma 8484806**



**Héðinn**
Fasteignasali
848 4806

**Verð:** 89.000.000

---

## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Norðurbrú 2 – Sjálandi Garðabæ. 4ra herb. íbúð.

EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS FRÁ KL. 17.15 – 17.45




Mjög falleg, björt og vel skipulögð 123,4 fm. íbúð á 2. hæð í góðu álklæddu fjölbýlishúsi í Sjálandi. Fallegt útsýni er úr íbúðinni yfir sjóinn. Flísalagðar suðvestur svalir. Gólfsíðir gluggar í stofu. Fallegt eldhús með birkiinnréttingum. Sér stæði í bílageymslu fylgir og lyfta er í húsinu. Staðsetning eignarinnar er góð í nýlegu en grónu hverfi þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði o.fl. **Verð 41,9 millj. Íbúð merkt 0204. Verið velkomin.**

### Jónsgeisli 7- Reykjavík. Glæsilegt parhús.

EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS FRÁ KL. 17.15 – 17.45




Glæsilegt 219,9 fm. parhús á tveimur hæðum á frábærum stað í Grafarholtinu. Húsið er í mjög góðu ástandi að innan og utan, innréttað með ljósum innréttingum og gólfefnum. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í loftum. Fallegt útsýni er úr stofum. Eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu. Sjónvarpsstofa. Fjögur herbergi auk fataherbergis. Lóðin er með tveimur veröndum, skjólveggjum og steyptri innkeyrslu og stéttum. **Verð 62,9 millj. Verið velkomin.**

---


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið


---



# Þarftu að stækka við þig?

Í boði eru eignaskipti á ódýrari fasteignum

**90% lán í boði**

## Vindakór 2-8

**SÖLUSÝNING**
þriðjudag 13. okt.
17:30 – 18:30

Nánar á
**vindakor.is**



**Íbúðir á bilinu 112-166 fm, 3-5 herbergja með stæði í bílageymslu.**
**Gott skipulag, rúmgóð alrými og veglegar innréttingar frá Axis**
**Sturta og baðkar í öllum íbúðum. Húsin eru viðhaldslétt að utan.**
**Möguleiki að kaupa til viðbótar bílskúr og eða 30-40 fm viðbótargeymslu**
**Afar hagstætt fermetraverð.**

**Til afhendingar strax!**

Nánari upplýsingar veita:



**Atli S. Sigvarðsson,** sölufulltrúi
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178



**Svan G. Guðlaugsson,** sölufulltrúi
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**
*Með þér alla leið*

**miklaborg.is** **569 7000**

# FRÁBÆRT VERÐ Á SJÓNVÖRPUM




LG Smart TV

## SNJALLSJÓNVARP

Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan Direct IPS LED skjá. Opinn vefvafri og einfalt LG snjallkerfi gerir alla upplifun af netnotkun lipra og þægilega.

**Dual Core örgjörvi**
100Hz MCI tryggir flöktlausa mynd og Triple XD Engine myndvinnslan skilar betri og skýrari litum. Dual Core örgjörvinn tryggir að öll netvinnsla er hröð og góð.

**Miklir möguleikar**
Tækið er með stafrænum DVB-C/T2 móttakara og einng er Gervihnattamóttakari innbyggður í tækið. Hægt er að tengja harðan disk við tækið fyrir upptöku, nálgast skrár með DLNA, tengja Skype myndavél við tækið og bæta við Magic Remote til að einfalda enn frekar netupplifun. 3 HDMI tengi og 3 USB tengi eru á tækinu og einnig Scart, component, composite og optical tengi.

Smart Share · TRIPLE XD ENGINE · MCI 100 · Picture Wizard III · IPS ULTRA HD
Web Browser · LG Cloud · Smart Mobile Link · FULL HD 1080P

**42"**
**LG 42LB570V**
# 129.990
FULLT VERÐ 159.990

**47"**
**LG 47LB570V**
# 169.990
FULLT VERÐ 229.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HARALDUR LÝÐSSON**
**kaupmaður,**
**Blikahólum 4, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 8. október. Útför Haraldar fer fram í kyrrþey að hans ósk.

**Haraldur D. Haraldsson** **Hanne Fisker**
**Friðgeir S. Haraldsson** **Rut Garðarsdóttir**
**Inga Þóra Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og bróður,

**HARÐAR JÓNSSONAR**
**Strikinu 2, Garðabæ.**

Hjartans þakkir og kveðjur til starfsfólks heimahjúkrunar í Garðabæ og deildar B-4 á Landspítalanum í Fossvogi.

**Þorgerður Brynjólfsdóttir**
**Ævar Harðarson** **Gerður Tómasdóttir**
**Gunnar Örn Harðarson** **Anna Kristinsdóttir**
**Brynjólfur Birgir Harðarson** **Sif Hauksdóttir**
**Hörður Már Harðarson** **Guðfinna Dröfn Aradóttir**
**barnabörn**
**Svava S. Jónsdóttir**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**INGÓLFUR NJARÐVÍK INGÓLFSSON**
**Njálsgötu 40B,**

lést á gjörgæsludeild LSH 5. október sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 17. október kl. 13.

**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Guðrún Þórdís Ingólfsdóttir** **Bjarni Gunnar Björnsson**
**Auður Þórhildur Ingólfsdóttir** **Vigfús Gíslason**
**Eiríkur Jón Ingólfsson**
**Ingólfur, Óskar, Sigga Sóley, Gísli og Gunna Salóme.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,

**MARÍA SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR**
**kennari,**
**Goðheimum 15, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 1. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 15. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar og deildar 11 E fyrir góða umönnun. Þökkum auðsýnda samúð.

**Gísli Héðinsson**
**Ágústa Mjöll Gísladóttir**
**Hjörtur Snær Gíslason**
**Una Sóley Gísladóttir**
**Jónína Melsteð** **Gunnar Hjörtur Gunnarsson**
**Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Pétur Daníelsson**
**Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir** **Eiríkur G. Ragnars**
**Ágústa Lárusdóttir** **Héðinn Baldvinsson**
**Gunnar Pétur Héðinsson** **Ingibjörg Valgeirsdóttir**
**Sigríður Héðinsdóttir**
**Auður Héðinsdóttir**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEINGRÍMUR BENEDIKTSSON**
***húsasmíðameistari,***
**Linnetsstíg 2, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 8. október. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 16. október kl. 13.00. Þökkum starfsfólki A-6 góða umönnun og hlýju.

**Albert Már Steingrímsson** **Ester Jóhannsdóttir**
**Benedikt Steingrímsson** **Kolbrún Sigurðardóttir**
**Sigrún Steingrímsdóttir** **Ólafur S. Vilhjálmsson**
**Steingrímur G. Steingrímsson** **Kristín Þ. Þórarinsdóttir**
**Björk Steingrímsdóttir** **Gústaf Bjarki Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið

**ÞETTA GERÐIST:** 14. OKTÓBER 1947

## Fyrstur til að fljúga yfir hljóðhraða

Á þessum degi árið 1947 varð bandaríski herflugmaðurinn Chuck Yeager fyrsti maður heims til að fljúga hraðar en hljóðið.

Yeager fæddist í Virginíuríki árið 1923 og var orustuflugmaður í seinni heimsstyrjöldinni. Hann fór 64 leiðangra yfir Evrópu, skaut niður 13 þýskar herflugvélar og var sjálfur skotinn niður yfir Frakklandi. Heillastjarna fylgdi honum þó og var honum bjargað af liðsmönnum frönsku andspyrnuhreyfingarinnar.

Eftir stríðið var hann einn þeirra sem urðu fyrir valinu til að reynslufljúga tilraunaflugvélinni X1, sem byggð var af Bell Aircraft-félaginu til að kanna möguleikann á flugi á hljóðhraða. Margir töldu á þessum tíma að manninum væri ekki ætlað að fljúga hraðar en hljóðið enda gæti það tætt vélarnar í sundur að fara svo hratt. Það viðmót gjörbreyttist hinn 14. október 1947 þegar Yeager flaug X1-vélinni yfir Rogers Dry-vatnið í Suður-Kaliforníu. Í 40 þúsund feta hæð komst hann á yfir þúsund kílómetra hraða á klukkustund. Þar sem mikill leynd hvíldi yfir verkefninu varð afrek Yeagers ekki kunnugt fyrr en í júní 1948.

Yeager hélt áfram starfi sínu sem reynsluflugmaður og árið 1953 flaug hann X-1A flugvélinni á um 2.600 kílómetra hraða á klukkustund.





**ÁHUGASÖM** Vísindaferðirnar vekja alltaf mikla spennu hjá nemendum.

# Litlir vísindamenn í Sólheimajökulsferð

Hvolsskóli fer árlega í vísindaferð á Sólheimajökul. Skemmtisiglingin vekur mikla lukku.

„Mér finnst nú alveg mjög líklegt að einhver nemandi í Hvolsskóla verði vísindamaður í framtíðinni,“ segir Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra, en þann 7. október síðastliðinn fóru nemendur sjöunda bekkjar skólans í hina árlegu ferð að Sólheimajökli. „Skólinn er grænfánaskóli og því er lögð rík áhersla á að börnin læri um umhverfið og áhrif okkar á það,“ segir Árný en ferðin að Sólheimajökli er fastur liður í umhverfisfræðslu skólans.

Nemendurnir mæla hop jökulsins og taka myndir til samanburðar við fyrri ár. Í ár bar svo við að mælingasvæðið var lokað vegna flóðahættu svo að lögreglan og Björgunarsveitarmenn slógust í förina eftir að fengin var undanþága. Svokallaður dróni, lítil fjarstýrð þyrla með GPS-tæki og myndavél, var notaður þar sem lónið kom í veg fyrir að ganga mætti að jöklinum eins og í fyrra. Þá var notaður bátur til að mæla dýpt lónsins.

Samkvæmt fréttatilkynningu skólans kom á óvart hversu djúpt lónið var en það mældist yfir 40 metra djúpt skammt undan jökulsporðinum. Samkvæmt mælingum krakkanna hafði jökullinn hopað um tæpa 80 metra frá því í fyrra en um 170 metra frá því að byrjað var að mæla árið 2010.

Að lokum fóru allir í skemmtisiglingu á lóninu innan um ísjakana en krakkarnir voru heppnir með frábært veður. „Þessar ferðir vekja alltaf mikla spennu hjá sjöundubekkingum og sérstaklega að fá að sigla á lóninu. Það þykir þvílíkt skemmtilegt,“ segir Árný.

Síðan eftir að heim er komið þarf að vinna úr upplýsingunum. Ásamt því að skrifa niðurstöðurnar niður á blað skrá nemendurnir þær einnig á skilti við jökulinn og hafa gert það síðan þessar mælingar hófust.

Þess má geta að sjónvarpsmenn frá Landanum voru á staðnum og munu þeir sýna frá þessum merkilega viðburði á næstunni.


thorduringi@frettabladid.is




Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður og sambýlismanns,

**GUÐMUNDAR EINARSSONAR**
**frá Stokkseyri.**

**Elísabet Guðmundsdóttir**
**Jónína G. Gústavsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**OTTÓ GÍSLASON**
**Seljahlíð – heimili aldraðra,**
**áður Heiðnabergi 12,**

lést á Vífilsstöðum 11. október 2014. Útförin verður auglýst síðar.

**Þórður Gísli Ottósson,**
**Ingibjörg Ottósdóttir** **Guðjón Hreiðar Árnason**
**Anna Karólína Ottósdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**RAGNHEIÐUR MAGNÚSDÓTTIR**
**Engimýri 5, Akureyri,**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 7. október. Útförin fer fram í Akureyrarkirkju föstudaginn 17. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á félag nýrnasjúkra.

**Steindór Hermannsson**
**Magnús Páll Steindórsson**
**Þuríður Steindórsdóttir** **Tobías Sigurðsson**
**Drífa Steindórsdóttir** **Jón Sverrir Friðriksson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**ELÍNAR GUÐBJÖRNSDÓTTUR.**

**Guðbjörn Björnsson** **Júlíana B. Erlendsdóttir**
**Júlía Björnsdóttir**
**Anna Guðný Björnsdóttir** **Björn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Aðeins fáeinir bílar í boði.

Way of Life!

SUZUKI

# Dúndur tilboð




## Bjóðum fáeina Suzuki Alto á frábæru verði og kjörum.

**Alto sjálfskiptur verð kr. 1.990.000**
Útborgun 199.000*
Mánaðarleg afborgun í 84 mánuði kr. 30.093
**Alto beinskiptur verð kr. 1.750.000**
Útborgun 175.000
Mánaðarleg afborgun í 84 mánuði kr. 26.479

Alto beinskiptur eyðir aðeins
4,3 l/100 km í blönduðum akstri.




## Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf okt. 2014

*árleg hlutfallstala kostnaðar 10,9%




**2 | KL. 22:20**
**The Strain**
Dulmagnaðir spennuþættir um farþegaflugvél sem lendir í New York og fljótlega kemur í ljós að ekki er allt með felldu.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld




**2 | KL. 19:20**
**Meistaramánuður**
Við fylgjumst með þátttakendum sem setja sér markmið og sjáum hvernig þeim gengur að fylgja þeim eftir.



**2 | KL. 20:05**
**Modern Family**
Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



**2 | KL. 20:50**
**Gotham**
Hörkuspennandi þættir þar sem sögusviðið er Gotham-borg sem flestir kannast við úr sögunum um Batman.




**2 | KL. 21:35**
**Stalker**
Annar þáttur af þessum mögnuðu spennuþáttum um sérstaka deild innan lögreglunnar í LA sem rannsakar mál tengd eltihrellum.




**3 | KL. 20:25**
**One Born Every Minute US**
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00**
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | | 8 | | | 1 | 9 | |
| 8 | 7 | | | | | 6 | 2 | |
| | | | 5 | 7 | | | 8 | |
| 6 | | | | | | 8 | 1 | 9 |
| 9 | | | | 5 | 2 | 7 | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| | 5 | | 1 | | | | | 2 |
| 1 | | | | 9 | | 4 | | |
| 7 | | 8 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | | 3 | | | |
| 5 | | 9 | | | 6 | | 3 | 7 |
| | | 2 | | | | | | 8 |
| 7 | | | 3 | | | | | |
| | 6 | 4 | | | | | 5 | 1 |
| 8 | | | 5 | | | | 7 | 2 |
| 9 | | 1 | | | 5 | | 4 | |
| 3 | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| | | | | 3 | | 8 | | 9 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 5 | | | 6 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| 8 | 3 | | | | | | 1 | |
| 9 | 2 | | 1 | 3 | | | | |
| 6 | 7 | | 4 | | | | | 3 |
| | | | 7 | | 9 | | 2 | |
| 2 | | | | | 8 | | 3 | |
| 3 | | | | 1 | | 8 | | 6 |
| | | | | | 7 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 5 | 8 | 7 | 6 | 9 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 9 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 5 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 7 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 9 |
| 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 8 | 9 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 3 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 |
| 7 | 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 9 | 2 | 5 | 4 | 8 | 6 | 1 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ekki gráta yfir því að eitthvað sé yfirstaðið. Brostu yfir því að það skuli hafa átt sér stað.“

*Dr. Seuss*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** svari, **6.** pot, **8.** óhróður, **9.** stroff, **11.** í röð, **12.** krapi, **14.** enda, **16.** átt, **17.** sérstaklega, **18.** vætla, **20.** tveir eins, **21.** bor.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** ónefndur, **4.** fax, **5.** fag, **7.** heimting, **10.** samræða, **13.** hólf, **15.** illgresi, **16.** sigti, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ansi, **6.** ot, **8.** níð, **9.** fít, **11.** mn, **12.** slabb, **14.** klára, **16.** sa, **17.** sér, **18.** íla, **20.** ff, **21.** alur.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** nn, **4.** símbréf, **5.** iðn, **7.** tilkall, **10.** tal, **13.** bás, **15.** arfi, **16.** sía, **19.** au.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Lenka Ptácníková (2.265) hafði svart gegn Nino Maisuradze (2.349) á kvennaskákmóti í Köge í Danmörku. Svartur á leik:**



**32. ... Hxg5! 33. Dxg5 Rxg4** og hvítur gafst upp þar sem hvíta drottningin fellur. Henrik Danielsen situr einnig að tafli í Köge þar sem tekur þátt í alþjóðlegu móti.
**www.skak.is** Dagur Arngrímsson slær í gegn í Vegas.


TJARNARBÍÓ
Lýið
STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SÝNT Í TJARNARBÍÓ
Frumsýning!
Lau. 18. okt kl. 14.00
Sun. 19. okt. kl. 14.00
Sun. 26. okt. kl. 13.00
Sun. 2. nóv kl. 13.00
Lau. 8. nóv. kl. 14.00
Sun. 9. nóv kl. 13.00
Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITIÐ SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR OG SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON LISTRÆNIR STJÓRNENDUR CHARLOTTE BØVING OG HELGA ARNALDS
MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í TJARNARBÍÓ

# Azalea með flestar tilnefningar

Iggy Azalea fær flestar tilnefningar til American Music-verðlaunanna.

Tónlistarkonan Iggy Azalea fær flestar tilnefningar til American Music-verðlaunanna sem voru tilkynntar í gær, eða sex talsins.

Tónlistarmaðurinn John Legend, söngkonan Katy Perry og tónlistarmógúllinn Pharrell Williams fá hver fimm tilnefningar en söngkonan Lorde hlýtur fjórar. Þá fá Beyoncé, Eminem, Imagine Dragons, One Republic og One Direction þrjár tilnefningar hver. Verðlaunin verða afhent 23. nóvember í Los Angeles.

**Listamaður ársins**
- Iggy Azalea
- Beyoncé
- Luke Bryan
- Eminem
- Imagine Dragons
- John Legend
- Lorde
- One Direction
- Katy Perry
- Pharrell Williams

**Nýliði ársins**
- 5 Seconds of Summer
- Iggy Azalea
- Bastille
- Sam Smith
- Meghan Trainor

**Smáskífa ársins**
- Fancy - Iggy Azalea ft. Charli XCX
- All of Me - John Legend
- Rude / MAGIC!
- Dark Horse - Katy Perry ft. Juicy J
- Happy - Pharrell Williams



**IGGY AZALEA** Með flestar tilnefningar í ár, eða sex talsins.

tími fyrir sögu

DAGSKRÁ LESTRARHÁTÍÐAR
VIKUNA 14.–20. OKTÓBER

MIÐVIKUDAGUR 15. OKTÓBER KL. 17–18
ORÐAGULL – LISTIN AÐ SEGJA SÖGU
Boðið er upp á sögustund alla miðvikudaga í október. Sagðar verða sögur og kynntar aðferðir til að glæða þær lífi og litum. Umsjón hefur Ólöf Sverrisdóttir, leikari og sögukona.
Skráning í síma 664 7718 og 411 6256 eða á olof.sverrisdottir@reykjavik.is.
BORGARBÓKASAFN, AÐALSAFN TRYGGVAGÖTU 15

FÖSTUDAGUR 17. OKTÓBER
ALLIR LESA – LANDSLEIKUR Í LESTRI
Landsleikurinn **Allir lesa** hefst. Taktu þátt með því að vera í liði með fjölskyldu, vinum, skóla- eða vinnufélögum, taktu þér bók í hönd eða hlustaðu á hljóðbók og lestu til sigurs!

LAUGARDAGUR 18. OKTÓBER KL. 11–12
BÓKMENNTAGANGA UM KRINGLUNA
Kringlusafn Borgarbókasafns býður upp á nýstárlega göngu um verslunarmiðstöðina Kringluna þar sem sagðar verða ólíkar sögur, sem allar tengjast á einhvern hátt þeim fjölmörgu heimum sem þar er að finna ef vel er að gáð.
Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.
SAFNAST SAMAN Í ANDDYRI BORGARBÓKASAFNSINS Í KRINGLUNNI

SUNNUDAGUR 19. OKTÓBER KL. 14–16
PÁFUGL ÚTI Í MÝRI
SKÖPUNARSMIÐJA FJÖLSKYLDUNNAR
Umsjónarmaður er Davíð Stefánsson.
NORRÆNA HÚSIÐ

SJÁ DAGSKRÁ Á BOKMENNTABORGIN.IS

LESTRARHÁTÍÐ

EKKI GLEYMA NESTISBOXINU
– ljúffeng saga á hverjum degi á bokmenntaborgin.is

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO
www.bokmenntaborgin.is



**DRAUMUR** Hildi Guðnadóttur dreymdi tónverkið Undir tekur yfir í formi teikningar. MYND/ANTJE TAIGA JANDRIG

# Undirmeðvitundin átti erindi við Hildi

Hildur Guðnadóttir er tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2014 fyrir tónverkið Undir tekur yfir. Verðlaunin verða afhent í Stokkhólmi 29. október.

„Sumarið 2012 varð ég fyrir þeirri lífsreynslu að missa meðvitund. Ég missti reyndar ekki neitt, því það sem gerðist í rauninni var að það urðu eins konar meðvitundarskipti og undirmeðvitundin tók völdin af þeirri vitund sem yfirleitt ræður ferðinni.“

Þannig m.a. lýsir Hildur Guðnadóttir, sellóleikari, tónskáld og söngkona, innblæstri sínum að tónverkinu Undir tekur yfir, sem tilnefnt er til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2014.

Í gærmorgun missti Hildur af flugi frá Kraká til Berlínar. Strandaglópurinn gaf sér stund til að segja svolítið nánar frá tilurð verksins og því helsta sem er á döfinni. „Ég er alltaf á ferð og flugi, spila úti um allan heim og hef verið svo heppin að fá næg verkefni upp í hendurnar. Undanfarið hef ég samið tónlist fyrir kvikmyndir, leikhús og unnið við að setja upp tónlistarviðburði. Einn slíkur er í lok mánaðarins í Neue Nationalgallerie í Berlín, sem er innsetning með nýju hljóðfæri sem Hans Jóhannesson er að smíða fyrir mig,“ segir hún.

„Annars spila ég aðallega á tónleikum, sóló á selló, en þó einstaka sinnum með öðrum, t.d. múm. Ég spila mest víðsvegar um Evrópu, en þó í æ ríkari mæli í Bandaríkjunum þar sem ég verð með tvenna einleikstónleika í Metrópólitan í New York n.k. föstudag og mánudag. Því næst í Tókýó í nóvember,“ segir Hildur og gæti haldið þulunni áfram.

Hún stundaði nám í Listaháskólanum í Berlín og settist að í borginni árið 2007. Þótt tilnefningar, viðurkenningar og verðlaun séu engin nýlunda fyrir Hildi, segir hún hafa komið sér á óvart að vera tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. „Undir tekur yfir er fyrsta verk mitt fyrir sinfóníuhljómsveit. Stuttu áður en ég varð fyrir þeirri lífsreynslu að missa meðvitund hafði Ilan Volkov, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og listrænn stjórnandi Tectonics-hátíðarinnar, haft samband við mig og beðið mig að skrifa tónverk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þegar mig síðan dreymdi verkið í formi teikningar fannst mér undirmeðvitundin eiga við mig erindi. Ég teiknaði það sem mig dreymdi og byggði tónverkið á teikningunni,“ segir Hildur, en mælir ekkert sérstaklega með að missa meðvitund.

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið á Tectonics-hátíðinni í Hörpu í vor og kveðst tónlistarkonan ekki hafa átt von á að það ætti eftir að fara víða. „Tilnefningin gleður mig mikið, sérstaklega af því ég lagði gríðarlega mikla vinnu í verkið og það var mjög flókið í vinnslu,“ segir hún.

Eins og öðrum tilnefndum er henni boðið í ráðhúsið í Stokkhólmi 29. október nk. þar sem úrslitin verða kunngjörð. Frá Íslandi var einnig tilnefnt tónverkið Solar5: Journey to the Center of Sound eftir Huga Guðmundsson, Hilmar Jensson, Sverri Guðjónsson og Matthías Hemstock með gagnvirkum sjónlistaverkum eftir Joshue Ott.

## ÞRJÁR SÓLÓPLÖTUR

Hildur hefur gefið út þrjár sólóplötur á vegum útgáfufyrirtækisins Touch: Leyfðu ljósinu, Without Sinking og Mount A og samið tónlist fyrir leikrit, dansverk, kvikmyndir, verk fyrir kammersveitir, alls kyns hljóðfærasamsetningar, raddir og rafhljóð.

Hún hefur samið tónlist að beiðni Konunglega sænska ballettsins, Tate Modern, Opera North og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin Múm, Skúli Sverrisson, Jóhann Jóhannsson, Angel, Pan Sonic, Schneider og Throbbing Gristle eru á meðal fjölmargra tónlistarmanna, sem hún hefur starfað með.

valgerdur@frettabladid.is



# Penelope Cruz kynþokkafyllsta kona heims

Leikkonan tekur við titli Esquire úr höndum Scarlett Johansson. Fjölskyldan er það mikilvægasta í lífinu.

Tímaritið Esquire hefur titlað leikkonuna Penelope Cruz kynþokkafyllstu konu heims.

Penelope prýðir forsíðu nýjasta heftis tímaritsins. Í viðtali við tímaritið segir hún að fjölskylda sín sé það mikilvægasta í lífi sínu en hún á tvö börn með leikaranum Javier Bardem, soninn Leo, þriggja ára, og dótturina Lunu, eins árs. Hún gefur þó ekkert upp um einkalíf þeirra.

„Það er fyrir okkur,“ segir leikkonan.

Penelope varð fyrsta spænska leikkonan til að vinna Óskarsverðlaunin árið 2009 þegar hún fór heim með styttuna fyrir aukahlutverk í kvikmyndinni Vicky Christina Barcelona sem hinn þrautreyndi Woody Allen leikstýrði við góðar undirtektir. Hún segir í viðtali við Esquire að hún hafi oft logið til um aldur þegar hún var yngri til að sjá myndir leikstjórans Pedros Almodóvar í kvikmyndahúsum. „Hann er minn mesti innblástur,“ segir hún.

Leikkonan Scarlett Johansson, sem lék einmitt einnig í Vicky Christina Barcelona, var kosin kynþokkafyllsta kona heims af Esquire í fyrra. Árið 2012 var það Mila Kunis sem hlaut titilinn og árið áður var það söngkonan vinsæla Rihanna.




**PENELOPE CRUZ** Leikkonan prýðir forsíðu nýjasta hefti tímaritsins Esquire, sem telur hana kynþokkafyllstu konu heims.
MYND/ESQUIRE

## Tilnefndar í Rokkhöllina

Hljómsveitirnar Green Day og Nine Inch Nails hafa í fyrsta sinn verið tilnefndar til innvígslu í Frægðarhöll rokksins.

Aðrir rokkarar sem tilnefndir eru í fyrsta skiptið eru The Smiths, Stevie Ray Vaughan og Bill Withers. Tímaritið Rolling Stone hefur stofnað til kosninga á heimasíðu sinni þar sem kosið er um þá einu sveit sem verður vígð í höllina. Meðal annarra sem hljóta tilnefningar eru The Paul Butterfield Blues Band, Chic, Joan Jett & the Blackhearts, Kraftwerk, NWA og Lou Reed. - þij



**NÝTT PAR** Kat Dennings og Josh Groban eru nýjasta parið í Hollywood.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Tvær stjörnur byrja saman

Stjarnan úr sjónvarpsþáttunum 2 Broke Girls, Kat Dennings, og söngvarinn Josh Groban eru byrjuð saman en þau sáust í fyrsta sinn opinberlega saman á balli í Beverly Hills-hverfinu í Los Angeles á laugardagskvöldið. Kat setti síðan mynd á Instagram seinna um kvöldið af sér og nýja kærastanum.

Dennings var áður í sambandi með Nick Zano sem hefur verið gestaleikari í 2 Broke Girls. Groban hefur hins vegar verið í ástarsambandi með leikkonunni January Jones og söngkonunni Katy Perry.

## Skór í tísku, list og blæti

Á skósýningnni Killer Heels: The Art of the Highheeled Shoe, sem nýverið var opnuð í Robert E Blum-galleríinu í Brooklynsafninu í New York, kemur á daginn að þykkbotna og hælaháir skór eiga sér ævaforna sögu. Þar gefur t.d. að líta ítalska skó frá endurreisnartímanum á 16. öld og allt til vorra daga. Frægum tísku- og skóhönnuðum nútímans er líka gert hátt undir höfði, þar á meðal Christian Louboutin og Manolo Blahnik.

## Franco stjarna í nýrri litabók

Mel Elliott er búinn að gefa út nýja litabók sem heitir Colour Me Good James Franco. Eins og nafnið gefur til kynna eru eingöngu myndir af leikaranum James Franco í bókinni en hún er innblásin af Instagram-síðu leikarans sem er oft og tíðum frekar skrautleg. Þá er til dæmis hægt að lita James Franco uppi í rúmi með kaffi eða James Franco í dragfötum.

Mel hefur áður gefið út litabækur þar sem innblásturinn er skærustu stjörnur heims en meðal annarra stjarna í bókum hans eru Harry Styles og Benedict Cumberbatch.



**JAMES FRANCO** Ný litabók sem nefnist Colour Me Good James Franco er komin út.



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | KL 4.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| GONE GIRL LÚXUS | KL 4.45 - 8 | 16 |
| DRACULA | KL 5.45 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 8 - 10.45 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 - 8 | 12 |
| LET´S BE COPS | KL 5.45 | 12 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | KL 5.45 - 9 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 9 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| BOYHOOD | KL 5.40 - 9 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 6 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| GONE GIRL | 7, 10 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | 8, 10 | 16 |
| SMÁHEIMAR | 5:40 | L |
| WALK AMONG TOMBSTONES | 5:40, 8, 10:20 | 16 |

SAMbio.is




FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR THE CONJURING




ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 - 10:10 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| ANNABELLE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 9 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 6:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 10:20 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:40 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 | L |
| ANNABELLE | KL. 10:40 | 16 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IF I STAY | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 | L |
| GONE GIRL | KL. 8 | 16 |
| ANNABELLE | KL. 10 | 16 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 | L |
| THE ANGRIEST MAN IN BROOKLYN | KL. 10:20 | 12 |
| ANNABELLE | KL. 10 | 16 |
| AFINN | KL. 8 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 6 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

# Vel siðuð ung kona

Söng- og leikkonan Miley Cyrus segist ekkert kippa sér upp við það þegar fólk segi að hún sé klikkuð. Hún veit best sjálf að hún kann allt um mannasiði þótt flestir telji hana villta.

„Það truflar mig ekkert þegar fólk segir mér að ég sé klikkuð vegna þess að ég er það," sagði hún í viðtali við ástralska morgunþáttinn Sunrise. „Margar stelpur eru mjög kurteisar út á við. En þegar maður hittir þær eru þær ekki eins kurteisar og ekki eins vingjarnlegar. Ég vona að orðspor mitt sé gott. Ég heilsa öllum og kem eins fram við alla," sagði hún.



**MILEY CYRUS** Kippir sér ekki upp við það þótt fólk haldi að hún sé klikkuð.

# Nú legg ég á, og mæli ég um

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



Þegar ég var barn gekk ég í gegnum tímabil þar sem ég sótti mjög í að lesa íslenskar þjóðsögur. Hrifnust var ég af útilegumannasögum, sögum af huldufólki og draugasögum (sem héldu oft fyrir mér vöku á nóttunni). Ég vissi sem var að sögurnar væru oftast hreinn uppspuni þó oft mætti finna einhvers konar sannleikskorn í þeim, þá helst um alþýðutrú, siðferði og dagleg störf fólks á öldum áður.

**VIÐ** vitum að hér áður fyrr skemmti fólk hvað öðru með munnmælum og þjóðsögum. Þó við nútímafólkið búum á „gervihnattaöld" er hinn íslenski sagnaarfur enn sprelllifandi, nú í formi reynslu- og flökkusagna sem nútíma sagnamenn og -konur á öllum aldri krydda hvert með sínu nefi.

**Í** kringum mig eru til að mynda margir færir sagnamenn (vinkonur, frændfólk), en líklega eru fáir eins færir og Sigurður nokkur Atlason á Hólmavík. Sigurður þessi er allt í öllu á Galdrasýningunni á Ströndum, sem ég heimsótti í þriðja sinn nú um helgina. Tröllasögur, útilegumannasögur, frásagnir af ýmiss konar yfirnáttúrulegum atburðum og verum – Sigurður kann þær allar og meira til.

**ÞAÐ** að hlýða á Sigurð segja frá uppvakningum, lýsa notkun nábrókar og síðast en ekki síst segja frá galdrafárinu sem ríkti hér á landi á 17. öld vakti áhuga minn á íslenskum sögnum að nýju – svo mikið meira að segja að liðna nótt dreymdi mig bæði galdrastafi og tilbera!

**NÚ** legg ég á, og mæli eindregið með að þú, lesandi góður, leggir leið þína til Hólmavíkur og heimsækir Galdrasýninguna og Sigurð því sögurnar hans eru betri en Game of Thrones, Mad Men, Breaking Bad og Forbrydelsen til samans! Ég lofa.



**SAM, NEIL OG BILL** Ástsælir lúðar sem slógu í gegn í Sjónvarpsþáttunum Freaks and Geeks sameinast á næsta ári.

# Nördarnir þrír snúa aftur

Nördavinirnir Sam, Neil og Bill sem slógu í gegn í grínþáttunum Freaks and Geeks verða sameinaðir aftur á næsta ári.

Það verður því miður ekki í nýrri þáttaröð Freaks and Geeks, heldur endurgerð á grínmyndinni sígildu National Lampoon‘s Vacation. Það er enginn annar en leikarinn John Francis Daley sem lék Sam sem skrifar handritið.

Spurður hvort hann væri með hlutverk í myndinni svaraði hann: „Ég er ekki viss um að ég geti einu sinni sagt frá því hvert hlutverk mitt í myndinni er. Ég veit ekki hvort dagsetning er ákveðin en Sam Levine og Martin Starr munu einnig vera í myndinni," segir Daley.

„Ég vildi einfaldlega fá tækifæri til að fá nördana þrjá (úr þáttunum) aftur saman, fyrir sama verkefnið," segir hann.

# Algjör leiksigur Sigga Sigurjóns

KVIKMYND ★★★☆☆

**Afinn**

**LEIKSTJÓRI:** BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON

**AÐALHLUTVERK:** SIGURÐUR SIGURJÓNSSON, SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR, ÞORSTEINN BACHMANN



**ÉG FER Í FRÍIÐ** Siggi Sigurjóns og Sigrún Edda leika hjón í myndinni.

Handritið að Afanum er byggt á samnefndum einleik sem settur var upp í Borgarleikhúsinu. Myndin fjallar um Guðjón, sem Sigurður Sigurjónsson leikur. Hann er orðinn gamall. Kominn á eftirlaunaaldur. Farinn að finna fyrir alls um u-beygjum. Sagan er í raun ófeiminn ... Farinn að finna fyrir alls konar eymslum sem áður voru óþekkt. Er orðinn helst til lengi að kasta af sér þvagi. Aldurinn fer ekkert sérstaklega vel í okkar mann og eins og hann segir á einum stað í myndinni hefur hann aldrei verið jafn týndur á ævinni.

Hér er ekki á ferð stórkostlega flókin mynd með óvæntum u-beygjum. Sagan er í raun einföld. Það er byrjun, miðja og endir. Það eru skarpir árekstrar og úrlausn vandamála. En þessari einföldu sögu eru gerð góð skil. Myndin heldur manni frá upphafi til enda og maður heldur með persónunum, þó sérstaklega Sigga Sigurjóns. Hann er svo yndislega sympatískur í ellikreppunni sinni að maður hlær og grætur með honum og vegna einlægrar túlkunar leikarans nær maður að upplifa allar hans hæðir og lægðir með honum. Þetta er leiksigur fyrir Sigga. Ein hans besta frammistaða á ferlinum. Hann missir aldrei dampinn og tengist áhorfendum órjúfanlegum böndum.

Aðrir leikarar standa sig með prýði. Sigrún Edda Björnsdóttir, sem leikur konu Sigga, kemst vel frá sínu og lýsir upp hvíta tjaldið með sínum töfrum, líkt og hún hefur lýst upp leiksviðið í fjöldamörg ár. Svo eru óvæntir senuþjófar eins og Steinn Ármann og Guðlaug Elísabet – fullu hjónin úti á Kanarí sem elska ekkert meira en að glamra gamla dægurlagaslagara á gítar langt fram á nótt. Og Jóhann Sigurðarson á feikigóða og sannfærandi innkomu.

Handritið er ágætlega skrifað og oft tekst vel til með brandara. Ekki alltaf, en oft. Leikstjórinn kemst líka vel frá sínu verki og dettur sem betur fer ekki oft í þá gryfju að draga atriði á langinn svo þau missi marks.

Afinn er kærkomin tilbreyting frá þeim íslensku myndum sem hafa verið gerðar síðustu ár. Myndin er hreinræktað skemmtiefni sem öll fjölskyldan ætti að geta hlegið að – og kannast við þær aðstæður sem afinn sjálfur lendir í.

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Grátbrosleg mynd þar sem Siggi Sigurjóns missir aldrei dampinn.

# Skoða hvernig auka megi hlutdeild gestanna

## Íslendingar standa aftarlega hvað varðar stafræna miðlun menningar og lista sem virkjar áhorfendurna.

„Eins og við erum framarlega í stafrænum leiðum í þjónustu og öðru, til dæmis á Facebook, þá erum við ekki komin jafn langt í stafrænni miðlun lista og menningar hér á landi," segir Auður Rán Þorgeirsdóttir, verkefnastýra ráðstefnu um virkni og þátttöku áhorfenda í menningu og listum, sem haldin verður í næstu viku.

Skoðað verður hvernig áhorfendur geti átt hlutdeild í menningunni, ekki eingöngu með því að gera menninguna aðgengilegri, heldur með því að gefa fólki beina hlutdeild. „Þetta er leið fyrir menningar- og listastofnanir til að ná til yngri hópa. Í ákveðnum menningargeirum er áhorfendahópurinn að eldast og því er stóra áskorunin að endurnýja hópinn og ná upp nýju samtali við áhorfendur," segir Auður og bætir við að þannig sé mögulega hægt að ná í gesti sem annars mætti aldrei á sýningar.

> **Í ákveðnum menningargeirum er áhorfendahópurinn að eldast og því er stóra áskorunin að endurnýja hópinn og ná upp nýju samtali við áhorfendur.**
>
> *Auður Rán Þorgeirsdóttir.*

Tölvuleikjaiðnaðurinn hefur náð þessu sambandi við sína notendur og mun fulltrúi frá EVE Online halda erindi á ráðstefnunni auk fjölda erlendra fyrirlesara. „Til dæmis er hægt að nota öpp á listasöfnum til að ýta undir þátttöku gesta. Það er til dæmis gert í Danmörku og þannig næst að virkja gestina, veita aukaupplýsingar og fá viðbrögð," segir Auður og bætir við að einnig verði rætt á gagnrýninn hátt hvernig og hvort það sé hægt að búa til jafn merkingarhlaðna reynslu í gegnum vefinn og með því að mæta á staðinn.

- ebg



**RÁÐSTEFNUSTÝRA** Auður Rán Þorgeirsdóttir stýrir ráðstefnunni sem haldin er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er liður í formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni.

# Allt fyrir baðherbergið

## Á MÚRBÚÐARVERÐI

CERAVID

Þýsk gæði



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og **hæglokandi seta.**

Þýsk gæðavara

**41.990**

Hæglokandi seta

Skál:
„Scandinavia
design"

## BOZZ sturtuklefi

90x90cm

**45.900**

Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar
á **kr. 45.900**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.





**11.990**

AGI-167 hitastýrð blöndunartæki
fyrir sturtu fáanleg með upp stút.

**Rósetturog hjámiðjur fylgja.**

Vatnslás og botnventill frá
McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**



CERAVID baðkar 170x75 cm

**21.990**



OZY stál-sturtubarki
1,75m

**990**



Vitra
Grand Scandinavia
m. setu

**26.990**



Swift snagi, burstað
stál, mikið úrval

**1.590**

**1.690**



**11.990**

VITRA Slope blöndunartæki
með botnventli



6 mm Hert
öryggisgler

FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm

**34.690**

## GUOREN hitastýrð blöndunartæki

**Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.**



**Guoren** TLY Sturtusett
kr. **47.990**



**Guoren** 4F Hitastýrt
baðtæki Exclusive
kr. **19.990**



**Guoren** 1L Hitastýrt
baðtæki standard
kr. **17.990**

EN 1111:1997



**Guoren**-AL Hitastýrt
tæki með uppstút
kr. **14.990**



**Guoren**-BO Hitastýrt
tæki með niðurstút
kr. **14.990**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

LÁTUM FAGMENN
VINNA VERKIN

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# SPORT

## Viljum halda boltanum betur



**FÓTBOLTI** „Við þurfum að losa pressuna þeirra betur – við gerðum það ekki nógu vel í fyrri leiknum. Svo þurfum við að fara yfir hvernig við ætlum að haga okkar uppspili og hvernig við ætlum að sækja á þá,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 árs landsliðsins í fótbolta, í samtali við Fréttablaðið fyrir æfingu liðsins í Egilshöll í gær.

Ísland mætir Danmörku á Laugardalsvelli klukkan 16.15 í seinni leik liðanna í umspili um sæti á EM 2015 í Tékklandi, en fyrri leiknum lauk með markalausu jafntefli.

Eyjólfur segir lykilatriði fyrir íslenska liðið að halda boltanum betur en í fyrri leiknum: „Við viljum halda boltanum betur, en við vitum að Danir eru með gríðarlega sterkt lið sem skoraði mikið í riðlakeppninni.“ - iþs

## Emil: Finn fyrir nærveru pabba míns í hjarta mínu

**FÓTBOLTI** „Kannski hefur pabbi verið með mér hérna í síðustu leikjum. Mig langaði að spila fyrir hann. Eftir hvern einasta leik finn ég fyrir nærveru hans í hjarta mínu,“ sagði Emil Hallfreðsson hálfklökkur við blaðamann að loknum fræknum sigri á Hollandi.

Emil, sem missti föður sinn á dögunum, fór á kostum með íslenska liðinu líkt og í 3-0 sigrinum á Lettum. Hann virtist á köflum svífa á grænu grasinu og fór oft illa með Hollendinga. Undir það tók landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck á blaðamannafundi í leikslok en hann hrósaði Emil mikið.

„Ég er líka í góðu standi, spila með mínu félagsliði og finn fyrir trausti hjá Lars og Heimi. Þetta virkar allt saman. Það er bara gaman að ná að sýna góða leiki,“ sagði Emil aðspurður um frammistöðu sína undanfarið sem hefur vakið mikla athygli.

Emil segir að félagar sínir hjá ítalska liðinu sé líklega farnir að taka aðeins mark á íslenska liðinu nú. „Þeir eiga samt örugglega erfitt með að trúa markatölunni 8-0 og níu stig eftir þrjá leiki,“ sagði Emil. - ktd



**TIL HAMINGJU** Emil Hallfreðsson og Birkir Bjarnason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**Ísland 2-0 Holland**

Laugardalsv.
Áhorf: x.xxx
Carlos Velasco (8)

**Mörkin:** 1-0 Gylfi Þór Sigurðsson (10. víti), 2-0 Gylfi Þór Sigurðsson (42.)

**HOLLAND (4-3-3):** Jasper Cillessen - Gregory van der Wiel, Stefan de Vrij, Bruno Martins Indi, Daley Blind - Nigel de Jong, Wesley Sneijder (46. Klaas Jan Huntelaar), Ibrahim Afellay; Arjen Robben, Jermain Lens (68. Quincy Promes), Robin van Persie.

**Skot (á mark):** 5-9 (3-2) **Horn**: 2-6

**Varin skot:** Hannes Þór 2 - Cillessen 1

## ÚRSLIT

### A-RIÐILL

**KASAKSTAN - TÉKKLAND 2-4**
0-1 Borek Dockal (13.), 0-2 David Lafata (44.), 0-3 Ladislav Krecjci (56.), 1-3 Yuri Logvinenko (84.), 1-4 Tomas Necid (88.), 2-2 Yuri Logvinenko (90.).

**LETTLAND - TYRKLAND 1-1**
0-1 Bilal Kisa (47.), 1-1 Valerjis Sabala (54. víti).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 3 | 3 | 0 | 0 | 8-0 | 9 |
| Tékkland | 3 | 3 | 0 | 0 | 8-4 | 9 |
| Holland | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-5 | 3 |
| Lettland | 3 | 0 | 2 | 1 | 1-4 | 2 |
| Kasakstan | 3 | 0 | 1 | 2 | 3-7 | 1 |
| Tyrkland | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-6 | 1 |

### B-RIÐILL

**ANDORRA - ÍSRAEL 1-4**
**BOSNÍA - BELGÍA 1-1**
**WALES - KÝPUR 2-1**
**Staðan:** Wales 7, Ísrael 6, Belgía 4, Kýpur 3, Bosnía 2, Andorra 0.

### H-RIÐILL

**KRÓATÍA - ASERBAÍDSJAN 6-0**
**MALTA - ÍTALÍA 0-1**
**NOREGUR - BÚLGARÍA 2-1**
**Staðan:** Króatía 9, Ítalía 9, Noregur 6, Búlgaría 3, Aserbaídsjan 0, Malta 0.

# Bronsliðinu pakkað saman

**Ísland vann eitt sitt stærsta afrek frá upphafi er liðið vann stórbrotinn 2-0 sigur á ógnarsterku liði Hollands á Laugardalsvelli í gær. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörkin og íslenska vörnin var „nánast fullkomin“.**

**FÓTBOLTI** Það var kalt á Laugardalsvellinum í gærkvöldi en hverjum einasta stuðningsmanni íslenska landsliðsins hlýnaði um hjartarætur við að sjá íslenska landsliðið spila og vinna einn fræknasta sigur sinn frá upphafi.

Eitt og sér er það stórkostlegt afrek að vinna 2-0 sigur á stórliði Hollands, bronsliði HM í Brasilíu. En sigurinn sýndi að árangur Íslands í undankeppni EM 2016 er engin tilviljun. Liðið er með fullt hús stiga eftir fyrstu þrjá leikina og markatöluna 8-0. Það er nokkuð sem Íslendingar hafa aldrei fengið að kynnast áður og vitanlega besta byrjun okkar í undankeppni.

Ísland á frábæran hóp leikmanna sem áttu allir stórleik gegn Hollandi í gær. Þeir fögnuðu sigrinum vel og innilega í búningsklefanum eftir leik, sem eðlilegt er, en þjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson héldu sig til hlés á meðan. „Við erum ekki komnir til Frakklands enn,“ sagði Lagerbäck, yfirvegaður og afar rólegur, á blaðamannafundinum eftir leikinn í gær. Þegar hann var ráðinn landsliðsþjálfari þann 14. október árið 2011, fyrir þremur árum upp á dag, fögnuðu margir. En enginn sá fyrir að hann gæti náð viðlíka árangri og komið hefur á daginn.

Lagerbäck hrósaði liðinu öllu fyrir frammistöðuna og þá sérstaklega varnarleiknum. „Hann var nánast fullkominn. Auðvitað hefði ég viljað halda boltanum meira og betur en þegar maður spilar gegn liði eins og Hollandi er það skiljanlegt að varnarleikurinn verði í aðalhlutverki,“ sagði Lagerbäck.

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörk Íslands í gær og sýndi enn og aftur hvers hann er megnugur. Lagerbäck hrósaði honum mjög, ekki síst fyrir varnarhæfileika hans.

„Hann býr yfir einstökum hæfileikum sem sóknarmaður. En það sem er sérstakt við hann er að Gylfi er líka varnarmaður í heimsklassa. Hann er einn allra besti alhliða leikmaður sem ég hef séð og er jafnvígur í sókn og vörn,“ sagði þjálfarinn sem hrósaði einnig Jóni Daða Böðvarssyni og Emil Hallfreðssyni fyrir þeirra frammistöðu í gær. „En það má segja þetta um alla leikmenn okkar í dag. Þetta var fyrst og fremst frábær liðsframmistaða,“ sagði hann.

Ísland og Tékkland eru bæði með fullt hús stiga í A-riðli og mætast ytra þann 16. nóvember. Það verkefni verður vissulega erfitt en miðað við frammistöðuna í gær og leikjunum öllum eru þeir til alls líklegir. Ekkert kemur manni lengur á óvart. eirikur@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR MEÐ SINN MANN** Aron Einar Gunnarsson fagnar hér Gylfa Þór Sigurðssyni eftir að sá síðarnefndi kom Íslandi í 1-0 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Frammistaða Íslands gegn Hollandi

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON 8**
Þegar reyndi á Hannes þá komst hann afar vel frá sínu. Skynsamleg frammistaða, greip vel inn í fyrirgjafir og ekki amalegt að hafa haldið hreinu í fyrstu þremur leikjunum.

**THEODÓR ELMAR BJARNASON 8**
Góður þegar hann sótti fram og var oft öruggur á bolta og átti fínar sendingar. Varnarleikurinn leið aðeins fyrir það en Hollendingar nýttu sér það ekki.

**KÁRI ÁRNASON 8**
Frábær samvinna við Ragnar. Hafði afar góðar gætur á Van Persie og síðar Huntelaar. Örfá mistök í fyrri hálfleik en heilt yfir traustur.

**RAGNAR SIGURÐSSON 9 ML**
Nánast gallalaus leikur hjá Ragnari. Hann steig ekki feilspor í baráttu sinni við þessar stórstjörnur hollensku sóknarinnar.

**ARI FREYR SKÚLASON 8**
Fór af velli í hálfleik, væntanlega vegna meiðsla. Hélt sjó og gott betur gegn Robben en margir óttuðust fyrir leik að það yrði ójafn leikur.

**BIRKIR BJARNASON 8**
Hans besti landsleikur í langan tíma. Fékk vítið í upphafi leiks, átti hættulegar rispur á kantinum og var einkar drjúgur í varnarleiknum, ekki síst gegn Robben.

**ARON EINAR GUNNARSSON 9**
Það reyndi mikið á Aron Einar í þessum leik og hann hélt einbeitingunni ótrúlega vel. Akkerið í leik Íslands og hann á heilmikið í velgengni þess.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON 9**
Ef þú skorar tvö mörk á móti Hollandi í 2-0 sigri þá verðurðu á vörum allrar heimsbyggðarinnar. Það er bara svo einfalt. Frábær á alla kanta. Skoraði bæði mörkin, dreifði spili og vann marga bolta.

**EMIL HALLFREÐSSON 9**
Hélt sig á hægri kantinum eftir að hafa skipt við Birki um miðjan leik gegn Lettlandi. Var einn besti maður Íslands, átti frábæra spretti og þá sérstaklega í upphafi leiks. Eftirminnilegt þegar hann fór illa með bæði Robben og Lens.

**JÓN DAÐI BÖÐVARÐSSON 9**
Nánast í hvert skipti sem hann kom við boltann gerði hann sig líklegan til að búa eitthvað til. Ótrúlega drjúgur og óþreytandi. Komst nálægt því að skora eftir skyndisókn á 84. mínútu. Þar fékk hann tækifæri til að kóróna frábæran leik.

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON 8**
Átti þátt í seinna marki Gylfa er hann var í miðju klafsinu eftir hornspyrnuna. Duglegur, hjálpaði þegar hann gat en fékk litla þjónustu eins og búast mátti við.

### VARAMENN

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON 8**
Kom inn á fyrir Ara Frey á 46. mínútu. Gaf frábæra sendingu eftir glæsilegan sprett sem var Hollendingar redduðu með naumindum. Komst mjög vel frá sínu.

**RÚRIK GÍSLASON -**
Kom inn á fyrir Jón Daða á 89. mínútu.




SMÁKÖKUSAMKEPPNI
GESTGJAFANS OG KORNAX
SÚKKULAÐISMÁKAKA ÁRSINS 2014
Árleg smákökusamkeppni Gestgjafans og KORNAX fer fram 20. október nk. Skilyrði er að í smákökunum sé bæði KORNAX hveiti og súkkulaði frá Nóa Síríus. Einnig má hver smákaka ekki vera stærri en 5 cm í þvermál. Verðlaunauppskriftirnar munu birtast í kökublaði Gestgjafans sem kemur út 7. nóvember. Vinnings smákakan verður í boði á jólahlaðborði Argentínu.
Nánari upplýsingar á www.kornax.is
Vegleg verðlaun
1. verðlaun
Glæsileg KitchenAid-hrærivél frá Einari Farestveit, KORNAX-hveiti í baksturinn, ársáskrift að Gestgjafanum, gjafakarfa frá Nóa Síríus, máltíð á Argentínu að verðmæti 30.000, gjafakort frá Krónunni að verðmæti 30.000 kr.
2. verðlaun
KORNAX-hveiti í baksturinn, ársáskrift að Gestgjafanum, gjafakarfa frá Nóa Síríus, gjafakort frá Krónunni að verðmæti 20.000 kr.
3. verðlaun
KORNAX-hveiti í baksturinn, ársáskrift að Gestgjafanum, gjafakarfa frá Nóa Síríus, gjafakort frá Krónunni að verðmæti 10.000 kr.
KORNAX
NÓI SÍRÍUS
ARGENTÍNA
Einar Farestveit & Co.hf.
KRÓNAN

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 19.20**

### Meistaramánuður

Október er Meistaramánuður og allir geta tekið þátt. Við fylgjumst með þátttakendum sem setja sér markmið og sjáum hvernig þeim gengur að fylgja þeim eftir. Sérfræðingar gefa góð ráð varðandi markmiðasetningu, mataræði, hreyfingu og annað auk þess sem við fjöllum um matarsóun, hjólreiðar, lestur og margt fleira. Allir geta verið með í Meistaramánuði og sett sér markmið, stór eða smá. Þáttastjórnandi er fréttakonan Birta Björnsdóttir. Þættirnir verða í opinni dagskrá.



**2 Broke Girls**

**STÖÐ 2 KL. 19.40** Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.



**Modern Family**

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Sjötta þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll kunnumst við að einhverju leyti.



**The Big Bang Theory**

**STÖÐ 2 KL. 20.30** Áttunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.

**Bylgjan kl. 16.00**

### Reykjavík síðdegis

Málefni líðandi stundar á Íslandi. Þorgeir, Kristófer og Bragi í Reykjavík síðdegis fram að kvöldfréttum.







Í ELDBORG HÖRPU

— 20. desember kl. 21:00 —

Á tónleikunum flytja Pálmi, Ragnheiður og góðir gestir fjölmargar þekktar jólaperlur og koma tónleikagestum í sannkallað hátíðarskap. Nafn tónleikanna vísar í lagið góðkunna af plötu Pálma, Friðarjól, sem er í hugum margra órjúfanlegur þáttur í jólaundirbúningnum. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga ógleymanlega stund í Eldborg með þessum ástsælu flytjendum.

**Aðrir flytjendur:**

Blandaður kór.
12 manna strengjasveit ásamt hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar.
Sigurður Helgi, Ragnheiður og Ninna Rún, börn Pálma.

Miðasalan hefst fimmtudaginn 16. október kl. 12:00 á harpa.is, midi.is eða í síma 528 5050

DÆGURFLUGAN HARPA

Brandenburg


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Go On
**11.00** Flipping Out
**11.45** The Newsroom
**12.35** Nágrannar
**13.00** So You Think You Can Dance
**14.20** The Mentalist
**15.05** Hawthorne
**15.50** Sjáðu
**16.20** Scooby-Doo!
**16.45** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** The Simpsons
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Meistaramánuður
**19.40** 2 Broke Girls
**20.05** Modern Family
**20.30** The Big Bang Theory
**20.50** Gotham
**21.35** Stalker
**22.20** The Strain
**23.30** Daily Show. Global Edition
**23.55** A to Z
**00.15** Grey's Anatomy
**01.00** Forever
**01.45** Covert Affairs
**02.30** Six Bullets
**04.20** The Extraordinary Adventures
**06.05** 2 Broke Girls

## SPORT *besta sætið*

**07.25** Ísland - Holland
**09.05** Leiðin til Frakklands
**10.05** Bosnía - Belgía
**11.45** Kasakstan - Tékkland
**13.25** Lettland - Tyrkland
**15.05** Leiðin til Frakklands
**16.05** Ísland U21 - Danmörk U21
**18.05** Þýsku mörkin
**18.35** Þýskaland - Írland
**20.40** Ísland U21 - Danmörk U21
**22.20** Danmörk - Portúgal
**00.00** Þýskaland - Írland

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Wales - Kýpur
**11.45** West Ham - QPR
**13.25** Liverpool - WBA
**15.10** Tottenham - Southampton
**16.50** Norður-Írland - Færeyjar
**18.35** Pólland - Skotland Bein útsending frá leik Póllands og Skotlands í undankeppni EM 2016.
**20.40** Wales - Kýpur
**22.20** Football League Show 2014/15
**22.50** Pólland - Skotland

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**17.15** Who Do You Think You Are?
**18.15** Jamie's 30 Minute Meals
**18.40** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** How to Live With Your Parents for the Rest of Your Life
**20.10** One Born Every Minute US
**20.55** Drop Dead Diva
**21.40** Witches of East End
**22.25** Terminator. The Sarah Connor Chronicles
**23.10** Gang Related
**23.50** Damages
**00.45** Wipeout.
**01.30** How to Live With Your Parents for the Rest of Your Life
**01.55** One Born Every Minute US
**02.40** Drop Dead Diva
**03.25** Witches of East End
**04.10** Terminator. The Sarah Connor Chronicles

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Skógardýrið Húgó **09.44** Skoppa og Skrítla **09.56** Tommi og Jenni **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Skógardýrið Húgó **13.44** Skoppa og Skrítla **13.56** Tommi og Jenni **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíl **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Skógardýrið Húgó **17.44** Skoppa og Skrítla **17.56** Tommi og Jenni **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Arthúr 2 **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.20** Strákarnir
**17.45** Frasier
**18.10** Friends
**18.35** Little Britain
**19.05** Modern Family
**19.30** Two and a Half Men
**19.55** Geggjaðar græjur
**20.10** Veggfóður
**21.00** The Mentalist
**21.45** Zero Hour
**22.25** Red Widow
**23.10** Geggjaðar græjur
**23.25** Veggfóður
**00.15** The Mentalist
**00.55** Zero Hour
**01.35** Red Widow

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40** Charlie and the Chocolate Factory
**13.35** Story of Us
**15.10** Clear History
**16.50** Charlie and the Chocolate Factory
**18.45** Story of Us
**20.20** Clear History
**22.00** Rock of Ages
**00.05** Piranha 3D
**01.35** Son of No One
**03.10** Rock of Ages

## RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.18** Snillingarnir
**17.40** Violetta
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** Melissa og Joey
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Djöflaeyjan Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Guðður, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**20.30** Alheimurinn
**21.15** Hefnd
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Morðæði
**23.10** Lewis
**00.40** Kastljós
**01.05** Fréttir
**01.15** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.40** Pepsi MAX tónlist
**15.20** Happy Endings
**15.40** Franklin & Bash
**16.20** Reckless
**17.05** Kitchen Nightmares
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Trophy Wife
**20.10** The Royal Family Sænskir grínþættir um vinalega konungsfjölskyldu sem glímir við sambærileg vandamál og við hin … bara á aðeins ýktari hátt. Þættirnir fjalla um hinn elskulega en einfalda Svíakonung Eric IV og fjölskyldu hans sem reyna eftir fremsta megni að sinna konunglegum skyldum sínum í takt við væntingar samfélagsins en þeim bregst æði oft bogalistin.
**20.35** Welcome to Sweden
**21.00** Parenthood
**21.45** Ray Donovan
**22.35** The Tonight Show
**23.15** Flashpoint
**00.00** Scandal
**00.45** Ray Donovan
**01.35** The Tonight Show
**02.15** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.25** PGA Tour 2014
**11.25** Golfing World 2014
**12.15** Golfing World 2014
**13.05** PGA Tour 2014
**17.35** PGA Tour Latinoamerica
**18.00** Golfing World 2014
**18.50** PGA Tour 2014
**21.50** PGA Tour 2014 - Highlights
**22.45** Golfing World 2014
**23.35** Inside the PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# YFIR 25 UPPSELDAR SÝNINGAR!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 25/9 kl. 20:00 UPPSELT | Mið 22/10 kl. 20:00 UPPSELT | Fös 31/10 kl. 20:00 UPPSELT | Fös 14/11 kl. 20:00 UPPSELT |
| Fös 26/9 kl. 20:00 UPPSELT | Fim 23/10. kl. 20:00 UPPSELT | Lau 1/11 kl. 20:00 UPPSELT | Lau 15/11 kl. 20:00 UPPSELT |
| Sun 28/9 kl. 20:00 UPPSELT | Fim 23/10 kl. 20:00 UPPSELT | Sun 2/11 kl. 20:00 UPPSELT | sun 16/11 kl. 20:30 Aukasýn. |
| Þri 30/9 kl. 20:00 UPPSELT | Fös 24/10 kl. 20:00 UPPSELT | Mið 5/11 kl. 20:00 UPPSELT | Fim 20/11 kl. 20:00 Aukasýn. |
| Mið 1/10 kl. 20:00 UPPSELT | Lau 25/10 kl. 20:00 UPPSELT | Fim 6/11 kl. 20:00 UPPSELT | Fös 21/11 kl. 20:00 Örfá sæti |
| Fös 3/10 kl. 20:00 UPPSELT | Sun 26/10 kl. 20:00 UPPSELT | Fös 7/11 kl. 20:00 UPPSELT | Lau 22/11 kl. 20:00 Örfá sæti |
| Sun 5/10 kl. 20:00 UPPSELT | Mið 29/10 kl. 20:00 UPPSELT | Lau 8/11 kl. 20:00 UPPSELT | Sun 23/11 kl. 20:30 Aukasýn. |
| Mið 8/10 kl. 20:00 UPPSELT | Fim 30/10 kl. 20:00 UPPSELT | Fim 13/11 kl. 20:00 UPPSELT | Lau 29/11 kl. 20:00 Örfá sæti |

MIÐASALA – 568 8000 – BORGARLEIKHUS.IS

Borgarleikhúsið

## BESTI DRYKKURINN



**„Virkilega gott rauðvín hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Núna er ég sérstaklega hrifinn af malbec-þrúgunni, sem er mikið í argentískum vínum.“**

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður.

# Gerðu veggspjöld fyrir þýska hönnunarbúð

Studio Festisvall er komið í samstarf við þýsku hönnunarvefverslunina Børk Creative Studio.

„Þetta er meiriháttar,“ segir Árni Már Erlingsson, meðlimur hópsins Studio Festisvall.

Árni Már, Þorleifur Gunnar Gíslason og Geir Ólafsson voru á dögunum fengnir til að hanna veggspjöld fyrir þýsku hönnunarvefverslunina MONOQI. Hún hefur frá árinu 2012 laðað að sér um 600 þúsund notendur. Verslunin sér um að handvelja áhugaverða og vandaða hönnun og selja í takmörkuðu upplagi í takmarkaðan tíma, eða í sjö daga í senn.

„Þetta kom þannig til að við vorum með myndlistarsýningu í Berlín í júní. Þá komu tveir aðilar frá vefsíðunni á sýninguna og buðu okkur að skoða samstarf í framhaldinu,“ segir Árni Már.



**ÁRNI MÁR ERLINGSSON**

Veggspjöldin voru framleidd á nýstandsettu prentverkstæði Studio Festisvall í Berlín, sem Árni Már rekur ásamt Dóru Hrund Gísladóttur. Þar hafa þau komið upp höfuðstöðvum með aðstöðu til silkiprents þar sem þau prenta fyrir ýmsa viðskiptavini samhliða eigin listsköpun og vinnu fyrir sýningar og samstarf undir nafni Festisvall. Studio Festisvall byrjaði sem mynd- og tónlistarviðburður í samstarfi við menningarnótt en hefur þróast í fleiri sýningar og í tengslanet á milli ungra listamanna frá Íslandi og Þýskalandi.

Áhugasamir aðilar um veggspjöldin geta nælt sér í númerað eintak á Monoqi.com til 20. október. **- fb**



**VEGGSPJALD** Veggspjaldið sem Geir Ólafsson hannaði er eitt af þremur sem þeir félagar bjuggu til fyrir MONOQI.





*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað DORMA.




DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100


# Myndband á jökli bjargaði hjónabandi

Kitty-Von Sometime hefur lokið við sitt persónulegasta verk til þessa. Eiginkona hennar Yes Alexander byrjaði aftur með henni eftir að hún sá myndbandið.

„Við skutum þar til ég gat ekki haldið áfram vegna kulda, sársauka og ógleði. Undir lokin var ég full vonar,“ segir listakonan Kitty-Von Sometime, sem skaut afar persónulegt myndband á Langjökli í seinasta mánuði.

Myndbandið OPUS/YOU AGAIN var samstarf með hljómsveitinni Árstíðum sem gerði tónlistina. Það er lofgjörð til eiginkonu Kitty, bandarísku söngkonunnar Yes Alexander, sem hafði farið frá henni nokkrum mánuðum áður. Þær tóku saman aftur eftir að Alexander hafði séð myndbandið.

„Myndin var leið til að tjá eiginkonu minni ákveðna hluti um sjálfa mig. Við höfðum gengið í gegnum gríðarlega erfiðar breytingar í sambandinu sem við náðum ekki að ráða við,“ segir Kitty. „Ég komst að því að með listinni minni get ég látið meira í ljós heldur en í gegnum önnur samskipti.“

Myndbandið er ansi sláandi en þar má sjá Kitty gangandi á Langjökli íklædda kjól, sem var meðal annars gerður úr einnar krónu peningum. Einnig er hún með hálsband sem er eins og kyrkjandi hendur. Í myndbandinu finnur hún ísskúlptúr af svani sem hún brýtur í lokin og endurheimtir „hjartað sitt endurfætt“ sem var fast inni í skúlptúrnum.

„Ég bar með mér margra mánaða missi upp á jökul og umkringd þögn tökuliðsins leyfði ég sársaukanum að yfirtaka mig,“ segir listakonan og bætir við að þetta sé áhrifamesta verk sem hún hefur látið frá sér.

Kitty segir það hafa verið mikið þrekvirki að taka upp á Langjökli. „Undirbúningur fyrir tökurnar tók miklu lengri tíma en vanalega þar sem bókstaflega hvert skref þurfti að vera reiknað út vegna bráðnunarstigs jökulsins,“ segir hún. „Veðrið var óvenjulega viðráðanlegt og það varð ekki alltof kalt þangað til að sólin hvarf um eftirmiðdaginn. Þá lét sársaukinn til sín taka þar sem hitinn lækkaði svo snarlega.“

Hún er nú stödd í Los Angeles þar sem hún hefur fundað stíft bæði um nýja þætti fyrir listahópinn The Weird Girls og vegna heimildarmyndarinnar I Want to Be Weird eftir Brynju Dögg Friðriksdóttur sem fjallar um Kitty og störf hennar með hópnum seinustu fjögur árin. Myndin kemur út snemma á næsta ári. Þá verður samansafn af verkum Kitty sýnt í Bretlandi í næsta mánuði á kvikmyndahátíð tileinkaðri Skandinavíu. **thorduringi@frettabladid.is**



**TIGNARLEG** Búningurinn er eftir Fiona Cribben en hálsfestin eftir Benas Staskauskas.

MYND/JEANEEN LUND

> **Myndin var leið til að tjá eiginkonu minni ákveðna hluti um sjálfan mig. Við höfðum gengið í gegnum gríðarlega erfiðar breytingar í sambandinu sem við náðum ekki að ráða við.**
>
> *Kitty-Von Sometime.*

# Grófari og skrítnari en áður

Þáttaröðin Hugleikur 2 verður á dagskrá Ríkissjónvarpsins á næsta ári.

„Við ætlum að vera grófari og kannski skrítnari líka,“ segir Hugleikur Dagsson myndasagnahöfundur.

Ákveðið hefur verið þáttaröðin Hugleikur 2 verði á dagskrá Ríkissjónvarpsins á næsta ári, líklega um haustið. Hugleikur, bróðir hans Þormóður, Lóa Hjálmtýsdóttir og Árni Vilhjálmsson, sem skrifuðu handritið að fyrri þáttaröðinni, eru þegar búin að skrifa framhaldið. Hugleikur er samt þessa dagana að setja inn viðbætur. „Ég mun fikta í handritinu fram að upptökum. Þegar það er grín þarf að tékka reglulega á því hvort það er enn þá fyndið. Grín rotnar svo fljótt, svolítið eins og „horror“. „Það sem er fyndið eða „skerí“ einu sinni er það kannski ekki í dag,“ segir hann.

Að sögn Hugleiks var fyrsta þáttaröðin skrifuð þannig að ekki átti að þóknast neinum sérstökum. „Það var ekki miðað við neitt sem okkur var sagt að væri fyndið. Við ætlum að fara með sama hugarfari inn í seríu tvö. Við greinilega fórum ekki nógu langt síðast til að vera bönnuð eða eitthvað, þannig að við ætlum að reyna að ganga lengra núna en hafa samt þennan mannlega þátt með.“

Þættirnir verða átta og RVK Studios framleiðir. Á meðal efnis er fegurðarsamkeppni, fótbolti, trúarbrögð og Eurovision. **- fb**



**FIKTARI** Hugleikur Dagsson er þegar byrjaður að „fikta“ í handritinu fyrir nýju þáttaröðina.


Þriðjudags
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflléttan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
ÍTALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó
WWW.DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### HÁLENDIÐ HRÍFUR

Mikill áhugi var á skáldsögunni Hálendinu eftir **Steinar Braga** á bókamessu í Frankfurt sem lauk nú um helgina. Bókin, sem kom út fyrir tveimur árum, var seld til alls níu landa. Aðrir höfundar sem vöktu áhuga erlendra útgefanda voru meðal annars Eiríkur Örn Norðdal, en bók hans Illska mun koma út í Danmörku síðar í þessum mánuði, og Andri Snær Magnason fékk tilboð í Tímakistuna frá Bandaríkjunum. Áhugi á Arnaldi Indriðasyni var mikill eins og vanalega og hefur hann nú selt óútkomna bók sína til nokkurra landa, þar á meðal til Bandaríkjanna og Bretlands. **- ebg**



### AFPÖKKUÐU SÖNG MÓÐURINNAR

Þær geta verið dramatískar stundirnar í lífi sérhverrar manneskju, sérstaklega þegar börn eru á heimilinu. **Katrín Jakobsdóttir,** formaður VG, veit þetta enda móðir þriggja barna. Hún greinir frá því á fésbókarsíðu sinni í gær að þröstur nokkur var borinn særður inn á heimilið hennar í fyrradag og um hann búið í skókassa með laufblöðum, vatni og fræjum. Greyið hafði hins vegar ekki daginn af og því stóðu Katrín og drengirnir fyrir útför síðdegis í gær. Venju samkvæmt var búið um fuglinn og hann jarðaður, en það fylgdi sögunni að drengirnir hefðu afpakkað söng móður sinnar við athöfnina. **- jhh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Ríkið segir 250 krónur duga fyrir máltíðinni
2. Meint pílukast Sigmundar Davíðs vekur hneykslan og reiði
3. Ekki nota Dropbox, Facebook eða Google
4. Guðjón Þórðarson bíður enn eftir milljónum frá Grindavík
5. Dóttirin kynnti Reese fyrir Malölu


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Frábært verð á stillanlegum rúmum

Gerðu gæða- og verðsamanburð



REVERIE rúmin eru einnig fáanleg með BODY PRINT heilsudýnum Kynntu þér málið!

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning.
Einnig úrval af heilsukoddum

REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

WOMEN CERTIFIED

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

Kíktu á www.reverie.com

Frábær hönnun
- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

Valhöll er komin aftur!
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun. Góð nýting á svefnflötum.

Ný sending af hvíldarsófum og hvíldarstólum
með og án rafmagnsstillinga
Hvíldarstóll verð frá kr. 89.900.-
Hvíldarsófi verð frá kr. 189.900.-

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu
Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 74.900 kr. |
| 120x200 | 79.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. |
| 160x200 | 104.900 kr. |
| 180x200 | 114.900 kr. |

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

KORTER.IS

HJÁLPAÐU OKKUR AÐ NA MARKMIÐINU